birta

**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR**

*Á hvíta tjaldinu*

• tíðarandi • matur • tíska

**BIRTA FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**FRIÐRIKA GEIRSDÓTTIR**

*Fæddist með matarást*

Matur Tilboð

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**SIRKUS**

**HILDUR VALA**

*Álpaðist í Idolið*

• magni situr heima • nicole með nýjan gæja

**SIRKUS FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. október 2006 — 274. tölublað — 6. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Grasrótarhátíðin Sequences



Ásdís Sif Gunnarsdóttir er meðal þátttakenda á myndlistarhátíð sem hefst í dag.

**MENNING 38**

### Blaut tuska í andlitið



Magnús Kjartansson er felmtri sleginn yfir því að tónlist skuli mæta afgangi í skattalækkunum.

**FÓLK 54**

### Upplýsingamengun

„En heilu skógarnir hafa verið höggnir niður til að gera pappír í bækur og blöð umhverfisöfgamanna," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

**Í DAG 22**

### Arnar og Bjarki til FH?



Tvíburarnir Arnar og Bjarki taka ákvörðun eftir helgi um hvort þeir haldi áfram í fótbolta. Spili þeir áfram verður það með FH, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

**ÍÞRÓTTIR 49**

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝTT Í VEÐRI** Í dag verða austan 5-10 m/s. Skúrir á landinu sunnan- og vestanverðu í fyrstu en síðan úrkomulitið. Rigning á ný sunnan til seint í kvöld. Hiti 7-13 stig, svalast á Vestfjörðum.

**VEÐUR 4**








**KANINN ER KOMINN AFTUR** Bandaríska herskipið USS Wasp lagði að Skarfabakka við Sundahöfn í gær. Hér sést skipherrann Michael D. Hawley fylgjast með marseringu liðsmanna sinna. Skipið verður við Íslandsstrendur í fjóra daga og tekur þátt í æfingum með Landhelgisgæslu og sérsveit Ríkislögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bankar skila ríkissjóði 20 milljörðum í tekjur

**Ríkissjóður fær sjö milljarða króna í tekjur í gegnum skattgreiðslur Kaupþings. Sé tekjuskattur starfsfólks meðtalinn nema greiðslur í ríkissjóð níu milljörðum.**

**VIÐSKIPTI** Kaupþing greiðir allra fyrirtækja mest í skatt á þessu ári og meira en hlutafélög hafa áður gert í fyrirtækjasögu landsins. Skattgreiðslur viðskiptabankanna þriggja af rekstrinum nema tæpum þrettán milljörðum króna í ár, miðað við fjóra milljarða sem þeir greiddu í fyrra.

Skattgreiðslur Kaupþings og dótturfélaga bankans hér nema 6,6 milljörðum, fjórum sinnum meira en í fyrra þegar skatturinn nam 1,6 milljörðum króna. Með tryggingargjaldi eru greiðslurnar í ár um sjö milljarðar.

Tekjuskattur starfsmanna hér á landi nam rúmum tveimur milljörðum króna. Samanlagðar skattgreiðslur Kaupþings og starfsmanna fara því yfir níu milljarða.

Samanlagðar skattgreiðslur bankanna og starfsmanna þeirra hér nema alls tæpum tuttugu milljörðum króna samkvæmt upplýsingum frá bönkunum.

Til samanburðar kostar lækkun matarverðs að mati ríkisstjórnarinnar sjö milljarða. Kostnaður vegna háskólamenntunar var 13,7 milljarðar árið 2005, þar af 5,3 milljarðar vegna Háskóla Íslands.

Á eftir Kaupþingi kemur Landsbankinn með rúmlega 5,6 milljarða, þar af 3,2 í tekjuskatt. Heildargreiðslur vegna Glitnis eru tæpir fimm milljarðar króna. Þar af nema gjaldfærðir tekjuskattar móðurfélagsins tæpum 2,9 milljörðum.

Hagnaður banka eykst í ár þannig að það stefnir að metið verði slegið. **- óká**

Bág staða Landspítala:

# Halli á rekstri 1.200 milljónir

**HEILBRIGÐISMÁL** 1.200 milljóna rekstrarhalli verður á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í ár samkvæmt rekstrarspá fyrir spítalann. Hún var lögð fram og rædd á fundi stjórnarnefndar spítalans í gær. Hún hefur jafnframt verið kynnt heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra.

Birna Svavarsdóttir, formaður stjórnarnefndar, og Magnús Pétursson forstjóri segja skýringar hallans margvíslegar og stjórnin ráði ekki við margar þeirra, svo sem gengisbreytingar krónunnar og tilteknar launabreytingar.

**jss/** **sjá síðu 4**



**TF-SIF** Leiguþyrlur Gæslunnar verða nefndar á næstu dögum. Þær fá kvenmannsnöfn úr goðafræðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leiguþyrlur Gæslunnar:

# TF-GRÓ eða GNÁ eða EIR

**LANDHELGISGÆSLAN** Leiguþyrlur Landhelgisgæslunnar verða nefndar á næstu dögum og koma nöfnin TF-GNÁ, TF-GRÓ og TF-EIR helst til greina. Ástæðan fyrir þessum nafngiftum er byggð á þeirri hefð að gefa þyrlunum kvenmannsnöfn úr norrænni goðafræði. Eldri þyrlur Gæslunnar hafa borið þessi nöfn áður.

Jóhann Baldursson, lögfræðingur og upplýsingafulltrúi hjá Landhelgisgæslunni, segir mikilvægt að þyrlurnar beri íslensk nöfn og viðeigandi að halda í hefðir við slíkar nafngiftir. Hann telur að það sé persónulegra að nefna þyrlurnar og því fylgi hagræði við störf og í umfjöllun um þyrlurnar í fjölmiðlum. **- shá**




## SPURNING DAGSINS



*Kitlar konan þín oftar pinnann eftir að þú fékkst Gráa fiðringinn?*

„Hún botnar hann eins og venjulega.“

Fréttamaðurinn Óli Tynes keypti á dögunum kraftmikinn sportbíl sem konan hans kallar Gráa fiðringinn.

Ásgeir Karlsson yfirlögregluþjónn um aukinn sérútbúnað lögreglu:

# Harka og mikið um vopnaburð

**LÖGREGLUMÁL** „Lögreglumenn vita aldrei hverju þeir geta átt von á,“ segir Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, spurður álits á tillögum um aukinn varnar- og vopnabúnað lögreglu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru nú komnar á borð dómsmálaráðherra tillögur starfshóps ríkislögreglustjóra um að lögreglulið í landinu fái aukinn sérútbúnað, þar á meðal skammbyssur, skotheld vesti og skothelda hjálma.

Ásgeir segir vitað mál að töluverð harka sé í fíkniefnaheiminum og mikið um vopnaburð. „Þetta er vitað vegna þess að þegar þarf að hafa afskipti af þessu fólki, þá reyndist það oft vera með alls konar vopn, hnífa, barefli, skammbyssur, afsagaðar haglabyssur, boga og raunar allt mögulegt. Það kemur æði oft fyrir að menn sem við höfum afskipti af eru með skotvopn. Þetta er sú staðreynd sem blasir við.“

> Það kemur æði oft fyrir að menn sem við höfum afskipti af eru með skotvopn.



**ÁSGEIR KARLSSON** YFIRMAÐUR FÍKNIEFNADEILDAR LÖGREGLUNNAR Í REYKJAVÍK

Ásgeir segir að þessi vopn séu sjaldnast skráð og því ólögleg. Þess vegna sé ekki hægt að kortleggja hver hafi yfir hvaða vopnum að ráða. Hann telur löngu tímabært að hugað verði að öryggismálum lögreglumanna. Hann kveðst sjá fyrir sér að menn eigi kost á skotvestum og öðrum þeim búnaði sem nauðsynlegur sé talinn. - jss

Þrír fíkniefnaneytendur:

## Yngsti þjófurinn 15 ára

**LÖGREGLUFRÉTT** Þrjú innbrot voru framin á Suðurnesjum í fyrrinótt. Eitt var í fiskvinnslufyrirtæki í Garði, annað í fyrirtæki í Vogum og það þriðja í golfskála við Vatnsleysuströnd og voru tölvur og tæki það sem haft var á brott.

Sama fólk var að verki í öll skiptin. Það er fimmtán ára drengur, átján ára stúlka og tuttugu og níu ára karlmaður. Lögreglan segir fólkið vera fíkniefnaneytendur búsetta á Suðurnesjum. Líklegt sé að það hafi ætlað að fjármagna skuldir með þýfinu. Játningar liggja fyrir en lögreglan fann fótspor á vettvangi sem pössuðu við skósóla eins þremenninganna. - kdk



**ARMENAR FAGNA Í PARÍS** Hundruð þúsunda Armena búa í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Franska þingið:

## Lög um þjóðarmorð samþykkt

**PARÍS** Franska þingið samþykkti í gær lög sem gera það refsivert í Frakklandi að neita því að fjöldamorð á Armenum í Tyrklandi á árum heimsstyrjaldarinnar fyrri geti talist þjóðarmorð.

Lögin hafa farið fyrir brjóstið á Tyrkjum, sem viðurkenna að fjöldi Armena hafi verið drepinn en neita að líta á það sem þjóðarmorð. Utanríkisráðuneyti Tyrklands sagði í gær að ákvörðun franska þingsins væri alvarlegt áfall fyrir samskipti ríkjanna og mikil vonbrigði. - gb

Kassi.is styrkir Ómar:

## Efnt til uppboðs á netinu

**STYRKUR** Kassi.is hefur ákveðið að halda styrktaruppboð til stuðnings Ómari Ragnarssyni en hann hefur ráðstafað um 20 milljónum í að skrásetja framvindu mála á Kárahnjúkasvæðinu. Jóhanns G. Jóhannsson, tónlistar- og myndlistarmaður, hafði frumkvæði að vali Ómars. Jóhann hefur ákveðið að gefa olíumálverk sem metið er á 350 þúsund krónur og boðið verður upp á kassi.is til stuðnings málefninu. - hs

# Jón Baldvin sagði Össuri frá hlerunum

**Össur Skarphéðinsson segir Jón Baldvin hafa sagt sér frá grunsemdum um hleranir í utanríkisráðuneytinu fyrir meira en tíu árum. Þorsteinn Pálsson undrast það að Jón Baldvin hafi ekki greint frá grunsemdunum.**

**HLERANIR** Össur Skarphéðinsson, umhverfisráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar frá 1993 til 1995, segir Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra í sömu ríkisstjórn, hafa sagt sér fyrir meira en tíu árum að sími sinn í utanríkisráðuneytinu hafi verið hleraður.

„Svo mikið var mitt pólitíska sakleysi á þessum árum að ég hafði ekki hugmyndaflug til þess að ætla það að símar ráðherra hefðu verið hleraðir. Skömmu eftir 1995, að mig minnir, sagði Jón Baldvin mér að hann hefði komist að því að sími hans hefði verið hleraður í ráðuneytinu,“ segir Össur.

Jón Baldvin skýrði frá því í gær að í fyrrakvöld hefði fyrrverandi yfirmaður í tæknideild Landssímans hringt í sig og skýrt frá því að hann hefði á þessum tíma orðið vitni að því að ókunnugur maður væri að hlera símtal í tengigrindarsal í einni af símstöðvum Landssímans. Hann hafi komist að því að þar hafi verið að hlera Jón Baldvin.

Í samtali við Fréttablaðið vildi Jón Baldvin ekki skýra frá því hver þessi yfirmaður væri en sagðist sannfærður um að hann myndi koma fram undir nafni fyrr en síðar. „Hann verður sjálfur að fá að ákveða hvenær hann gerir það,“ segir Jón Baldvin.

Össur segir að eftir daga sína á Þjóðviljanum hafi hann ávallt talið að fram færu símhleranir á róttækum vinstrimönnum á Íslandi og þeir hafi í símtölum sín á milli nánast gert ráð fyrir því.







**FÉKK HLERUN STAÐFESTA** Fyrrverandi yfirmaður í tæknideild Landssímans staðfesti það við Jón Baldvin Hannibalsson fyrrverandi utanríkissráðherra að sími hans hefði verið hleraður. Össur Skarphéðinsson segir Jón hafa sagt sér frá hlerununum 1995. Þorsteinn Pálsson þáverandi dómsmálaráðherra segir umræðu um hleranir koma á óvart.

Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðherra frá 1991 til 1999 og núverandi ritstjóri Fréttablaðsins, segir yfirlýsingar Jóns Baldvins um símhleranir í utanríkisráðuneytinu koma sér á óvart, en lögum samkvæmt er ekki hægt að heimila símhleranir nema með dómsúrskurði. „Það var fylgst með símum í ráðuneytunum þannig að hleranir áttu ekki að geta átt sér stað. En hafi Jón Baldvin haft grunsemdir um það að sími hans hafi verið hleraður þá bar honum að aðhafast með einhverjum hætti. Eðlilegast hefði verið að gera dómsmálaráðherranum, það er mér á þessum tíma, grein fyrir því. Það er alvarlegt að hafa uppi grunsemdir af þessu tagi og aðhafast ekkert af því tilefni.“ magnush@frettabladid.is

Harmleikurinn í Nickel Mines:

## Skólahúsið rifið

**PENNSYLVANÍA, AP Skólahúsið í Nickel Mines í Pennsylvaníuríki í Bandaríkjunum, þar sem fimm ungar stúlkur úr Amish-samfélaginu voru skotnar til bana og fimm til viðbótar alvarlega særðar af þriggja barna föður sem bjó þar í nágrenninu, var rifið í gær, tíu dögum eftir harmleikinn.**

**Stórvirkum vinnuvélum var beitt við verkið. Amish-fólk, sem þekkt er fyrir að reisa hús án aðstoðar nútíma tækja, horfði þögult á er skólahúsið litla var fjarlægt eldsnemma morguns.**

**„Mér virðist þetta vera þeirra leið til að komast yfir það sem gerðist,“ sagði talsmaður Bart Fire Company, verktakans sem sá um niðurrifið. - aa**



**MEÐMÆLENDUR Í HAM** Fjölmörg skilti voru á lofti með slagorðum um vægi menntunar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Aðgerðir á Austurvelli:

## Stúdentar í meðmælum

**MENNTAMÁL** Nokkur hundruð manns tóku þátt í meðmælum sem Stúdentaráð Íslands stóð fyrir í gær á Austurvelli. Stúdentar, kennarar og aðrir söfnuðust saman við Háskóla Íslands og gengu svo fylktu liði í meðmælagöngu niður á Austurvöll þar sem ræðuhöld tóku við. „Við viljum koma menntamálum meira inn í umræðuna,“ segir Sigurður Arnar Hilmarsson, formaður stúdentaráðs.

Á mánudag hófst undirskriftasöfnun á slóðinni www.student.is/undirskriftir í tengslum við meðmælin. „Við skorum á alla námsmenn, kennara og aðra landsmenn að skrifa undir yfirlýsingu um vilja til að gera veg þekkingar sem mestan í landinu.“ - sdg




Ásgeir Blöndal Ásgeirsson segist ekki hafa veist að stöðumælaverði að fyrra bragði:

# Vörðurinn gaf mér á kjaftinn

**LÖGREGLUMÁL** Ágeir Blöndal Ásgeirsson, sem hefur verið kærður fyrir árás á stöðumælavörð, segir vörðinn hafa ráðist á sig að fyrra bragði. Ásgeir segist hafa verið að sækja stúlku á Laugaveginum og lagt uppi á kanti á meðan hann hafi beðið eftir að hún kæmi út.

Stuttu síðar hafi stöðumælavörður komið að honum og tilkynnt að hann mætti ekki leggja þarna. „Ég sagðist ekkert vera að leggja heldur yrði ég farinn eftir nokkrar sekúndur. Þá byrjaði hann að skrifa sektina. Ég stökk þá út úr bílnum og kippti sektinni af honum. Þá fæ ég bara einn á kjaftinn.“ Ásgeir segist hafa reiðst mikið við þetta og ráðist á stöðumælavörðinn.

Hann hlaut sjálfur áverka í slagsmálunum og hyggst á næstu dögum kæra stöðumælavörðinn fyrir líkamsárás. Ólafur Heiðarsson, vaktstjóri á Reykjavík Pizza Company, varð vitni að slagsmálunum og staðfestir framburð Ásgeirs. Hann segir að tveir aðrir starfsmenn staðarins hafi einnig séð atburðarásina og segi sömu sögu. Vegna afskipta stöðumælavarðarins hafi bíllinn líka verið uppi á kantinum í rúmar tuttugu mínútur í stað nokkurra sekúndna ef hann hefði sýnt smávægilega biðlund og sveigjanleika.

Stéfán Haraldsson, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, vildi ekki tjá sig efnislega um ásakanir Ásgeirs og sagði Bílastæðasjóð og stöðumælavörðinn sjálfan ekki ætla að reka málið í fjölmiðlum. - þsj



**ÁSGEIR BLÖNDAL ÁSGEIRSSON** Segir stöðumælavörð hafa slegið sig í andlitið. Vitni staðfesta frásögn hans.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34483 10/2006

## Ökumenn athugið – Nýr Avensis

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst nýjum **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa glænýtt útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu nýjum **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.590.000. kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**GENGIÐ 12.10.2006**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,67 | 68,99 |
| Sterlingspund | 127,41 | 128,03 |
| Evra | 86,05 | 86,53 |
| Dönsk króna | 11,540 | 11,608 |
| Norsk króna | 10,168 | 10,228 |
| Sænsk króna | 9,310 | 9,364 |
| Japanskt jen | 0,5742 | 0,5776 |
| SDR | 100,71 | 101,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,0911

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óvíst að refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu nái fram að ganga í Öryggisráðinu:

# Kínverjar vilja samningaleið

**SUÐUR-KÓREA, AP** Kínverjar eru tregir til að fallast á refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu, eins og Bandaríkjamenn vilja að samþykkt verði í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Í gær sögðust Kínverjar vilja láta nægja að gera Norður-Kóreumönnum ljóst að þeir hefðu gert mistök með því að sprengja kjarnorkusprengju í tilraunaskyni.

„Refsing ætti ekki að vera markmiðið með aðgerðum Sameinuðu þjóðanna,“ sagði Liu Jianchao, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins, í gær.

„Jafnvel þótt Kínverjar segist vera á móti munu þeir reyna að leysa málið með viðræðum,“ sagði Hwang Jang-yop, rúmlega áttræður maður frá Norður-Kóreu, sem áður var háttsettur í heimalandi sínu en flúði árið 1997 til Suður-Kóreu.

Hann segist sannfærður um að Norður-Kóreumenn hafi gert „þegjandi samkomulag“ við Kínverja áður en þeir sprengdu tilraunasprengjuna.



**MÓTMÆLI Í SUÐUR-KÓREU** Nágrannarnir í suðri hafa tekið afar illa í kjarnorkubrölt Norður-Kóreumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einnig segist hann viss um að Norður-Kóreumenn muni ekki beita kjarnorkusprengjum í bráð, jafnvel þótt þeir haldi því fram að þeir hafi sprengt eina slíka í tilraunaskyni. Það hafi þeir einungis gert í hótunarskyni. - gb

Mildi að ekki fór verr:

# Klemmdist milli veggjar og bíls

**LÖGREGLUFRÉTT Tvítugur próflaus karlmaður ók á karlmann á fertugsaldri fyrir utan Bílaleigu Akureyrar. Maðurinn sem keyrt var á klemmdist milli húsveggjar og bílsins og segir lögreglan mildi að hann hafi lent á glugga sem brotnaði við höggið. Ef hann hefði lent á vegg hefði höggið verið mun meira. Maðurinn slasaðist á fæti og var fluttur á sjúkrahús.**

**Ökumaður bílsins hefur aldrei fengið ökuréttindi. Hann var að skila bílaleigubíl fyrir félaga sinn. Það tókst ekki betur en svo að þegar á áfangastað var komið fipaðist hann og steig á bensíngjöfina í stað þess að hemla.** - kdk

Samdráttur í heildarafla:

# Loðnuafli minni í ár

**AFLI Aflinn í nýliðnum septembermánuði var 86.572 tonn. Það er tæplega 22 þúsund tonnum meiri afli en á sama tíma í fyrra en þá var aflinn 64.979 tonn. Munar þar um aukinn afla norsk-íslensku síldarinnar í ár. Ívið minna veiddist af flestum botnfisktegundum í nýliðnum september en árið áður.**

**Heildarafli ársins 2006 var í lok september kominn í 1.054.542 tonn, sem er fjórðungi minni afli en á sama tíma í fyrra. Skýringin felst í minni loðnuafla en í fyrra.** - hs



**ELDUR** Brennandi leifar flugvélarinnar og brak úr húsinu hrundi niður á götu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skelfing í New York:

# Hafnaboltamaður flaug á

**BANDARÍKIN, AP** Cory Lidle, leikmaður hafnaboltaliðsins New York Yankees, og flugkennari hans biðu bana er einkaflugvél sem þeir flugu skall á háhýsi á Manhattan í fyrradag. Í fyrstu var óttast að um hryðjuverk væri að ræða, en fljótlega kom í ljós að atvikið var slys.

Braki úr flugvélinni og háhýsinu rigndi yfir götuna fyrir neðan og slysið olli þannig skelfingu í hinu þéttbýla hverfi í miðri New York-borg, réttum fimm árum og einum mánuði eftir hryðjuverkaárásirnar á Tvíburaturnana. Engan sakaði þó fyrir utan tvímenningana í vélinni. - aa



**LANDSPÍTALINN** Rekstrarstaða hans er grafalvarleg að mati forstjórans.

# Nær 1.200 milljóna halli á Landspítala

**Rekstrarhalli Landspítala - háskólasjúkrahúss verður allt að 1.200 milljónir króna í árslok. Þetta er niðurstaða rekstrarspár sem stjórnarnefnd hans hefur látið gera. Grafalvarleg staða, segir Magnús Pétursson, forstjóri spítalans.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Rekstrarhalli Landspítala - háskólasjúkrahúss verður allt að 1.200 milljónir króna í árslok, samkvæmt rekstrarspá sem stjórnarnefnd hans hefur látið gera. Þetta staðfesta Birna Svavarsdóttir, formaður stjórnarnefndar, og Magnús Pétursson forstjóri. Magnús segir að gögn þetta eftir sé staða spítalans grafalvarleg og mjög til umhugsunar hvernig bregðast eigi við.

Rekstrarspáin var lögð fram og rædd á fundi stjórnarnefndar spítalans í gær. Hún hefur jafnframt verið kynnt heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra.

„Forsvarsmenn LSH hafa náttúrlega verið í viðræðum við heilbrigðisyfirvöld um þessa stöðu,“ segir Birna. Hún og Magnús eru sammála um að skýringarnar séu margþættar. Suma þættina ráði stjórnendur spítalans ekki við, svo sem gengið, tilteknar launabreytingar, þrýsting á hærri laun og efnahagsástandið í landinu.

„Auðvitað stýrir þetta allt saman stöðu spítalans núna,“ segir Birna og bætir við að stjórnvöldum hafi þegar í sumar verið gerð grein fyrir því hvert stefndi í rekstrinum. Á þeim vettvangi verði málið athugað áfram. Hún kveðst hafa fulla trú á að heilbrigðisyfirvöld muni skoða stöðu spítalans í ljósi ofangreindra utanaðkomandi þátta.

„Landspítalinn, sem er spítali landsmanna, tekur á móti öllu sem honum berst,“ segir Birna. „Það á að vera gott og opið aðgengi að honum. Það er vilji okkar allra. En ég vil leggja áherslu á að nú er þetta mál til athugunar í tveimur ráðuneytum og heilbrigðisráðherra mun beita sér í því eins og hún hefur sagt opinberlega að hún muni gera, til þess að skoða þetta mál sérstaklega með sérstöðu LSH að leiðarljósi.“

Birna segir enn fremur að spítalinn hafi ábyrga fjármálastjórnun og hann hafi í gegnum árin staðið sig mjög vel. Hann sé að gera feikigóða hluti eins og flestum sé kunnugt.

Magnús bendir á að Landspítalinn hafi verið rekinn á sömu raunkrónutölu frá 1999 til 2005. Samkvæmt spánni sem gerð hafi verið og unnin á forsendum fjárlaga hvað varðar launabreytingar, verðbólgu, gengi og verðlagsbreytingar hjakki spítalinn enn eitt árið í viðbót í sama fjárhagslega farinu.

jss@frettabladid.is

Verður ekki við kröfu ÖBÍ:

# Árni víkur ekki

**STJÓRNSÝSLA** Árni Mathiesen fjármálaráðherra ætlar ekki að víkja úr embætti. Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Öryrkjabandalags Íslands, hafði krafist þess að Árni, Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri og aðrir starfsmenn ráðuneytisins vikju á meðan mál sem ÖBÍ höfðaði vegna skerðinga og afnáms lífgreiðslna til öryrkja væri til meðferðar. ÖBÍ taldi ráðuneytisstjóra vanhæfan til meðferðar málsins hjá ráðuneytinu þar sem hann er formaður stjórnar eins söfnunarsjóðsins sem ÖBÍ hefur kært.



**ÁRNI MATHIESEN**

Ráðuneytið bendir aftur á móti á að ráðuneytisstjóri hafi ekki ritað undir staðfestingu á breytingu á samþykktum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda heldur aðrir starfsmenn hans. Stjórnsýslulög kveði einnig skýrt á um að verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls leiði það ekki til þess að yfirmenn hans verði það einnig. - kdk

**ÞÝSKALAND**

## Danskur SS-maður laus

Dómstóll í München úrskurðaði í gær að Søren Kam, danskur fyrrverandi SS-maður sem hefur búið í Þýskalandi frá stríðslokum, skyldi látinn laus úr gæsluvarðhaldi uns úrskurðað verður hvort hann verði framseldur til Danmerkur, þar sem hann sætir ákæru fyrir þátttöku í morði á dönskum blaðamanni árið 1943.

**PÓLLAND**

## Þingupplausn frestað

Pólska þingið ákvað í gær að fresta um viku atkvæðagreiðslu um það hvort þingið skuli leyst upp og boðað til nýrra kosninga. Þar með fær minnihlutastjórn íhaldsflokksins Laga og réttlætis gálgafrest til að halda meirihluta.






# VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HELGARHORFURNAR**

Veðurhorfurnar um helgina eru almennt á mildu nótunum þó að reyndar kólni heldur þegar kemur fram á sunnudaginn. Á hinn bóginn er allnokkur vindur í laugardagskortunum, einkum á miðhálendinu og á Norðausturlandi, eða 13-16 metrar. Væta verður sunnan og vestan til báða helgidagana en bjart með köflum norðaustan og austan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðaustan 5-8 m/s. Skúrir í morgunsárið en síðan úrkomlítið. Væta á ný síðdegis eða í kvöld. Hiti 8-12 stig.

um hádegi »



» á morgun



Stíf suðvestan átt, en hægari á Vestfjörðum.



8-13 m/s vestan til, annars hæg breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C | skúrir | London | 18°C hálfskýjað | Alicante | 27°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 11°C | skúrir | París | 19°C hálfskýjað | Mallorca | 24°C hálfskýjað |
| Osló | 15°C | skúrir | Frankfurt | 17°C hálfskýjað | Algarve | 26°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 20°C hálfskýjað | Krít | 26°C skúrir |
| Gautaborg | 15°C | rigning | Berlín | 17°C alskýjað | Las Palmas | 28°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Ítalskir dagar
Pizz@.it
2 Pizze Margherita
Con Mozzarella. 24 ore di lievitazione
Nýtt í Hagkaupum
TILBOÐ
299 kr/pk
Ítalskar pizzur
- beint frá Ítalíu, spennandi nýjung á ítölskum dögum
Nýtt í Hagkaupum
Ítalía ólífuolía
- 100% eðal jómfrúarólífuolía
Nýtt í Hagkaupum
Nýjar spennandi ítalskar vörur
- þessar verður þú að prófa!
Nýtt í Hagkaupum
Nýtt í Hagkaupum
Boschetto salt- og piparkvarnir
Ekta ítalskir ostar og smjör
- frá Medeghini
Ítalía ferskt pasta
- ekta ítalskt
20% afsláttur við kassa
Lavazza
- ekta ítalskt kaffi
La Selva
- ítalskar vörur frá Toscana
Fiorucci Parma skinka
- ómissandi á ítölskum dögum
Gildir til 22. október eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Fylgdist þú með landsleik Íslendinga gegn Svíum?*

| | |
|---|---|
| Já | 49,4 |
| Nei | 50,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga lögreglumenn að bera skammbyssur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

## Herskipið USS Wasp liggur fyrir akkeri í Reykjavíkurhöfn:

# Kaninn er kominn aftur

**VARNARMÁL** Bandaríska herskipið USS Wasp lagði við Skarfabakka í Sundahöfn um fimmleytið í gær. Skipið heimsækir Ísland í tilefni af nýju varnarsamkomulagi við Bandaríkjamenn, sem undirritað var í fyrradag í Washington.

USS Wasp verður hér í fjóra daga og má búast við allt að 1.300 bandarískum sæförum á götum Reykjavíkur um helgina. Á mánudag verður haldin samhæfingaræfing með sprengjudeild Landhelgisgæslu og sérsveit Ríkislögreglustjóra, en markmið hennar mun vera kynning á íslenskum aðstæðum fyrir Bandaríkjamenn og um leið kennsla í aðferðafræði bandarískra öryggissveita fyrir íslenska lög- og landhelgisgæslumenn. Ekki er um eiginlega heræfingu að ræða, enda sigldi skipið öðrum þræði hingað í þeim tilgangi að sýna íslensku þjóðinni fram á að ekki væri nauðsyn á varanlegri viðveru hermanna til að landið njóti varna bandaríska hersins, að sögn yfirmanna þess.

Skipið er risavaxið, vegur rúm fjörutíu þúsund tonn fullhlaðið. Það er 257 metrar á lengd og 32 metrar á breidd. Wasp er fjölnota herskip, en mun mest notað í flutninga. Það kom hingað beint frá Líbanon og tók siglingin ellefu daga. **- kóþ**



**HORFT YFIR REYKJAVÍK** Prýðilega viðraði þegar USS Wasp kom að landi í gær, en þeim var fremur kalt sem stóðu vörð á dekkinu, enda talsverð viðbrigði frá Líbanonsströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Herstöðvaandstæðingar:

# Mótmæla komu skipsins

**VARNARMÁL** Samtök herstöðvaandstæðinga lýstu í gær yfir vanþóknun sinni á heimsókn herskipsins USS Wasp. Í samræmi við samþykkt borgarstjórnar um bann við kjarnorkuvopnum í borgarlandinu hvöttu samtökin borgarstjórn til að ganga úr skugga um hvort slík vopn væru um borð.

Stefán Pálsson herstöðvaandstæðingur segir „verulega kúnstugt að Reykjavíkurborg standi fyrir friðarviku og bjóði í henni velkomið til borgarinnar stærsta herskip sem hingað hefur komið“.

Skipið er ekki hæft til að flytja kjarnorkuvopn, sagði Phil Kornett, varasendiherra Bandaríkjanna. **- kóþ**


Tækni og vit 2007
Fagsýning tækni- og þekkingariðnaðarins

Stórsýningin Tækni og vit 2007
í Fífunni, Kópavogi, **8.-11. mars 2007.**

**Tryggðu þér svæði!**
- bókaðu strax á taekniogvit.is
eða í síma 511 1230

AP almannatengsl / H2 hönnun

www.taekniogvit.is

samstarfsaðilar

Forsætisráðuneyti · Fjármálaráðuneyti · Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti · SI Samtök iðnaðarins · Háskólinn í Reykjavík · Orkuveita Reykjavíkur · TM Software



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI




***Nú fæst 10% sýrði rjóminn frá MS í handhægum sprautuflöskum***

*Nýju umbúðirnar eru einstaklega þægilegar. Þær flýta fyrir matseldinni og henta vel í fjölbreytta rétti – en innihaldið er að sjálfsögðu sami frískandi og hitaeiningasnauði sýrði rjóminn*

*Gerðu það gott með sýrðum rjóma – frá MS.*

**Nýjung!**




**STARFSMENN ALCAN** Fjölmenntu á starfsmannafund í Bæjarbíói í Hafnarfirði síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ógn við atvinnuöryggi og tjáningarfrelsi

**Á þriðja hundrað starfsmenn fjölmenntu á fund starfsmanna Alcan á Íslandi í gær. Harðorð ályktun var samþykkt einróma með dynjandi lófataki. Upplýsingafulltrúi fyrirtækisins segir óánægjuna koma sér verulega á óvart.**

**VINNUMARKAÐUR** Á þriðja hundruð starfsmenn álvers Alcan á Íslandi troðfylltu Bæjarbíó í Hafnarfirði í gær þar sem starfsmannafundur vegna óánægju starfsmanna með fjölmargar óeðlilegar uppsagnir hjá fyrirtækinu var haldinn. Á fundinum var kynnt ályktun þar sem meðal annars var lýst yfir eindreginni andstöðu við heildstætt langtímamat fyrirtækisins á starfsmönnum sínum sem notað hefur verið til að ákvarða uppsagnir. Þá var dregið í efa að upplýsingaöflun af þeim toga stæðist lög um persónuvernd. Í ályktuninni segir einnig að uppsagnir þriggja starfsmanna í síðustu viku auki enn á óöryggi starfsmanna varðandi atvinnuöryggi og tjáningarfrelsi þeirra, en í máli ræðumanna fundarins kom fram að starfsmenn væru hræddir við að tjá sig um málefni vinnustaðarins af ótta við að segja eitthvað í óþökk stjórnenda og stefna þannig atvinnu sinni í hættu. Að lokum var tekið fram að síðustu forvöð væru fyrir Alcan að koma á eðlilegum samskiptum við starfsmenn og fulltrúa þeirra. Fyrirtækið var síðan hvatt til þess að draga uppsagnir mannanna þriggja til baka eða ljúka þeim í sátt með samningi um flýtt starfslok. Ályktunin var samþykkt einróma meðal fundarmanna með dynjandi lófataki.

Gylfi Ingvarsson, aðaltrúnaðarmaður starfsmanna, tók til máls á fundinum og lýsti yfir furðu sinni á þeim starfsháttum sem nú tíðkuðust hjá fyrirtækinu. „Það er einhver meinsemd í stjórnun þessa fyrirtækis sem reglulega hendir út góðu starfsfólki án skýringa. Þetta gengur einfaldlega ekki upp.“

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, sagði að óánægja starfsmanna kæmi sér á óvart og væri þvert á allar þær mælingar sem fyrirtækið hefði gert á starfsánægju á undanförnum árum. Hann spyrði sig þeirrar spurningar af hverju menn kysu að vinna hjá fyrirtækinu ef þeir væru svona óánægðir. Hrannar sagði að stjórnendur þyrftu greinilega að skoða málið í heild sinni og að auðvitað væri það vilji fyrirtækisins að stuðla að góðum og jákvæðum samskiptum við almenna starfsmenn. Stjórnendur myndu væntanlega funda um ályktunina á næstu dögum og taka frekari afstöðu til hennar að því loknu.

thordur@frettabladid.is

## Mikhaíl Gorbatsjov minntist leiðtogafundarins í Höfða:

# Þakkaði Íslendingum þátt sinn

**LEIÐTOGAFUNDUR** Hápunktur minningardagskrár vegna tuttugu ára afmælis leiðtogafundar Mikhaíls Gorbatsjov og Ronalds Reagan í Höfða í gær var fyrirlestur Gorbatsjovs í Háskólabíói.

Það var einmitt á sviði stóra salarins í Háskólabíói sem Gorbatsjov talaði á blaðamannafundi eftir að fundinum með Reagan lauk og lýsti því yfir að fundurinn markaði þáttaskil; á honum hefði náðst mikill áfangi að samkomulagi risaveldanna tveggja um að binda enda á vígbúnaðarkapphlaupið og kalda stríðið. Rifjaði Gorbatsjov upp hvernig öll Vesturlandapressan hefði tekið þessi stóru orð hans mátulega trúanleg í fyrstu. Í Bandaríkjunum hefði Reagan forseti meira að segja verið gagnrýndur fyrir að hafa anað í þessa erindisleysu til Íslands.

Það hefði síðan runnið upp fyrir mönnum vestra að þetta væri rétt; það hefði í raun náðst mikill áfangi að tímamótaafvopnunarsamningum á fundinum í Höfða. Gorbatsjov væri alvara með róttækum afvopnunartillögum sínum og við hann væri hægt að semja. Gorbatsjov þakkaði í erindinu Íslendingum fyrir sinn þátt í þessum sögulega áfanga. **- aa**




**GORBATSJOV** Ræddi um leiðtogafundinn í Höfða í fyrirlestri í Háskólabíói í gær.




**STÓRAUKIÐ FERÐAFRAMBOÐ VORIÐ 2007**

Næsta vor mun Icelandair hefja flug til þriggja nýrra áfangastaða, Bergen í Noregi, Gautaborgar í Svíþjóð og Halifax í Kanada. Næsta vor verður byrjað að fljúga að morgni, frá Keflavík til Boston og New York og jafnframt verður byrjað að fljúga frá Kaupmannahöfn, Osló og Stokkhólmi kl. 8:00 að morgni til Íslands.

Auk þess að taka upp flug til þessara þriggja nýju áfangastaða fyrirhugar Icelandair að auka tíðni í flugi til Parísar, Frankfurt, Berlínar, Amsterdam og Helsinki frá því sem var á síðastliðnu sumri.

+ Bókaðu flug á nýja áfangastaði Icelandair á www.icelandair.is

WWW.ICELANDAIR.IS

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað heitir fyrrum aðalritari sovéska kommúnistaflokksins sem staddur er hér á landi?

2 Tónlist hvaða íslensku söngkonu hefur ítrekað hljómað í þáttunum Grey's Anatomy?

3 Hvaða íslenska félagslið tók á móti Arsenal í Evrópukeppni meistaraliða í gær?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Dagblað í Rússlandi birtir síðustu greinina sem Anna Politkovskaja vann að:

# Lýsir pyntingum í Tsjetsjeníu

**MOSKVA, AP** Dagblaðið Novaya Gazeta, þar sem blaðakonan Anna Politkovskaja starfaði, birti í gær ófullgerða grein sem hún var að leggja lokahönd á þegar hún var myrt síðastliðinn laugardag.

Í greininni eru lýsingar á pyntingum, sem stundaðar eru í Tsjetsjeníu, og fylgja greininni óhugnanlegar myndir af fórnarlömbum pyntinganna. Myndirnar eru teknar úr myndbandi, sem þeir sem frömdu umræddar pyntingar virðast hafa tekið sjálfir.

Í greininni er meðal annars birtur vitnisburður frá Tsjetsjena nokkrum sem var framseldur frá Úkraínu til Tsjetsjeníu og segist hafa verið þar hengdur upp á höndum og fótum, barinn og beittur raflosti, auk þess sem hann hafi nánast kafnað þegar poka var brugðið yfir höfuð hans - allt í þeim tilgangi að fá hann til að játa á sig morð sem hann segist saklaus af.

„Erum við að berjast með lögum gegn lögleysu?“ spyr Politkovskaja í greininni, „eða erum við að berja á þeim með okkar eigin lögleysu?“

Sumir starfsfélagar Politkovskaju telja að morðið á henni tengist þessari grein. Hún hafði sagt í útvarpsviðtali sama dag og hún var myrt að hún væri að vinna að grein um pyntingar í Tsjetsjeníu. - gb



**FRÁ JARÐARFÖR ÖNNU POLITKOVSKAJU Á ÞRIÐJUDAGINN** Dauði hennar varð fjölmörgum aðdáendum harmafregn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Atvinnuleysi í september:

# 1.628 án vinnu í september

**ATVINNULEYSI Í september voru skráðir atvinnuleysisdagar 34.140 á öllu landinu, sem jafngildir því að 1.628 manns hafi verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum. Þessar tölur jafngilda eins prósents atvinnuleysi.**

**Atvinnulausum fækkaði um 28 prósent frá septembermánuði í fyrra.**

**Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er nú eitt prósent af áætluðum mannafla og 1,1 prósent á landsbyggðinni. Á landsbyggðinni er atvinnuleysið mest á Suðurnesjum en minnst á Norðurlandi vestra og Austurlandi.** - hs

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október 2006



**Allir eldri borgarar velkomnir í skemmtilegt kaffiboð sunnudaginn 15. október kl. 15 á kosningaskrifstofu okkar í Landsímahúsinu við Austurvöll.**

Verið velkomin.

Stuðningsfólk,
Guðfinnu S. Bjarnadóttur.

Guðfinna S. Bjarnadóttir
Valfrelsi og skapandi umhverfi
3. sætið

www.gudfinna.is



**VEGARSLÓÐINN** Á myndinni sést farvegurinn sem mennirnir tveir voru ákærðir fyrir að keyra.

# Skilgreining á utanvegaakstri á reiki

**Tveir ungir menn mótmæla harðlega ákæru vegna utanvegaaksturs. Ákæran er byggð á korti Landmælinga Íslands sem sýnir einungis einn þriðja af vegum landsins. Kortið ekki endanlegt, að sögn aðstoðarmanns umhverfisráðherra.**

**UMHVERFISMÁL** Tveir ungir menn voru nýlega ákærðir fyrir akstur utan vega rétt sunnan við Hagavatn í Biskupstungum. Mennirnir hafa mótmælt ákærunni harðlega og segjast ekkert hafa gert rangt, enda hafi bifreiðunum verið ekið á vegarslóða sem sé tilgreindur sem vegur á ýmsum kortum, meðal annars í kortagrunni Loftmynda ehf.

Mjög virðist vera á reiki hvernig skilgreina eigi akstur utan vega. Í reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands er ekki talað um neina viðmiðun sem eigi að fylgja í þeim efnum heldur segir að bannað sé „að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands,“ án þess að það sé skilgreint frekar hvað sé vegur eða vegarslóði og hvað ekki. Arnar Sigurðsson, markaðsstjóri Loftmynda ehf., segir að ekki sé hægt að miða við kort Landmælinga Íslands (LMÍ) við svona ákvarðanir. „Það er alveg fáránlegt. Götuslóðar í þéttbýli eru ekki einu sinni inni á þessum kortum.“ Arnar segir að einungis einn þriðji allra vega og vegarslóða á landinu sé merktur inn á kort LMÍ. „Aðeins helmingurinn af allri umferð á Íslandi fer um vegi sem eru sýndir inni á kortum Landmælinga, enda hafa kortin varla verið uppfærð. Þetta er kortagrunnur sem var unninn annars vegar af danska herforingjaráðinu og hins vegar af bandaríska hernum fyrir langa löngu.“

> Götuslóðar í þéttbýli eru ekki einu sinni inni á þessum kortum.
>
> **ARNAR SIGURÐSSON**
> MARKAÐSSTJÓRI

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segir það alveg ljóst frá hans bæjardyrum að mennirnir hafi verið að aka utan vega. Hann vísar í lög um náttúruvernd sem tilefni ákæru því þar sé utanvegaakstur bannaður á mjög skýran hátt. Til að ákvarða hvað sé akstur utan vega hafi sýslumannsembættið meðal annars notast við gögn og kort frá Landmælingum Íslands.

Einar Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, segir að það kort sem hafi birst inni á vef Landmælinga sé ekki endanlegt og sé því ætlað til viðmiðunar. „Það var ákveðið í vor að birta kort eftir skoðun á því hvað væru vegir og vegarslóðar utan kerfis Vegagerðarinnar sem óhætt væri að keyra. Það er kortið á vef LMÍ. En það hefur ekkert farið framhjá ráðuneytinu að það hefur komið fram mjög mikil gagnrýni á þetta kort. Við erum á því að það þurfi að fara í frekari vinnu þar sem markmiðið verður að gefa út kort af slóðum og vegum sem heldur.“

thordur@frettabladid.is

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

*30 ára 9. október*

**Opið hús á morgun**

Í tilefni af 30 ára afmæli Gigtarfélagsins verður opið hús á Gigtarmiðstöðinni að Ármúla 5, á morgun, 14. október frá kl. 13:00 til 16:30. Dagskráin er:

13:00 Ávarp. Þóra Árnadóttir varaform. GÍ
13:15 Rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum 10 ára. Kristján Steinsson gigtarlæknir.
13:30 Afhending styrkja.
13:40 Tónlist.
13:55 Hlé - Húsið skoðað, starfsemi kynnt.
14:15 Spennandi tímar, stórstígar framfarir. Arnór Víkingsson gigtarlæknir.
14:45 Hlé - Húsið skoðað, starfsemi kynnt.
15:15 Slitgigt og liðaktín. Helgi Jónsson, gigtarlæknir.
15:45 Hlé - Húsið skoðað, starfsemi kynnt.

**Rétt hreyfing bætir líðan og eykur þrótt**

**Allir velkomnir**

Gigtarfélag Íslands

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Pétur H. Blöndal alþingismaður fundar með fólki með ólíkar pólitískar skoðanir:

# Pétur mætir fjendum sínum

**STJÓRNMÁL** Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, heldur nú á haustdögum fundaröð um frelsi og velferð í samfélaginu. Fyrirhugaðir eru sex fundir og verður tiltekið málefni rætt á hverjum og einum. Hefur Pétur valið fundarstjóra sem allir eru á öndverðri skoðun við hann sjálfan um málefni hvers fundar. Eru til dæmis Andri Snær Magnason og Sigursteinn Másson í hópi fundarstjóra.

„Stjórnmálamenn eiga að geta mætt alls konar sjónarmiðum,“ segir Pétur. „Þeir eiga að geta heyrt sjónarmið annarra og tekið tillit til þeirra, án þess endilega að fallast á þau.“

Pétur kveðst beita aðferðum sem þessum í störfum sínum enda séu þær vænlegar til árangurs. „Góðar lausnir fást með gagnrýninni umræðu. Ég segi frá mínu og aðrir sínu og svo er spurning hvort við verðum sammála eða sammála um að vera ósammála.“

Á fundunum verður rætt um málefni aldraðra, stöðu öryrkja, náttúruauðlindir, skattkerfið, fjármagnskerfið og Evrópumál. Fyrsti fundurinn er í Odda í Háskóla Íslands á laugardag og mun Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður, stjórna fundi um aldraða og velferðarkerfið. - bþs



**PÉTUR H. BLÖNDAL** Býður andstæðingum birginn í fundaröð.


Heimilið
Börn
Snyrtivörur
Dömur
Herrar
LANCÔME
LE GIFT
GJAFADAGAR
LANCÔME DAGAR Í DEBENHAMS
13. – 19. OKTÓBER
Líttu við og kynntu þér spennandi nýjungar:
LUNA CHIC haustlitirnir eru einstaklega fallegir og klæðilegir.
RÉNERGIE DUO CONCEALER er fyrsti hyljarinn sem vinnur einnig gegn öldrun húðarinnar.
NUTRIX ROYALE er nærandi krem sem inniheldur drottningarhunang. Hugsaðu vel um húðina núna þegar kuldinn herjar á hana.
LE GIFT -glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir 5.500 kr. eða meira frá Lancôme*.
TONIQUE DOUCEUR
GALATÉIS CLARTÉ
Alltaf
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!

# Fjölskyldan
börnin í 1. sæti

## Síðdegisspjall
Sunnudaginn 15. okt. kl. 14.00 á kosningaskrifstofu Guðlaugs Þórs að Lágmúla 9.

Komdu og taktu þátt í áhugaverðum umræðum um fjölskyldumál ásamt Evu Maríu Jónsdóttur og Árna Sigfússyni.




Gæsla og skemmtiatriði fyrir börnin.

Kaffi og meðlæti. Allir velkomnir!

*Stuðningsfólk*



2 SÆTIÐ
Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISMANNA Í REYKJAVÍK


Ung stúlka tekin með amfetamín í Reykjavík í fyrrakvöld:

# Tekin með hálft kíló af amfetamíni

**LÖGREGLUMÁL** Stúlka um tvítugt var í á miðvikudagskvöld tekin með rúmlega hálft kíló af amfetamíni í fórum sínum. Mál hennar er til rannsóknar hjá lögreglunni í Reykjavík.

Lögreglumenn voru í eftirlitsaðgerðum í borginni um kvöldið. Við húsleit í austurborginni fundu þeir amfetamínið hjá stúlkunni. Hún var handtekin og færð á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Yfirheyrslum var fram haldið í gær. Ekki hafa fleiri verið handteknir í tengslum við þetta mál, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Stúlkan hefur ekki komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrota. Ekki var ljóst í gærkvöld hvort farið yrði fram á gæsluvarðhaldsúrskurð yfir henni, en halda má fólki í 24 klukkustundir ef þörf þykir, án slíks úrskurðar.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, staðfesti að málið væri í rannsókn en vildi ekki tjá sig frekar um það á þessu stigi. Mikið hefur verið um það í borginni að undanförnu að fólk sé tekið með fíkniefni við hefðbundið eftirlit lögreglu, sumir með það mikið að augljóst þyki að þeir hafi ætlað efnin til sölu. - jss



**AMFETAMÍN** Lögreglan fann rúmlega hálft kíló við húsleit.

**IÐNAÐUR**

### Róttækar tillögur

Samtök iðnaðarins fagna tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að lækka matvælaverð.

**ÍTALÍA**

### Ný fjölmiðlalög

Miðju-vinstristjórn Romano Prodi á Ítalíu hefur samþykkt frumvarp að nýjum fjölmiðlalögum, sem eiga að koma í stað umdeildra laga Silvio Berlusconi frá árinu 2004.



**Á ÞINGVÖLLUM** Umhverfisstofnun hóf starfsemi 2003 og sameinaði þrjár stofnanir. Eitt af hlutverkum hennar er rekstur og uppbygging þjóðgarða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segir úttekt ámælisverða

**Forstjóri Umhverfisstofnunar gagnrýnir úttekt Ríkisendurskoðunar harðlega. Ríkisendurskoðun stendur við skýrsluna og harmar þessi orðaskipti.**

**STJÓRNSÝSLA** Davíð Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, gerir verulegar athugasemdir við aðferðir og framkvæmd úttektar Ríkisendurskoðunar á stofnuninni sem birtist á mánudag. Segir Davíð Ríkisendurskoðun hafa átt að skoða hvort nauðsynlegt fjármagn hafi fylgt auknum verkefnum sem lögð hafa verið á stofnunina. Úttektin hafi hins vegar fyrst og fremst beinst að afleiðingum aukins álags og fyrir liggi að með því hafi hún misst sjónar á megintilgangi verkefnisins.

Davíð segir að rekstur stofnunarinnar hafi verið afar þungur, og þá aðallega af tveimur ástæðum. „Í fyrsta lagi er rekstur og uppbygging þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða mun fjárfrekari en þær fjárveitingar sem stofnunin fær geta staðið undir. Í öðru lagi er vinna við innleiðingu og framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir langt umfram fjárveitingar sem veitt er til þeirra verka.“

Davíð segir að þau verkefni sem Umhverfisstofnun séu falin með framkvæmd umhverfis-, matvæla- og efnahluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eigi sér enga hliðstæðu í íslenskri stjórnskipan. „Talið er að umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun sjái um tæplega fjörutíu prósent af fjölda þeirra gerða sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.“

Davíð segir stofnunina hafa lagt mikið á sig til að standast fjárlög og það hafi tekist með forgangsröðun og aðhaldi sem hafi bitnað á rekstri og svigrúmi til verka.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun hafi ekki verið nægjanlega samstíga í afstöðu sinni til forgangsröðunar þeirra málefna sem stofnunin sinnir. Einnig hafi stofnunin ekki nýtt sér til fullnustu möguleika sína að ná fram aukinni hagkvæmni, svo sem með aukinu samstarfi sviða og markvissu verkbókhaldi.

Ríkisendurskoðun sendi í gær frá sér tilkynningu vegna gagnrýni Davíðs þar sem sagði að stofnunin stæði við skýrsluna. Harmar stofnunin að til þessara orðaskipta við Umhverfisstofnun hafi komið. Er vísað í lög um Ríkisendurskoðun þar sem segir að hún sé engum háð í störfum sínum. Stofnunin ákveði sjálf endanlegt viðfangsefni úttekta og hvernig að þeim sé staðið. Stofnanir, ráðuneyti eða Alþingi geti því ekki beðið um skýrslur af tiltekinni gerð, eins og Davíð virðist álíta miðað við það sem hann segi um hvert meginhlutverk Ríkisendurskoðunar hafi átt að vera.

sdg@frettabladid.is


15% október
afsláttur til 21. október
Fataskápar fyrir fötin þín, tilsniðnir eftir máli án aukakostnaðar.
Opið laugardag
INNVAL
www.innval.is
Hamraborg 1 Kópavogi s: 554 4011




Átökin á Srí Lanka:

# Mannfall hindri ekki viðræður

**SRÍLANKA, AP** Talsmenn ríkisstjórnarinnar á Srí Lanka sögðu í gær að hún væri áfram reiðubúin að hefja nýja lotu friðarviðræðna við fulltrúa Tamílatígranna, aðskilnaðarhreyfingar tamíla, þrátt fyrir að hörð átök hafi geisað milli stríðsaðila undanfarna daga.

Í fyrradag féllu allt að tvö hundruð skæruliðar tamíla og 129 stjórnarhermenn, að sögn talsmanna hersins. Fulltrúar Rauða krossins á Srí Lanka sögðust hafa tekið á móti líkum 74 hermanna úr höndum skæruliða í gær.

Talsmaður Bandaríkjastjórnar sagði hana hafa miklar áhyggjur af átökunum og hvatti til stillingar. - aa


100% bragð
0% viðbættur sykur
silfurtapparnir auðvelda þér valið




Kíktu í tappann
200 flugmiðar frá Iceland Express leynast undir silfurtöppunum

Allar nánari upplýsingar á cocacolalight.is

'Coca-Cola light', 'Fanta Free', 'Sprite Zero', Fresca, the dynamic ribbon device, the 'Coca-Cola contour bottle, and the 'Fanta' and 'Sprite' bottles are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2006 The Coca-Cola Company.




## NÁTTÚRUSTEINN Á VERÐI SEM SLÆR ÖLL MET

### Parket - Veggflísar - Gólfflísar

GÆÐAPARKET
Eik ★★★★★
2200 x 182 x 14 mm 4 mm



Kr.2.595,- pr.m²

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm



Kr.685,- pr.m²

Hvítar glans veggflísar 20x25 cm



Kr.990,- pr.m²

Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm



Kr.895,- pr.m²




Kr.2.675,- pr.m²

Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm



Kr.1.250,- pr.m²

Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm




Kr.1.195,- pr.m²

Porcelain gólfflísar 33,3x33,3 cm



Kr.1.250,- pr.m²

*Austurrískt gæðaparket*

***ALLT Á EINUM STAÐ***

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

***Gerðu samanburð á verði og gæðum!***

**Rakavarið plastparket**

Beiki & eik aðeins **kr. 945.-** pr.m²

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



**ÞYRSTUR API** Þessi rhesus-api fékk sér sopa úr krana í Jammu á Indlandi, þar sem vika hinnar villtu náttúru er nú haldin hátíðleg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bókaútgefendur og rithöfundar búast við jákvæðum áhrifum á bókaútgáfu:

# Fagna lækkun virðisaukaskatts

**MENNING** Félag íslenskra bókaútgefenda og Rithöfundasamband Íslands fagna lækkun virðisaukaskatts á bækur úr fjórtán prósentum niður í sjö prósent í yfirlýsingu sem þau sendu frá sér. Segir að með þessum aðgerðum verði virðisaukaskattur á bækur sambærilegur við flest nágrannalönd okkar eftir að hafa verið um langt skeið óeðlilega hár.



**KRISTJÁN B. JÓNASSON**

Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir þetta kærkomna breytingu enda sé Ísland með þriðju hæstu virðisaukaskattprósentu á bækur í Evrópu. „Í löndum á borð við Bretland er virðisaukaskatti á bækur haldið viljandi lágum af menningarpólitískum ástæðum. Tilgangurinn er að stuðla að viðhaldi og ræktun tungumálsins sem og hærra menntunarstigi meðal almennings.“

Bókaútgefendur og rithöfundar telja að ef allir hagsmunaaðilar leggist á árarnar sé von til þess að fyrirhuguð lækkun virðisaukaskatts muni hafa mjög jákvæð áhrif á íslenskan bókamarkað og bókaútgáfu. Kristján segir æskilegt að bóksalar láti lækkunina skila sér til neytenda. „Um leið og við fögnum þessari breytingu þá væntum við þess jafnframt að í framtíðinni verði virðisaukaskattur á bækur afnuminn.“ **- sdg**



**BÆKUR TIL SÖLU** Enginn virðisaukaskattur var á bækur árin 1990 til 1993. Síðan þá hefur fjórtán prósenta virðisaukaskattur verið á bókum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýr friðarsjóður SÞ:

# Tæpar 70 milljónir frá Íslandi

**UTANRÍKISMÁL Íslendingar munu leggja fram eina milljón Bandaríkjadala til nýs sjóðs Sameinuðu þjóðanna, sem ætlað er að stuðla að uppbyggingu friðar í stríðshrjáðum löndum. Tilkynnt var um framlag Íslendinga í fyrradag.**

**Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra segir sjóðinn hugsaðan til nota á svæðum þar sem átökum er nýlokið, áður en til hefðbundinnar neyðaraðstoðar komi. Þannig megi brúa bilið á meðan söfnun fer fram meðal aðildarríkja SÞ.**

**Vonast er til að í sjóðnum verði um 250 milljónir dollara þegar fram líða stundir. - kóþ**









**PAMUK BROSIR BREITT** Myndin er tekin á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tyrkneskur rithöfundur fær Nóbelinn í ár:

# Umdeildur í Tyrklandi

**NÓBELSVERÐLAUN** Tyrkneski rithöfundurinn Orhan Pamuk hlýtur Nóbelsverðlaunin í bókmenntum í ár. Utan Tyrklands er hann einkum þekktur af skáldsögum sínum, en heima fyrir er hann umdeildur fyrir greinaskrif sín um þjóðfélagsmál.

Hann var á síðasta ári sóttur til saka fyrir að „vanvirða tyrkneska þjóðarvitund“ eftir að hann sagði í svissnesku dagblaði að Tyrkir forðuðust að ræða tvö viðkvæm málefni: Fjöldamorð á Armenum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar og átökin í Kúrdahéruðunum á síðustu áratugum.

„Þrjátíu þúsund Kúrdar og ein milljón Armena voru drepin á þessum landsvæðum, og enginn þorir að tala um það nema ég,“ sagði hann í viðtalinu. Ákæran á hendur honum var þó felld niður.

Nýjasta skáldsaga Pamuks er frá árinu 2002 og heitir Kar, eða Snjór. Hún gerist á síðasta áratug síðustu aldar, fjallar um rithöfund sem hefur búið í útlegð í Þýskalandi en leggur upp í ferðalag til tyrkneska bæjarins Kars, sem í eina tíð var landamæraborg milli Tyrkjaveldis og Rússaveldis, í þeim tilgangi að kynnast bæði sjálfum sér og landi sínu.

Flestar af bókum hans hafa verið þýddar á ensku, þýsku, frönsku, sænsku og fleiri tungumál, en enn hefur ekkert verið þýtt eftir Pamuk á íslensku. **- gb**

**Nóbelsverðlaun í bókmenntum**



**2006: Orhan Pamuk, Tyrklandi, sem í leit sinni að þunglyndislegum anda fæðingarborgar sinnar hefur uppgötvað nýjar táknmyndir fyrir átök og samspil menningarheima.**

| | |
|---|---|
| 2005: | *Harold Pinter, Bretlandi* |
| 2004: | *Elfriede Jelinek, Austurríki* |
| 2003: | *J.M. Coetzee, Suður-Afríku* |
| 2002: | *Imre Kertész, Ungverjalandi* |
| 2001: | *V.S. Naipaul, Trínidad/Bretlandi* |
| 2000: | *Gao Xingjian, Kína/Frakklandi* |
| 1999: | *Günter Grass, Þýskalandi* |
| 1998: | *José Saramago, Portúgal* |
| 1997: | *Dario Fo, Ítalíu* |

Heimildir: NobelPrize.org © GRAPHIC NEWS




**Á ils.is getur þú:**
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánatíma

**Önnur þjónusta á Netinu:**
- Bráðamat
- Útreikningur greiðslubyrði
- Reiknivélar

# Íbúðalánasjóður lokar kl. 12 í dag, föstudag

Vegna skipulagsdags hjá starfsfólki verður Íbúðalánasjóður lokaður frá hádegi í dag, föstudaginn 13. október. Íbúðalánasjóður opnar aftur mánudaginn 16. október, kl. 8.00.

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður




tilboðin í nettó
ennþá betri verð
þú sparar 600 kr/kg
999 kr/kg
Verð áður 1.599 kr/kg
Smálúðuflök 1 kg.
þú sparar 500 kr/kg
50% afsláttur við kassa
Verð nú 499 kr/kg
Verð áður 999 kr/kg
BK grísabógur reyktur og úrbeinaður
þú sparar 462 kr/kg
25% afsláttur við kassa
Verð nú 1.848 kr/kg
Verð áður 1.386 kr/kg
GOÐI
Goða Gourmet ofnsteik villikrydduð
999 kr/kg
Humar 1 kg.
þú sparar 150 kr/kg
50% afsláttur við kassa
Verð nú 149 kr/kg
Verð áður 299 kr/kg
Matfugl
Matfugl kjúklingavængir
þú sparar 162 kr/kg
25% afsláttur við kassa
Verð nú 487 kr/kg
Verð áður 649 kr/kg
Matfugl
Matfugl kjúklingalæri
29 kr/stk
Jurtarjómi
99 kr/pk
Jarðarber
Grand
30% afsláttur við kassa
Grand safar
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 13. október til 15. október eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

# ÞÉR ER BOÐ

## ALDREI MEIRA ÚRVAL! OPNUM NÝJA O

Tónlist frá 99 krónum!



~~2.199~~ 1.299

Beyonce
B´day



~~2.199~~ 1.299

Hildur Vala
Lala




~~2.199~~ 1.299

The Killers
Sam´s Town



~~2.199~~ 1.299

Brain Police
Beyond the wastland



Íslen




~~2.199~~ 1.499

Ray Lamontagne
Trouble



~~2.199~~ 1.499

Gnarls Barkley
St. Elsewhere




~~2.499~~ 1.499

Red Hot Chili Peppers
Stadium Arcadium



~~2.199~~ 1.499

Iron Maden
Matter Of Life & Death



Bloo




~~2.299~~ 1.499

Capote
DVD




~~2.299~~ 1.499

Date Movie
Unrated




~~2.299~~ 1.499

Rent
DVD



~~2.299~~ 1.499

Rauðhetta
DVD




~~2.299~~ 1.499

X-Men 3
DVD




~~2.299~~ 1.499

When a
Stranger Calls




~~2.299~~ 1.499

Prime
DVD




~~2.299~~ 1.499

RV
DVD

**PSP hvít og svört -**
10 stk af hvorri
**9.999**
var 23.999



S K Í F A N Í 3 0 Á R

# IÐ Í AFMÆLI

Afmæliskaka í dag og glaðningur frá Pepsi

ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

## G ENDURBÆTTA VERSLUN Í KRINGLUNNI!

Tilboðið gildir aðeins í Kringlunni

| Vara | Áður | Nú |
|---|---|---|
| ...sk ástarlög | 2.199 | 1.299 |
| Justin Timberlake FutureSex/LoveSound | 2.199 | 1.299 |
| Toggi Puppy | 2.199 | 1.299 |
| Snow Patrol Eyes Open | 2.199 | 1.299 |
| Nelly Fortado Loose | 2.199 | 1.299 |
| ...d Rayne 2 PC | 3.999 | 499 |
| Advent Rising PC | 3.999 | 499 |
| Da Vinci Code PC | 3.999 | 499 |
| Condemned PC | 3.999 | 499 |
| Secrets of Da Vinci PC | 3.999 | 499 |
| My name is Earl season 1 | 5.999 | 2.999 |
| Prison Break Season 1 | 5.999 | 2.999 |
| Pink Floyd PULSE DVD | 3.999 | 1.999 |
| Genji PS2 | 5.999 | 799 |
| Fahrenheit PS2 | 5.999 | 799 |
| Outrun 2006 PS2 | 5.999 | 799 |
| Aeon Flux PS2 | 5.999 | 799 |
| BloodRayne 2 PS2 | 5.999 | 799 |
| Da Vinci Code PS2 | 5.999 | 799 |



Opnum kl. 13:13 föstudaginn 13.okt

## „ORÐRÉTT“

### *Þarf að vopna stöðumælaverði?*

**„Það fylgir þessu kannski ákveðið óöryggi en ég myndi ekki segja að menn væru skelkaðir, enda endist enginn í þessu starfi ef hann er skelkaður.”**

STEFÁN HARALDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI BÍLASTÆÐASJÓÐS, EN STÖÐUMÆLAVÖRÐUR VAR NÝLEGA NEFBROTINN Í STARFI.

**Fréttablaðið 12. október.**

### *Tíu fingur upp til guðs*

**„Við vorum bara að auglýsa léttan bjór.”**

ÁSGEIR JOHANSEN, FRAMKVÆMDASTJÓRI ROLFS JOHANSENS & CO, SEM VAR DÆMDUR TIL AÐ GREIÐA 600 ÞÚSUND KRÓNA SEKT FYRIR ÁFENGISAUGLÝSINGAR.

**Blaðið 12. október.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ARNAR KNÚTSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

## *Sjö ára eins og Hrappur*

„Það er nú helst að frétta að í dag erum við sjö ára,“ segir Arnar Knútsson hjá kvikmynda- og auglýsingaframleiðslufyrirtækinu Filmusi. „Við viljum alltaf vera sjö ára, eins og Hrappur Vestmann, enda er skemmtilegast að vera sjö ára. Það eru bestu afmælin. Við ætlum að halda upp á afmælið með vinum og vandamönnum en eina skipulagða skemmtiatriðið er að Ottó Tynes ætlar að vera með spurningakeppni úr klassískum auglýsingum.“

Filmus hefur ýmislegt brallað á þessum sjö árum. „Ég held við höfum hreinlega komið að auglýsingagerð fyrir allar stærstu bílategundir í heiminum og við höfum líka komið að gerð tónlistarmyndbanda, t.d. fyrir Björk,“ segir Arnar. „Ég er einna stoltastur af Stoke er djók sem við gerðum fyrir Ceres 4. Í sumar vorum við að mynda James Bond-bílinn Aston Martin á Suðurlandi. Það munaði litlu að við mynduðum í Seljavallarlaug – nei ég er að grínast. Svo vorum við að klára svaka snyrtivöruauglýsingar fyrir Noregsmarkað. Af öðrum nýlegum auglýsingum má nefna auglýsingar fyrir Sachs og Icelandair, þessi þar sem lagið Nína er spilað. Það eru ýmis stórverkefni í pípunum sem ég má náttúrlega ekkert tala um, en það má að lokum geta þess að ég er á lausu!“



## DÝRARÍKIÐ:
### MINNSTI HESTUR Í HEIMI

Þumalína (Thumbelina) er minnsti hestur í heimi. Hún er fimm ára og fæddist í smáhestabúi í St. Louis í Bandaríkjunum. Hún er miklu minni en hinir smáhestarnir og er talin vera dvergur. Dvergvaxinn smáhestur, það verður varla minna. Þumalína á meiri samleið með hundunum á búinu og leikur sér gjarnan við þá. Hún borðar bolla af korni tvisvar á dag og handfylli af heyi.



## SJÓNARHÓLL
### ÞRISVAR SINNUM STÆRRA IKEA

## *Ríkið vantar*

„Ég held að nýja IKEA hljóti að vera þrisvar sinnum leiðinlegri en sú gamla,“ segir Þorsteinn Bragi Jónínuson.



**ÞORSTEINN BRAGI JÓNÍNUSON**
Sérfræðingur

Í gær opnaði IKEA þrisvar sinnum stærri verslun í Garðabæ. „Maður skreppur ekkert í IKEA og er látinn skoða eldhúsinnréttingar og sófasett þótt mann vanti kannski bara glas. Ef það væri spiluð drungaleg tónlist liði manni eins og lambi á leið til slátrunar og byggist við að vera slátrað við kassann og hakkaður í pylsur í ísbúðinni. En búðin höfðar gríðarlega til kvenna, þær sjá hluti sem eru faldir inni á milli. Karlmenn sjá bara stóru hlutina og eru jafn mikið úti á þekju í IKEA og fiskar á reiðhjóli. Þetta er kostur líka. Maður getur sent konuna eina inn og beðið fyrir utan því maður veit að hún kemur út til að borða á endanum. Í gamla IKEA var hentugt að hafa ríkið við hliðina. Maður gat fengið sér einn volgan og svo látið konuna keyra heim. Því væri gott að fá ríkið þarna við hliðina á nýja staðnum.“

# Baltasar og gleymda Ísland

**Ísland hefur breyst á síðustu árum, segir fólk. Hér eru nokkrir milljarðamæringar og upp eru risnar glerfínar kauphallir sem minna á fjármálahverfi í stórborgum. En hefur í alvörunni svo mikið breyst? Í nýjustu mynd sinni Mýrinni ber Baltasar Kormákur saman andstæður: gleymda Ísland sem helst á ekki að sýna og nýja Ísland, vísindahverfið í Vatnsmýrinni og persónuleikalausu úthverfin. Baltasar fór á rúntinn um sögusvið Mýrarinnar.**



**BALTASAR OG BLOKKIN HANS ERLENDS** Velgengi Mýrinnar verður ekki mæld í erlendum verðlaunum heldur hve margir Íslendingar fara og sjá hana í bíó. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Hér eru sprungurnar sem koma Erlendi á sporið,“ segir Baltasar og klappar á sprunginn húsvegg. Við erum í garði hins myrta Holbergs í Norðurmýrinni. „Við þurftum ekki mikið að gera hérna til að geta byrjað að taka,“ segir Baltasar. „Eiginlega bara að fjarlægja trampólínið.“

Lagst var í ítarlegar tökustaðanjósnir áður en tökur Mýrarinnar hófust. „Ég og Atli Geir Grétarsson fórum á hvern einasta blett hérna í Norðurmýrinni og á Suðurnesjunum. Kíktum inn í garða og skoðuðum kjallaradyr. Íbúarnir spáðu mikið í það hvað við værum eiginlega að gera, sérstaklega úti á landi. Fólk var líklega hrætt, minnugt þess að í Neskaupsstað kveikti ég í, en allir voru almennilegir. Það nýttist mér vel að ég átti svo margar kærustur á 9. og 10. áratugnum. Ég hef búið svo víða í bænum og þekki vel til.“

Við erum komnir í húsagarð á milli Njálsgötu og Grettisgötu. „Ég fer alltaf í nostalgíukast þegar ég kem á svona staði. Finnst eins og ég hafi gengið inn í æsku mína. Hér hefur ekkert verið tekið til síðan 1960,“ segir Baltasar og bendir á kjallaradyr: „Þarna finnur Erlendur dóttur sína í dópgreni. Við þurftum lítið að gera hérna, settum bara nokkrar bjórdósir á borðið og þá gátum við byrjað að taka.“

BSÍ og Hlemmur koma nokkuð við sögu í Mýrinni. Baltasar þykir vænt um staðina. „Það að taka strætó á Hlemmi er hálfgerð tímavél í sjálfu sér. Það tekur enginn strætó lengur. Og BSÍ. Þar hefur ekki mikið breyst og fólkið sem er þar minnir á gamla tíma. Maður sér þessar týpur varla annars staðar. Konan mín fer þangað oft og fær sér sviðakjamma. Eins og Erlendur.“

Baltasar segir að tengingin við erfðatæknina hjá deCODE hafi vakið áhuga sinn á Mýrinni. „Það að ný tækni geti ljóstrað upp um leyndarmál ömmu þinnar er áhugaverð pæling sem gerir Mýrina að meira en hefðbundinni löggumynd. Ég læt deCODE-starfsmanninn búa í einu af þessum úthverfum hjá Smáralind. Maður var mikið þarna sem barn í hesthúsunum hjá Gusti. Þurfti stundum að labba á undan bílnum í stórhríð. Þarna var ekkert nema hesthúsin og ein hellusteypa.“

Baltasar segir að Mýrin sé ekki bara um gleymda Ísland heldur líka um gleymda leikara. „Guðmunda Elíasdóttir óperusöngkona er með, og líka Þórunn Magnea Magnúsdóttir, Eyvindur Erlendsson og Aggi sem var í Skyttunum. Mýrin er dálítið eins og heimildarmynd um leikara sem vilja gleymast og hluta af Íslandi sem við viljum ekki kannast við. Ég hef verið skammaður fyrir að sýna of mikið af þessum hluta. Það á allt að vera svo glossí og helst má bara sýna Bláa lónið og Perluna. Það er eins og við séum spéhrædd gagnvart stórum hluta af Íslandi. Þessir staðir eru eins og herbergi sem er ekki búið að taka til í og við læsum þegar gestir koma í heimsókn. En þetta eru áhugaverðir kontrastar. Það er himinn og haf á milli fólks hérna. Verðbréfafólksins með ofurlaunin í fínu veislunum sem heldur sig í persónuleikalausum úthverfum og hinna sem eru eftir.“

Síðasta stopp er stór blokk í Ljósheimunum, heimili Erlends. „Það er fallegt skot í myndinni þegar Erlendur er einn úti á svölum að reykja,“ segir Baltasar og bendir. Leikstjórinn segist hafa nokkuð góða tilfinningu fyrir frumsýningunni á fimmtudaginn. „Það hefur satt að segja ekki gengið vel að fá fólk á íslenskar myndir síðustu misserin og Hafið á eiginlega síðasta góða árangurinn, 60 þúsund manns sáu hana. Velgengni Mýrarinnar verður ekki mæld í erlendum verðlaunum heldur hvað margir Íslendingar fara og sjá hana í bíó.“ **gunnarh@frettabladid.is**



**NOSTALGÍSK STEMNING Í HÚSAGARÐI** Guðmundur Indriðason losar sig við ruslpóst dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**SPRUNGNI VEGGURINN Í NORÐURMÝRINNI** Kom Erlendi á sporið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




**BALTI Á HLEMMI** Það er hálfgerð tímavél að fara í strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


**Rjúpnaveiðimenn athugið**

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum starfar á grundvelli laga nr. 47/2004. Mörk þjóðgarðsins skv. 1.gr eru sýnd á meðfylgjandi korti.



**Samkvæmt 11.grein reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum er öll skotveiði bönnuð innan marka þjóðgarðsins.**

Nánari upplýsingar og hnitsett kort má finna á heimasíðu þjóðgarðsins **www.thingvellir.is**




Accord Sport 2,0i, beinskiptur,
155 hestöfl, ABS bremsur með EBD, stöðugleikakerfi,
skrikvörn, 6 loftpúðar/gardínur, 16" álfelgur,

**23.174** kr. á mánuði*
**2.549.000** kr.

# FIMM SINNUM BETRA VERÐ



Accord Sport 2,0i, sjálfskiptur, 155 hestöfl,
ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn,
16" álfelgur, 6 loftpúðar/gardínur.

**24.084** kr. á mánuði*
**2.649.000** kr.



Accord Type – S 2,4i, beinskiptur, 190 hestöfl,
ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 17" álfelgur,
leðursæti, 6 loftpúðar/gardínur.

**27.988** kr. á mánuði*
**3.079.000** kr.

Accord Executive 2,0i, sjálfskiptur, 155 hestöfl,
ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 16" álfelgur, leðursæti,
6 loftpúðar/gardínur, rafmagn í sætum, sóllúga.

**27.220** kr. á mánuði*
**3.049.000** kr.



Accord Executive 2,4i, sjálfskiptur, 190 hestöfl,
ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 17" álfelgur,
leðursæti, 6 loftpúðar/gardínur, rafmagn í sætum.

**31.262** kr. á mánuði*
**3.439.000** kr.



honda.is

Þú hefur úr fimm Honda Accord bílum að velja; allir hlaðnir búnaði og á lægra verði en sambærilega búnir leiðandi keppinautar. Hvort sem þú myndir bera 190 hestafla Executive útfærsluna við BMW 3 línuna eða 155 hestafla Sport útgáfuna við Toyota Avensis þá er það engin samkeppni. Honda Accord kemur sterkastur út úr samanburðinum. Komdu og kynntu þér hvernig þú getur fengið mest fyrir peninginn. **Með fimm Honda góð kaup til að velja úr er ekki hægt að velja rangt.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

*Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 60 20 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

## Svona erum við

> Fjöldi Íslendinga í þjóðkirkjunni.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÁFENGISAUGLÝSINGAR

# *Áfengisauglýsingamál reynast erfið*

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í fyrradag mann til að greiða 600.000 krónur í sekt fyrir að hafa auglýst áfengi í prentmiðlum. Sagði sakborningur að í tilviki einnar auglýsingarinnar hefði hreinlega gleymst að merkja inn að um léttöl væri að ræða.



**Hvernig eru lög um auglýsingabann?**
Samkvæmt 20. grein áfengislaga eru hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur er heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja ef augljóst er að um óáfenga drykki er að ræða.

**Hvernig virka lögin?**
Starfshópur á vegum Ríkislögreglustjóra sem gerði úttekt á áfengisauglýsingum árið 2001 benti á það í skýrslu sinni að reynslan sýndi að mál vegna áfengisauglýsinga reyndust lögreglu og ákæruvaldi erfið. Talsvert væri um að áfengisauglýsingamálum, sem vísað hefur verið til dóms með ákæru, hefði lokið með sýknu. Starfshópurinn vísaði til þess að í Noregi tæki bann við áfengisauglýsingum einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum eða einkennum. Lagði starfshópurinn til að sú leið yrði einnig farin hér landi.

**Eru breytingar fram undan?**
Frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi um breytingu á áfengislögum þar sem bann við auglýsingu eigi við ef hætta sé á ruglingi á milli áfengu vörunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa. Segir í frumvarpinu að tilgangur þess sé að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið eins og að framan er lýst.

**SPURT & SVARAÐ**
DOWNS-HEILKENNI

## *Njóta lífsins á sinn hátt*



**INGÓLFUR EINARSSON**
Barnalæknir.

Ráðstefna um Downs-heilkenni var haldin fyrir skömmu. Þar voru kynntar niðurstöður könnunar sem gerð var á meðal fjölskyldna barna með heilkennið. Ingólfur Einarsson, barnalæknir á Greiningar- og ráðgjafarmiðstöð ríkisins, stóð að könnuninni.

**Hvernig lýsir Downs-heilkenni sér?**
Það lýsir sér helst í útlitssérkennum, ýmsum göllum á líffærakerfum og þroskafrávikum.

**Eru líkamlegir kvillar algengir?**
Almennir kvillar eru algengari hjá þessum einstaklingum. Þar má nefna öndunarfærasýkingar, eyrnabólgur og þetta dags daglega er tíðara hjá þessum einstaklingum. Það helgast bæði af byggingarlagi og vægri ofnæmisbælingu.

**Hver eru lífsgæði þessa fólks?**
Lífsgæðin eru bara eins og gengur og gerist. Þessir einstaklingar taka þátt í öllu sem er í boði í samfélaginu og eru oftast hamingjusöm eins og við hin. Þau eru hamingjusöm á sínum forsendum og ef þau fá viðunandi aðstoð og stuðning þá lifa þau fyllilega góðu lífi. Það er það sem við erum að reyna með okkar aðkomu á Greiningarstöðinni.

# Rauður ís við Kanadastrendur

**Vöðuselsveiðar í atvinnuskyni hafa verið stundaðar í Kanada allt frá því snemma á 18. öld. Veiðarnar lögðust nánast af fyrir um 25 árum vegna alþjóðlegra mótmæla. Veiðar eru nú stundaðar af krafti að nýju og um ein milljón selkópa hefur verið veidd á undanförnum þremur árum.**



**Á ÍSNUM** Vöðuselurinn kemur í milljónavís á rekísinn við strendur Kanada til að kæpa. Stofninn hefur náð sér eftir miklar veiðar á árum áður og telur rúmlega fimm milljón dýr. MYND/GARRY STENSON



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Fyrir þremur árum tóku kanadísk stjórnvöld þá ákvörðun að hefja selveiðar af krafti að nýju. Þá var heimiluð veiði á allt að 350 þúsund dýrum og hefur hún haldist síðustu þrjú ár. Þetta er stærsti selveiðikvóti sem gefinn hefur verið út í um hálfa öld og dýraverndunarsinnar hafa mótmælt af nokkrum krafti. Selveiðar við austurströnd Kanada lögðust nánast af fyrir um 25 árum síðan vegna öflugra alþjóðlegra mótmæla eftir að myndskeið birtust frá veiðisvæðum norðan við Prince Edward-eyju af veiðimönnum að rota selkópa. Veiðarnar nú eru undir ströngu eftirliti og eru flestir selirnir skotnir en ekki rotaðir eins og áður var. Veiðarnar eru háðar þeim takmörkunum að ekki má nota skip stærri en 20 metra löng og bannað er dráp á kópum meðan feldur þeirra er enn hvítur.

**Vöðuselur**
Vöðuselur lifir í Norður-Atlantshafi og Norður-Íshafi, nánar tiltekið í grennd við eyjarnar norðaustan við Kanada, við Grænland, Svalbarða og í hafinu norðan Rússlands. Vöðuselurinn er stærsti selastofn beggja vegna Grænlands en íslenskt nafn sitt dregur hann af stórum vöðum sem gengu af þessum sel til Íslands hér á öldum áður. Þeir voru þá veiddir í stórum stíl hérlendis en úr slíkri veiði dró mikið á 19. öld. Vöðuselurinn hefur í gegnum tíðina verið mest veiddur af þeim þjóðum sem hafa að honum bestan aðgang; Kanadamönnum, Grænlendingum, Norðmönnum og Rússum.

Vöðuselurinn er mikið flökkudýr og hafa nýjar rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar í Kanada, þar sem notaðir eru sérstakir gervihnattasendar, sýnt að einstök dýr ferðast tíu til tólf þúsund kílómetra á milli sumar- og vetrarstöðva sinna.

**Veiðiaðferðir**
Kæpingartími vöðusela er frá seinni hluta febrúar fram í miðjan mars, en þá safnast þeir saman í stórar vöður til þess að kæpa á rekísnum. Urturnar næra kópa sína á mjólk sem er afar næringarrík og þeir þyngjast því mikið á stuttum tíma. Aðeins tólf til fjórtán dögum eftir að kópurinn kemur í heiminn fer urtan sína leið. Kóparnir þurfa eftir það að veiða sér til matar sjálfir. Á þessum tímapunkti er selurinn veiddur en þá hefur feldur þeirra tekið á sig bláan lit. Veiðar eru bannaðar á meðan feldur þeirra er hvítur, sem vekur athygli.

Dr. Garry Stenson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun Kanada, hefur stundað rannsóknir á selum um árabil og fylgst náið með selveiðum í því samhengi. „Það er mín skoðun að veiðarnar hafi verið sjálfbærar og mannúðlegar. Hins vegar hefur sjónræni þátturinn hér mikið að segja því það er mjög grafískt þegar selkópi blæðir á hvítan feldinn og á ísinn. Einnig að hann er ennþá að nærast hjá urtunni. Veiðarnar eru því aðeins leyfðar eftir að urtan yfirgefur kópinn.“

**Að skjóta og dauðrota**
Veiðimenn í Kanada nota tvær aðferðir við að veiða vöðusel. Langflestir þeirra eru skotnir með kraftmiklum rifflum. Lengi hefur einnig tíðkast að dauðrota selinn með þar til gerðri kylfu. Þessi kylfa hefur verið fordæmd og rök dýraverndunarsinna hafa verið þau að það sé ómannúðlegt að dauðrota selinn með þessu verkfæri. Hins vegar hafa allar rannsóknir sýnt að svo er alls ekki. Kylfan er þung og höfuðkúpa selkópsins þunn. Dýrið deyr samstundis við fyrsta högg. Svo vill til að kylfum er beitt við veiðarnar á ísnum norður af Prince Edward-eyju. Mjög auðvelt er að komast til þessara veiðisvæða með þyrlu og blaðamenn og öfgafullir dýraverndunarsinnar hafa því nýtt sér það til að taka myndir í áróðursskyni gegn veiðunum. Menn hafa því löngum lagt að jöfnu hin sjónrænu áhrif við veiðarnar, því flestum finnst það ógeðfellt að sjá selkóp drepinn á þennan hátt, og að þær hljóti að vera ómannúðlegar vegna þess hversu blóðbaðið er mikið. Umhverfisverndarsamtökin World Wildlife Fund, sem eru frekar hófsöm samtök, fordæma þessar veiðar ekki. Afstaða samtakanna er skýr, þau telja þær sjálfbærar og einbeita sér að málefnum þar sem þeir telja að lífríkinu sé ógnað.

**Í sögulegu hámarki**
Vöðuselsstofninn í Norðvestur-Atlantshafi telur rúmlega fimm milljónir dýra og 350 þúsund dýra veiði er að öllu leyti sjálfbær. Stofninn er því nálægt því að vera í sögulegu hámarki. Þær raddir heyrast nú æ oftar að nauðsynlegt sé að fækka í þessum selastofni.

Vöðuselurinn étur mikið af fiski; mest loðnu, síli og síld. En hann étur líka botnfisk eins og þorsk, sem talinn er vera tvö til þrjú prósent af æti tegundarinnar. Vegna stofnstærðarinnar telur þetta vel á annað hundrað þúsund tonna við Kanada. Þetta er sett í samhengi við hrun botnfiskstofna í Norðvestur-Atlantshafi sem reynt hefur verið að byggja upp frá 1992 með nær algjöru veiðibanni. Veiðibannið hefur lítinn árangur borið og sumir kjósa að benda á selinn og gríðarlega fjölgun hans sem eina megin ástæðuna fyrir því að norðurstofninn ætlar seint að jafna sig.

Þessum hugmyndum og veiðum yfirleitt er mótmælt á hefðbundinn hátt og kanadískir fjölmiðlar hafa nýlega sýnt Birgittu Bardot grátandi á blaðamannafundum. Pamela Anderson tekur undir sjónarmið hennar og biður vöðuselnum griða.

## Markaðir

Vöðuselurinn er aðallega veiddur vegna skinnana. Kanadamenn flytja reyndar einnig út sellýsi og selkjöt en í takmörkuðu magni þó, því dregið hefur úr eftirspurn eftir þeim afurðum í Asíu. Útflutningur selskinna til Asíu hefur hins vegar aukist stórum og Asíumarkaður hefur leyst Evrópumarkað af hólmi sem helsta markaðssvæði skinna. Selurinn er unninn að mestu leyti í Nýfundnalandi og Labrador og verðmæti veiðanna eru nálægt tveimur milljörðum íslenskra króna árlega. Til samanburðar má nefna að tíu kanadískir dollarar fengust fyrir skinnin frá því Evrópusambandið bannaði innflutning á selskinnum árið 1983, enda voru þá helstu markaðir lokaðir, en árið 1996 komust selskinn aftur í tísku og veiðimennirnir fá í dag um 40 kanadíska dollara fyrir skinnið.




**KÆPINGARSVÆÐI VÖÐUSELS** Rauðmerkt svæði tákna hvar vöðuselurinn safnast saman til að kæpa á ísnum.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ




# SÝNING UM HELGINA




## 25% AFSLÁTTUR

Vegna hagstæðra samninga við Lineadecor getum við nú boðið **allar** pantaðar eldhúsinnréttingar með 25% afslætti **út nóvember**.








Það eru nánast engin takmörk fyrir möguleikum í hönnun og skipulagi á draumaeldhúsinu þínu. Hjá Lineadecor stendur úrvalið á milli 25 gerða af eldhúsum, allt frá nútímalegum til klassískra innréttinga, ljósra sem dökkra og endalausra samsetninga lita, forms og mismunandi lausna sem eru sérsniðnar að þörfum þínum.

Verðið kitlar, útlitið heillar og gæðin eru ósvikin hjá Lineadecor. Láttu drauminn rætast, kíktu í heimsókn og leyfðu okkur veita þér innblástur og létta þér verkið.

Hlökkum til að sjá þig!




**Rafha ehf**

Opið
Virka daga 09-18
Laugard. 14. okt 10-16
Sunnud. 15. okt 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.469 **-0,65%**

**Fjöldi viðskipta:** 421
**Velta:** 4.002 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Avion** | **+1,62%** | **Actavis** | -2,00% |
| **Vinnslustöðin** | **+1,12%** | **FL Group** | -1,30% |
| **Atlantic Petr.** | **+0,86%** | **Icelandic Group** | -1,24% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 68,50 -2,00% ... Alfesca 5,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 590,00 +0,86% ... Atorka 6,44 -0,92% ... Avion 31,30 +1,62% ... Bakkavör 58,20 -1,19% ... Dagsbrún 5,10 +0,20% ... FL Group 22,70 -1,30% ... Glitnir 21,50 +0,00% ... Kaupþing 886,00 -0,90% ... Landsbankinn 27,70 +0,36% ... Marel 80,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 -1,16% ... Straumur-Burðarás 17,20 -0,58% ... Össur 124,50 +0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Minnsti hluthafinn talar**

Hluthafafundur Stork N.V. í Hollandi dróst á langinn í gær þar sem margir vildu taka til máls. Stærstu hlutafar báðu um fundinn til að kjósa um hvort seldir yrðu frá Stork hlutir á borð við matvælavinnslu. Kjarnastarfsemi Stork er í flugvélaiðnaði. Stork á sér 180 ára sögu í Hollandi og breytingar stórviðkvæmt mál. Þannig upplýsti talsmaður verkalýðsfélags sem til máls tók hvernig félagið hefði, fyrir fundinn, keypt eitt hlutabréf í Stork með það fyrir augum að fá málfrelsi á fundinum. Í langri yfirlýsingu sem fulltrúinn flutti svo lýsti hann því jafnframt yfir að gengju eftir hörmulegar fyrirætlanir um uppskiptingu Stork myndi verkalýðsfélagið selja þetta eina hlutabréf sitt við fyrsta tækifæri.



**Varkári verðbréfasalinn**

Stork og aðilar deilna um framtíð fyrirtækisins hafa vakið mikla athygli í Hollandi. Fjallað er um málið í öllum helstu fjölmiðlum og brugðið upp mynd af persónum og leikendum. Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, er engin undantekning þar á. Í klausu eins blaðsins segir blaðamaður frá því að Árni Oddur hafi eitt sinn verið spurður hvernig væri best að ná í hann til myndatöku. Svarið var: „Þetta er sniðug aðferð til að ná í GSM-númerið mitt." Blaðamaðurinn segir Árna Odd varkáran og í viðbragðsstöðu gagnvart óbeinum spurningum. „Ekki slæmur eiginleiki hjá manni sem er í senn bankamaður, verðbréfasali og frumkvöðull," segir blaðamaðurinn, sem er greinilega hrifinn og segir þennan unga mann skjótan til verka í viðskiptum og skjótari en keppinautanna.

## MARKAÐSPUNKTAR

Heildarviðskipti á skuldabréfamarkaði námu 26,3 milljörðum króna í gær. Þetta er annar veltumesti dagurinn á markaðnum. Mesta velta á markaðnum var 19. september síðastliðinn en þá nam hún 28,7 milljarðar króna.

Bandaríska hlutabréfavísitalan Dow Jones sló met í gær og rauf 11.900 stiga múrinn. Ástæðan er aukin bjartsýni fjárfesta í kjölfar góðrar afkomu fyrirtækja á borð við McDonald's þrátt fyrir að hægt hafi á efnahagslífinu vestanhafs.

Fjöldi atvinnuleyfa og nýskráninga erlendra starfsmanna frá nýjum ríkjum ESB var um 1.500 á þriðja fjórðungi þessa árs. Þetta er um 30 prósenta fækkun frá síðasta ári en hátt í sögulegu samhengi, að sögn greiningardeildar Kaupþings.

# Varað við skattahækkun

Hækkun fjármagnstekjuskatts er ekki fallin til að vinna gegn óréttlæti og því síður líklegt til þess að auka tekjur ríkisins. Þetta eru viðbrögð við frumvarpi þar sem kveðið er á um að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður í átján prósent.

Í skoðuninni segir það á misskilningi byggt að hækkun fjármagnstekjuskatts auki tekjur ríkissjóðs. Reynsla síðustu ára sýni að skattalækkanir hafi skilað ríkissjóði síauknum tekjum og þar hafi skattur á fjármagnstekjur vaxið með meiri hraða en nokkur annar skattstofn. Hækkun fjármagnstekjuskatts gangi þar að auki þvert á hugmyndir um Ísland sem alþjóðlega miðstöð fjármála og myndi höggva skarð í efnahagsumbætur undanfarinna ára. Telur ráðið að skatttekjur ríkissjóðs myndu dragast saman við hækkun fjármagnstekjuskatts og draga myndi úr erlendum fjárfestingum hérlendis.

Viðskiptaráð segir útreikninga sína sýna að hið meinta óréttlæti sem talið er felast í því að lægri skattar eru greiddir af fjármagnstekjum sé ekki til staðar. Þvert á móti greiði margir launþegar hlutfallslega lægri skatt en greiddur er af fjármagnstekjum. **- hhs**

# Pressan eykst á stjórn Atlas

Avion Group hefur fyrir hönd Eimskips í Kanada framlengt tilboð sitt í Atlas Cold Storage sem renna átti út þann 17. október til 20. október. Skilmálar þess eru óbreyttir.

Stjórn Atlas Cold Storage hefur hingað til mælt gegn tilboðinu í þeirri von að hún fái aðra fjárfesta til leiks sem vilji yfirtaka félagið fyrir hærra verð en Avion býður.

Þrýstingur á stjórnina hefur nú aukist um að ná fram hærra tilboði fyrir 20. október, annars má ætla að trúverðugleiki hennar gagnvart hluthöfum bíði hnekki.

Í samvinnu við aðra hluthafa ræður Avion um 13,9 prósentum hlutafjár í Atlas Cold Storage.

Heildarvirði Atlas er um 35 milljarðar króna samkvæmt tilboði Avion Group. **- eþa**

# Kaupir meira í Tanganyika

Straumur-Burðarás hefur aukið hlut sinn í kanadíska olíu- og gasframleiðandanum Tanganyika um 2,5 prósent og nemur heildareign Straums nú um 12,6 prósentum. Markaðsvirði hlutarins er um 4,5 milljarðar króna en eignarhluturinn er einn sá stærsti í eignasafni Straums.

Bréf í Tanganyika hafa hækkað um tæp fjörutíu prósent frá áramótum. **- eþa**

# Marel er skrefi nær yfirtöku Stork Food Systems

**Hart var deilt á græðgi bandarísku fjárfestingarsjóðanna sem mest eiga í hollensku samstæðunni Stork á hluthafafundi í gær. Samþykkt var tillaga þeirra um sölu hluta starfseminnar. Marel sér tækifæri í samruna við Stork Food Services.**



**YFIRMENN STORK N.V. Í HOLLANDI** Hluthafafundur Stork samþykkti í gær að skipta félaginu upp. Hér má sjá Hans Bouland, framkvæmdastjóra vélahlutaframleiðslu Stork, Sjoerd Vollebregt, forstjóra samstæðunnar, og Maarten Schonfeld, fjármálastjóra Stork. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hluthafafundur Stork N.V. í Hollandi samþykkti í gær með 82 prósentum atkvæða að skipta upp félaginu og selja frá kjarnastarfseminni, flugvélaiðnaði, ýmsar hliðargreinar. Við þetta aukast líkurnar á að Marel hf. fá keyptan matvælavinnsluvélahluta samstæðunnar, Stork Food Systems.

Á fundinum voru mættir fulltrúar um 52 prósenta hlutafjár og sögðu 42,5 prósent já. Fundurinn var boðaður að beiðni tveggja bandarískra fjárfestingarsjóða sem saman fara með um 32 prósent atkvæða. Sjóðirnir vilja skipta félaginu upp, en stjórn þess og fjórstjóri eru því andsnúin. LME, eignarhaldsfélag Marels, Landsbankans og Eyris Invest á svo átta prósenta hlut í Stork.

Harðar deilur urðu á fundinum sem stóð í tæpar fimm klukkustundir. Skipting Stork er hitamál í Hollandi, en félagið á sér þar 180 ára sögu og því viðhorfi flaggað að í félaginu hafi náð undirtökum talsmenn kaldrar amerískrar peningahyggju sem hafi skammtímagróða að markmiði.

Forstjóri Stork, Sjoerd Vollebregt, var á fundinum spurður beint út í áhuga Marels á Stork Food Systems og hvort viðræður hefðu átt sér stað milli félaganna. „Fjöldi fyrirtækja bankar upp á hjá okkur og þykist sjá mikil samlegðaráhrif með starfsemi sinni og okkar. Viðræður sem við eigum á þessum nótum eru hins vegar eðli málsins samkvæmt bundnar trúnaði," sagði hann og fékkst hvorki til að játa því né neita að félagið ætti í viðræðum við Marel. Forstjórinn er á móti skiptingu félagsins.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, vísar til fréttatilkynningar félagsins á mánudag um að óformlegar viðræður hafi átt sér stað, en bætir við að nú sé beðið viðbragða stjórnar Stork við ákvörðun hluthafafundarins í gær. Þegar hún komi verði hægt að hugleiða næstu skref.

Verði af samruna Marels og Stork Food Systems, sem metinn hefur verið á um 25 milljarða króna, tvöfaldast stærð fyrirtækisins og til verður stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Núna er Marel meðal fjögurra stærstu, en hvert um sig er með um 8 prósenta markaðshlutdeild. **olikr@frettabladid.is**





**Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg — Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


# Vaxtaaðhaldið er bara rétt að byrja

**Raunvextir fara hækkandi með lækkun verðbólgu.**

Raunvextir ná hámarki á fyrri hluta ársins 2007 að mati Greiningardeildar Kaupþings sem býst við að þeir verði þá komnir í átta prósent.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildarinnar, telur sennilegt Seðlabankinn hækki ekki frekar vexti en ekkert bendi til þess að vaxtalækkanir hefjist í bráð. „Á sama tíma bendir allt til þess að verðbólga gangi hratt niður. Það þýðir það að raunvextir muni hækka."



**ÁSGEIR JÓNSSON** Áframhaldandi hátt vaxtastig og lækkun verðbólgu þrýstir raunvöxtum upp á við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ásgeir telur að aðalaðhaldið í peningamálastefnunni sé rétt að byrja með hækkun raunvaxtastigs. Verði þetta raunin komist raunvextir í svipaða stöðu og árið 2002 þegar verðbólga gekk hratt niður og vextir voru háir á sama tíma. „Þá tók hagkerfið á sig töluverðan skell," segir Ásgeir og bætir við að raunvextir séu hinn eini raunverulegi mælikvarði á fjármögnunarkostnað bankanna og fyrirtækjanna.

Ásgeir bendir á að raunvextir hafi lækkað lengi vel árið 2004 og fram á árið 2005 á sama tíma og Seðlabanki var að hækka vexti. **- eþa**

***20 funda röð um málefni Suðurkjördæmis, byggða til sjávar og sveita. Almenn stjórnmál og erindi um margvísleg mál sem á brennur í íslenska samfélaginu. Fundirnir eru öllum opnir og er fólk hvatt til þess að mæta og taka þátt í umræðunni og leikgleðinni sem því fylgir.***



# Til sóknar fyrir SUÐURKJÖRDÆMI

### HELLA



**sunnudaginn 15. október.** Fundurinn verður í Árhúsum og hefst kl.15:00

Ræðumaður:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
FRAMTÍÐ LANDBÚNAÐAR.

### FLÚÐIR



**mánudaginn 16. október.** Fundurinn verður í Hótel Freyju, Minni Mástungu og hefst kl. 20:30.

Ræðumaður:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**ÁRNI JOHNSEN:**
MAÐUR ER MANNS GAMAN, sögur og söngvar.

### ÁRNES



**Skeiða- og Gnúpverjahreppi þriðjudaginn 17.október.** Fundurinn verður í Árnesi og hefst kl. 20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON Dómkirkjuprestur:**
ÍSLENSKA SAMFÉLAGIÐ OG SVEITIN

### BLÁSKÓGABYGGÐ



**REYKHOLTI miðvikudaginn 18. október** Fundurinn verður í Aratungu og hefst kl. 20:30

Ræðumaður:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál, framtíð Laugarvatns.
**ÁRNI JOHNSEN:**
ÍSLENSK TUNGA Í TÓNUM

### GARÐUR



**fimmtudaginn 19. október.** Fundurinn verður í Félagsheimilinu kl. 20:30.

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**GERÐUR KRISTNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR blaðamaður og rithöfundur:**
UPPLESTUR.
**ÁRNI JOHNSEN:**
Sagnalist og söngur.

### ÞINGVELLIR



**sunnudaginn 22. október.** Fundurinn verður í Valhöll og hefst kl.15:00.

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Landið í dag og á morgun.
**RÓBERT H. HARALDSSON heimsspekingur og dósent við Háskóla Íslands:**
MÁLFRELSIÐ OG TUNGUTAKIÐ.
**ÁRNI JOHNSEN:**
MAÐUR ER MANNS GAMAN, sögur og söngvar

### HEIMALAND



**mánudaginn 23. október.** Fundurinn verður í Félagsheimilinu og hefst kl. 20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**ÓLAFUR EGGERTSSON raforkubóndi Þorvaldseyri:**
VIRKJUN BÆJARLÆKJANNA.

### HVERAGERÐI



**þriðjudaginn 24. október** Fundurinn verður í Hótel Örk og hefst kl. 20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**ÞÓR SIGFÚSSON FORSTJÓRI SJÓVÁ:**
ÞÁTTTAKA EINKAAÐILA Í VEGAGERÐ

### EYRARBAKKI



**miðvikudaginn 25. október.** Fundurinn verður í Rauða húsinu og hefst kl.20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**MAGNÚS SKÚLASON framkvstj. Húsfriðunarnefndar:**
HÚSFRIÐUN OG VERNDUN BYGGÐAR

### GRINDAVÍK



**fimmtudaginn 26. október** Fundurinn verður í Sjólist og hefst kl. 20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál og brotthvarf ungs fólks úr framhaldsskólum.

**ÓLAFUR ARNBJÖRNSSON skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja:**
BROTTHVARF NEMENDA ÚR FRAMHALDSSKÓLUM OG SÓKNARFÆRIN Á HEIMAVELLI MEÐ TILVÍSUN TIL VEIÐARFÆRADEILDAR FS.

### HVOLSVÖLLUR



**mánudaginn 30.október.** Fundurinn verður í Hlíðarenda og hefst kl.20:30



Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.

**RAGNAR WESSMAN skólastjóri Hótel- og veitingaskólans og FRIÐRIK SIGURÐSSON matreiðslumeistari ræða:**
NÝJUNGAR Í FRAMREIÐSLU ÍSLENSKS HRÁEFNIS OG SÉRSTÖÐU ÞESS.

### STOKKSEYRI



**þriðjudaginn 31. október** Fundurinn verður í Menningarkaffi í Hólmaröstinni og hefst kl.20:30



Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**ERNA HAUKSDÓTTIR framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar:**
ÁHERSLUR Í FERÐAÞJÓNUSTU.
**BJÖRN INGI BJARNASON framkvæmdastjóri:**
NÝSKÖPUN Í MENNINGU.

### BORG Í GRÍMSNESI



**miðvikudaginn 1. nóv.** Fundurinn verður í Gömlu Borg og hefst kl. 20:30.

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN**
Byggða- og landsmál.
**VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON borgarstjóri:**
BYGGÐIRNAR OG BORGIN.

### REYKJANESBÆR



**fimmtudaginn 2. nóvember.** Fundurinn verður í Ránni og hefst kl. 20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**ÞÓRÓLFUR ÞÓRLINDSSON prófessor:**
FRUMKVÆÐI Í ÆSKULÝÐS- OG SKÓLAMÁLUM.

### HÖFN HORNAFIRÐI



**föstudaginn 3. nóvember.** Fundurinn verður í Hótel Höfn og hefst kl.20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál
**ÞORSTEINN INGI SIGFÚSSON PRÓFESSOR:**
NÝSKÖPUN Í ATVINNULÍFI

### VESTMANNAEYJAR



**laugardaginn 4. nóvember.** Fundurinn verður í Fjólunni og hefst kl. 16:00.

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**ÁRNI SIGFÚSSON bæjarstjóri í Reykjanesbæ:**
UPPBYGGING SVEITARFÉLAGS.

### SELFOSS



**sunnudaginn 5. nóvember.** Fundurinn verður í Kaffi Krús og hefst kl.15:00

Ræðumaður:
**ÁRNI JOHNSEN:**
MÁL UNGA FÓLKSINS OG ELDRI BORGARA

### ÞORLÁKSHÖFN



**mánudaginn 6. nóvember.** Fundurinn verður í Kiwanishúsinu og hefst kl. 20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**JÓN B. STEFÁNSSON skólameistari Fjöltækniskóla Íslands:**
SKIPSSTJÓRNARMENNTUNIN og FRAMTÍÐIN.

### VÍK Í MÝRDAL



**þriðjudaginn 7. nóvember.** Fundurinn verður í Víkurskála og hefst kl. 20:30.

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**ÓMAR RAGNARSSON:**
NÝTING LANDS OG NÁTTÚRUVERND

### SANDGERÐI



**miðvikudaginn 8. nóvember.** Fundurinn verður í Fræðasetrinu og hefst kl. 20:30

Ræðumenn:
**ÁRNI JOHNSEN:**
Byggða- og landsmál.
**ÞORSTEINN I. SIGFÚSSON prófessor:**
NÝSKÖPUN Í ATVINNULÍFI.

**Fundaboðandi vill ítreka hvatningu til Suðurkjördæminga, íbúa Suðurkjördæmis, að mæta á boðaða fundi til skrafs og ráðagerða um efni fundanna. Jafnframt vill fundaboðandi þakka öllum ræðumönnum þátttökuna, og innleggið með erindum sínum á eigin forsendum í almenna umræðu um landsins gagn og nauðsynjar.**

***Með von um góða þátttöku og jákvætt innlegg í lífsanda og leikgleði Suðurkjördæmis.***

*ÁRNI JOHNSEN.*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skammgóður vermir fyrir kjósendur:

## Opinber óróleiki

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Ráðherrar í ríkisstjórninni verða að gera sér grein fyrir því að lítið þarf til að raska jafnvægi íslenska hagkerfisins meira en orðið er. Seðlabankinn hefur átt í erfiðleikum með að hemja hagkerfið vegna stóriðjuframkvæmda og hækkandi fasteignaverðs. Horfur eru á að það sé að takast, miðað við verðbólgutölur sem birtust í fyrradag. Spá margir að verðbólgan verði komin í viðunandi horf á næsta ári. Það er samt ekkert sjálfgefið og margir óvissuþættir í öllum útreikningum.

Því hefur margoft verið haldið fram að stjórnmálamenn láti Seðlabankanum nánast einum eftir að koma böndum á sífellt hækkandi verðlag. Virðist vera nauðsynlegt að ítreka það.

Síðast í fyrradag hélt Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra því fram á Alþingi að hækka þyrfti hlutfall hámarkslána Íbúðalánasjóðs aftur í 90 prósent. Einnig að taka þyrfti mið af öðru en brunabótamati við ákvörðun láns – þá líklega markaðsvirði.

Nú nema hámarkslán Íbúðalánasjóðs 80 prósentum af brunabótamati, sem er oftast nokkuð lægra en markaðsverð fasteigna. Var hlutfallið fært niður í júlí 2006 og var hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr eftirspurn í hagkerfinu.

Í fyrsta lagi er stórfurðulegt að auka umsvif Íbúðalánasjóðs, sem nýtur ríkisábyrgðar, í samkeppni við bankana áður en sátt hefur náðst um framtíðarrekstrarform hans. Í öðru lagi eru breytingarnar til þess fallnar að auka eftirspurn eftir fasteignum og kynda undir hagkerfinu meira en ella. Það ógnar stöðugleikanum, sem ráðherrann vísaði til, og kemur því í bakið á fólki sem hann telur sig vera að vinna fyrir.

Magnús ber ekki einn mikla ábyrgð. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í sinni fyrstu stefnuræðu á Alþingi að óhætt væri að fella úr gildi ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í sumar um aukið aðhald í opinberum framkvæmdum. Davíð Oddsson seðlabankastjóri gagnrýndi þetta í viðtali við Viðskiptablaðið á miðvikudaginn. „Það má segja að bankinn hafi verið svolítið undrandi á því að ákvörðun um að draga úr framkvæmdum skyldi hafa verið svo fljótt kölluð til baka eins og raunin varð. Þær yfirlýsingar stóðu ekki í nema tvo eða þrjá mánuði,“ sagði hann.

Efnahagsástandið er nefnilega enn viðkvæmt. Ásgeir Jónsson, hagfræðingur greiningardeildar KB banka, sagði á fundi um efnahagsmál í vikunni að raunveruleg hætta væri á að íslenskt efnahagslíf væri á leið inn í nýja verðbólgu- og óstöðugleikatíma líkt og þekktist milli áranna 1970 og 1990. Slíkt ástand yrði aðeins kveðið niður með langvinnu og hörðu peningalegu aðhaldi.

Aukin útgjöld Íbúðalánasjóðs, auknar opinberar framkvæmdir og lækkun skatta á matvæli eru allt aðgerðir sem auka ekki aðhaldið. Og Alþingi hefur aðeins starfað í tvær vikur! Skattalækkanir eru mikilvægar til að minnka tekjuflæði í ríkissjóðs en um leið þýðir ekki að auka útgjöld hins opinbera. Þessu til viðbótar mæla fjáraukalög fyrir um 14 milljarða útgjaldaaukningu og allir vita hve mótstöðulitlir stjórnmálamenn eru gagnvart kröfum þrýstihópa á kosningavetri. Höfum í huga að fjárlagafrumvarpið er óafgreitt.

Það er skammgóður vermir fyrir kjósendur ef stjórnmálamenn slaka á aðhaldinu við þessar aðstæður. Örvænting ríkisstjórnarinnar má ekki leiða íslenskt efnahagslíf inn í nýja verðbólgu- og óstöðugleikatíma.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Landsbankaafli

Íslensk stjórnvöld hafa beitt miklum pólitískum þrýstingi svo sjóræningjaskiptið Polestar geti ekki landað svokölluðum „sjóræningjaafla“ af Reykjaneshrygg í Japan. Góður árangur náðist þangað til aflanum var umskipað og komið undan. Það gerði þó málflutning Íslendinga ótrúverðugan að fyrirtækið sem á Polestar og þar af leiðandi aflann um borð hefur verið þjónustað af Landsbankanum. Átti bankinn veð í skipi og afla. Brugðust menn í sjávarútvegi mjög harkalega við þessum fréttum. Halldór J. Kristjánsson bankastjóri óð í málið og fullvissaði menn um að bankinn hefði gripið til viðeigandi aðgerða. Ekki væri hægt að vita hvar öll fiskiskip allra fyrirtækja væru að veiðum.



### Opinberir póstar

Margir prófkjörsframbjóðendur gæta þess ekki alltaf að greina á milli pólitískra markmiða og starfa hjá hinu opinbera. Til dæmis sendi skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu tilkynningu til fjölmiðla um framboð Ragnheiðar Jónsdóttur í prófkjöri Samfylkingarinnar. Ragnheiður Hergeirsdóttir, Samfylkingunni, sendi sinn póst frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi og Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokki, notaði póstkerfi Iðntæknistofnunar til að tilkynna sitt framboð. Gylfi Arnbjörnsson notaði sitt prívat netfang til að kynna sitt framboð. Magnús Norðdahl notaði hins vegar póstkerfi ASÍ. Skyldu allir launþegar, sem eru skyldugir til að halda þeirri starfsemi uppi, vera ánægðir með það?



### Sykursætur ráðherra

Steingrímur J. Sigfússon gerði grín að ræðu Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra á Alþingi í gær þegar hann gaf skýrslu um Kárahnjúkavirkjun og Hálslón. Sagði hann Jón smyrja sykursætum orðum utan um fagrar lýsingar á jákvæðum áhrifum Kárahnjúka. Þetta samansafn orða gerði það að verkum að Jón væri „einn mesti candy-floss íslenskra stjórnmála fyrr og síðar“.

bjorgvin@frettabladid.is

# Upplýsingamengun



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Andrúmsloftið hreinsað

Sennilega ættum við að hafa minni áhyggjur af mengun úti í náttúrunni en af upplýsingamengun umhverfisöfgamanna, sem reyna að bæta það upp með hávaða, sem vantar á þekkinguna. Draga má úr mengun úti í náttúrunni með því að skilgreina eignaréttindi á þeim gæðum, sem menguð eru, og eftir það sjá eigendurnir um að gæta gæðanna. En heilu skógarnir hafa verið höggnir niður til að gera pappír í bækur og blöð umhverfisöfgamanna. Ég skal nefna nokkur dæmi um upplýsingamengun.

Bók undir hinu áhrifamikla heiti „Raddir vorsins þagna“ kom út á íslensku 1964. Höfundurinn, bandaríski líffræðingurinn Rachel Carson, hélt því fram, að skordýraeitrið DDT væri hættulegt fuglalífi á jörðinni. Carson var spámaður í sínu föðurlandi, og DDT var bannað í Bandaríkjunum 1972 og síðan miklu víðar. Það hafði tilfinningalegt aðdráttarafl að vera á móti einhverju, sem bar nafnið „eitur“. En rannsóknir hafa leitt í ljós, að vondar afleiðingar DDT voru mjög orðum auknar. Fuglategundir voru ekki í útrýmingarhættu vegna þess. Góðar afleiðingar efnisins voru hins vegar stórlega vanmetnar. Það er ódýrt og handhægt ráð til að drepa stórhættuleg skordýr, sem bera sjúkdóma milli fólks og eyða nytjajurtum. Einkum er það skætt vopn í baráttunni við mýrarköldu (malaríu), sem herjar á suðrænar þjóðir. Á hverju ári deyr um milljón manns af mýraköldu. Nú í september tilkynnti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, að hún mælti með því, að notkun DDT hæfist á ný.

Bókin „Endimörk vaxtarins“ kom út á íslensku 1974, en svonefndur Rómarhópur hafði tekið bókina saman. Meginboðskapur hennar var, að auðlindir jarðar væru á þrotum og mannkynið yrði að gerbreyta lífsháttum sínum. Róttæklingar þess tíma gripu verkið fegins hendi. Ég stundaði þá sagnfræðinám í Árnagarði. Þar sóttu líffræðinemar líka fyrirlestra. Mér er minnisstætt einn morguninn, þegar líffræðinemi, sem kunnur var að róttækni, sagði frá því á kaffistofunni, að hann hefði lesið bókina hugfanginn alla nóttina á undan. Nú væri sannað, að kapítalisminn væri feigur. En hrakspár Rómarhópsins hafa ekki gengið eftir. Til dæmis hefur verð

*En heilu skógarnir hafa verið höggnir niður til að gera pappír í bækur og blöð umhverfisöfgamanna.*

á 34 algengustu tegundum hrávöru lækkað frá 1980, ef tóbak er undanskilið. Í bókinni sagði einnig, að gull yrði þrotið árið 1979, jarðolía 1990, kopar 1991 og ál 2001. Nóg er nú til af öllum þessum efnum. Rómarhópurinn reiknaði ekki með aðlögunarhæfni og sköpunarmætti hins frjálsa markaðar. Mannlegt hugvit þrýtur seint, sé það ófjötrað.

Íslendingar kannast vel við þriðja dæmið. Um það er enginn ágreiningur í röðum vísindamanna, að margir hvalastofnar, þar á meðal allir þeir, sem hafast við á Íslandsmiðum, eru ekki í útrýmingarhættu. Ef eitthvað er, þá hefur hvalveiðibannið raskað náttúrulegu jafnvægi, því að sumir hvalastofnar hafa vaxið umfram það, sem eðlilegt má teljast. Þeir eru keppinautar okkar mannanna um æti í sjó. Engu að síður krefjast umhverfisöfgamenn algers hvalveiðibanns. Þeir líta fram hjá niðurstöðum íslenskra vísindamanna. Þeir hlusta ekki á rök.

Fjórða dæmið er „Óþægilegur sannleikur“, heimildamynd Als Gores, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, sem sýnd var hér í september. Hún hefði heldur átt að heita „Þægilegur hálfsannleikur“, því að Gore kynnir aðeins eitt sjónarhorn. Hann varar við yfirvofandi öngþveiti vegna loftslagsbreytinga og hvetur til tafarlausra aðgerða. Það er rétt, að hlýnað hefur á jörðinni um eitt hitastig síðustu öldina. Það er líka rétt, að koltvísýringur í andrúmsloftinu hefur aukist um 30% á sama tímabili. En af þessum staðreyndum verður ekki ályktað með neinni vissu, að menn valdi þessari hlýnun allri og þurfi að gerbreyta lífsháttum sínum í því skyni að stöðva hana. Loftslagið er undirorpið sífelldum breytingum. Hlýnað hefur áður á jörðinni, meðal annars þegar síðustu ísöld lauk og jöklar bráðnuðu. Þá var ekki koltvísýringi í andrúmsloftinu um að kenna. Margar aðrar skýringar geta líka verið á hinni tiltölulega litlu hlýnun síðustu hundrað ára, til dæmis eldvirkni á yfirborði sólar. Jafnvel þótt rétt reyndist, að aukinn koltvísýringur ylli einhverri um hlýnun jarðar (sem er þó ósannað), gæti verið, að það kæmi aðeins í veg fyrir nýja ísöld fremur en að það ylli óbærilegu tjóni.

Við erum öll græn. Við viljum öll óspillt umhverfi. En upplýsingamengunin hefur haft í för með sér eitrað andrúmsloft. Skemmst er að minnast, hvernig reynt var að æpa Björn Lomborg niður í Danmörku, þegar hann benti á, að heimur batnandi fer. Þarf ekki að hreinsa andrúmsloftið?

# Tækifæri í ellefu ár

UMRÆÐAN

Menntastefna



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Í orði kveðnu taka flestir undir mikilvægi menntunar og að hana beri að setja í forgang. En er í raun einhugur um þetta markmið?

Þegar litið er til þess hvaða sess menntamál skipa þarf fyrst að gera greinarmun á því menntakerfi sem sveitarfélögin reka í gegnum grunnskólana annars vegar og hins vegar því sem ríkið rekur í gegnum framhaldsskólana og háskólana.

Framlög sveitarfélaga í grunnskólana eru með því hæsta sem þekkist í heiminum og mikilvægt er að halda þeim góða árangri til haga. Jafnaðarmenn hafa leitt uppbygginguna flestra grunnskóla landsins með auknum fjárfestingum undanfarinn áratug, ekki síst í Reykjavík og í Hafnarfirði. Sé hins vegar litið til fjárfestinga ríkisins í skólastigin sem hún rekur, þ.e. framhalds- og háskólana, kemur aftur á móti í ljós að Ísland er fyrir neðan meðaltal OECD-þjóðanna.

Skólagjöld við Háskóla Íslands hafa verið hækkuð jafnt og þétt og Háskólabókasafnið býr við lakan kost. Sömuleiðis gerist það nú í fyrsta sinn að nemendur geta ekki treyst því að komast í þá skóla sem þeir kjósa. Sú fjármagnsaukning sem hefur fengist í Háskóla Íslands undanfarin ár hefur ekki haldið í við fjölgun nemenda.

Stúdentar við Háskóla Íslands standa nú fyrir svokölluðum meðmælum með menntun sem m.a. felast í því að koma háskólamenntun á stefnuskrár flokkanna fyrir komandi kosningar. Þetta er gott og þarft framtak.

En ástæða er til að benda á að ríkisstjórnin hefur haft undanfarin ellefu ár til að koma fram með metnaðarfyllri áform í menntamálum. Árangur ríkisstjórnarinnar hefur ekki verið sem skyldi, sérstaklega varðandi háskólana, og ekki er unnt að halda því fram að menntamál hafi verið í forgangi hjá ríkisstjórninni.

Samhliða blasir árangur jafnaðarmanna við hvað varðar grunnskólastigið. Samfylkingin hefur á þingi lagt fram metnaðarfull þingmál sem gera ráð fyrir stórauknum fjárfestingum í menntamál. Með þeim verður unnt að ná fram markmiðum háskólastúdenta um þekkingarþjóðfélag, nýsköpun og jafnrétti til náms.

*Höfundur er varaformaður Samfylkingarinnar.*

# Menntunin má ekki gleymast

**Umræðan**
Menntun er mikilvæg


ÁSGEIR RUNÓLFSSON


DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR

Vert er að vekja athygli á frábærum og þörfum leiðara Þorsteins Pálssonar, ritstjóra Fréttablaðsins og fyrrum forsætisráðherra, sem birtist undir yfirskriftinni „Rökræðan sem gleymdist“ í Fréttablaðinu síðastliðinn sunnudag. Þar skrifar Þorsteinn af innsæi og reynslu og spyr þeirrar nauðsynlegu spurningar hvernig á því geti staðið að umræða um menntamál, stærsta pólitíska viðfangsefnið, sé sem gleymd og grafin í hugum íslenskra stjórnmálamanna í upphafi þings.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur lengi barist fyrir aukinni áherslu á menntamál, og þá sérstaklega á háskólamenntun. Þess vegna er það ótvírætt fagnaðarefni þegar ritstjóri stærsta prentmiðils landsins tekur af skarið og dregur málaflokkinn fram í dagsljósið.

Taka ber undir það með Þorsteini að menntamál séu mikilvægasta pólitíska viðfangsefni samtímans. Efnahagur og velferð þjóðarinnar stendur og fellur með þeim. Vilji Íslendingar setja markið hátt og halda stöðu sinni sem eitt helsta velferðarríki veraldar verður menntakerfið að standa traustum fótum. Þar skortir því miður verulega á. Það er bláköld staðreynd að framlög til háskólamenntunar eru hlutfallslega hvergi lægri á Norðurlöndunum en hér. Ætlum við að verða áfram eftirbátar okkar helstu samanburðarþjóða þegar kemur að háskólamenntun eða ætla íslenskir ráðamenn að taka sig saman í andlitinu? Við þessari spurningu þurfa kjósendur að fá svör. Þeir verðskulda skýra valkosti.

Eins og Þorsteinn bendir á hefur umræðan um þennan málaflokk gleymst, þótt ótrúlegt megi virðast. Stjórnarflokkar sem stjórnarandstaða tipluðu á tánum yfir menntamálin í umræðum fyrstu þingdaganna og stúdentar og aðrir skynsamir hváðu í forundran. Því þeir sem til þekkja vita að það eru víða tækifæri í íslensku háskólasamfélagi til að gera betur. En þótt umræðan hafi gleymst er sem betur fer ekki of seint að minna á hana. Það er meginmarkmið stúdenta fram að kosningum.

Stúdentar og aðrir mæltu með því á Austurvelli í gær að Ísland verði þekkingarþjóðfélag í fremstu röð og Íslendingar verði ekki eftirbátar nágrannalandanna hvað varðar fjárframlög til háskólastigsins. Þeir minntu á mikilvægi menntunar og vilja að málaflokkurinn verði að helsta baráttumáli stjórnmálaflokkanna í aðdraganda þingkosninganna. Menntunin má ekki gleymast.

*Höfundar sitja báðir í Stúdentaráði og er Ásgeir framkvæmdastjóri ráðsins.*

# Handstýrðir biðlistar

**Umræðan**
Umönnun einhverfra barna

Ég var á rölti um netheimana og rakst óvart inn á heimasíðu Björns Inga Hrafnssonar. Þar var m.a. pistill þar sem fram kemur að staðan á frístundaheimilum borgarinnar sé býsna góð, mun betri en í fyrra. Mig rak í rogastans. Þannig vill til að ég er kennari í sérdeild fyrir einhverfa í Hamraskóla. Þar er hundrað prósent niðurskurður miðað við árið í fyrra.


ÆGIR MAGNÚSSON

Síðasta skólaár þurftu þrjú einhverf börn í Hamraskóla að nýta sér frístund. Þau fengu öll inni, og nutu góðrar þjónustu ósérhæfðra starfsmanna. Nú í ár þurfa sömu börn að nýta sér þessa þjónustu. Ekkert þeirra fær náð fyrir augum ÍTR. Það er vitað að börn með einhverfu þurfa meiri mönnun en „venjuleg“ börn, en þau eiga sinn rétt. Þann rétt ber að virða undanbragðalaust.

Á sömu heimasíðu skrifar höfundur um það mikla álag sem fylgir því að vera í stjórnmálum. Eflaust er oft álag á stjórnmálamönnum, en það er staða sem fólk kýs sér sjálft. Það kýs sér enginn að eiga fatlað barn. Því fylgir mikið álag á fjölskyldur. Ekki bætir úr skák að upplifa höfnun eins og nú á sér stað í Grafarvoginum. Stjórnmálamaðurinn getur hætt í stjórnmálum þegar honum sýnist svo en foreldraábyrgð fatlaðs barns hverfur ekki.

Svona að lokum. Er þetta ekki mál fyrir hin virku Íbúasamtök Grafarvogs. Takið nú við keflinu. Hvað er mikilvægara fyrir íbúasamtök en að gæta hagsmuna þeirra hverfisbúa sem misrétti eru beittir? Frá mínum bæjardyrum séð mun mikilvægara en ruslagámar og hraðbrautir. Lífið sjálft.

*Höfundur er sérkennari.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



~~14%~~ ~~24,5%~~

# 7%




## ÖLL MATVÆLI

KRÓNAN
ALLTAF BETRA VERÐ

# LÆKKUM STRAX

virðisaukaskatt af öllum matvælum!

Gildir:
föstudag – laugardag – sunnudag

## FINNDU MUNINN NÚNA

Lækkum strax virðisaukaskatt af öllum matvælum úr 14% og 24,5% í 7% eins og ríkisstjórni ætlar að gera á næsta ári. Gildir 13., 14. og 15. okt. 2006.
Að sjálfsögðu skilar Krónan virðisaukaskatti miðað við núgildandi lög til ríkisins.



# Ofbeldi leysir engan vanda

UMRÆÐAN
Hugmyndir í þágu friðar


ÞÓRÐUR SVEINSSON

Oft er hamrað á því við börn og unglinga að ofbeldi leysi engan vanda. Ég sem hernaðarandstæðingur er mjög svo hallur undir þetta sjónarmið, en hið sama held ég að gildi raunar um flesta Íslendinga. Við teljum okkur vera friðsöm og má segja að það sé einn ríkasti þátturinn í sjálfsmynd okkar sem þjóðar.

En þrátt fyrir þetta hefur það verið staðföst stefna íslenskra stjórnvalda um alllangt skeið – með örfáum undantekningum þó – að hér verði að vera erlendur her og að Ísland verði að eiga aðild að hernaðarbandalaginu NATO. Annars sé öryggi okkar stefnt í voða, svo sem vegna hernaðar- eða hryðjuverkárása. Þessar ógnir hafa hins vegar löngum verið í meira lagi óljósar. Þannig blasir það við að ekkert ríki hefur nokkurn minnsta áhuga á að ráðast á Ísland. Þá hafa hryðjuverkamenn hingað til ekki beint árásum sínum að herlausum smáríkjum eins og Íslandi heldur einbeitt sér að stærri löndum.

Í ljósi þessa þykir mér sem hernaðarandstæðingi kjörið að við Íslendingar göngum á undan með góðu fordæmi og höfnum öllum vígbúnaði og hernaðarbrölti. Ímynd okkar sem friðsamrar þjóðar – sem að vísu beið talsverðan hnekki vegna stuðningsins við Íraksstríðið – á að vera okkur næg vörn. Og þess vegna eigum við að sýna það og sanna fyrir umheiminum að vel má lifa í samræmi við það sjónarmið að ofbeldi leysi engan vanda – ekki aðeins á skólalóðinni og í samskiptum borgaranna innbyrðis heldur einnig á alþjóðlegum vettvangi.

Til að svo megi verða gengur ekki að hér sé erlendur her og er því vel að bandaríski herinn sé farinn frá Miðnesheiði. Og ekki gengur heldur að Ísland sé aðili að hernaðarbandalaginu NATO. Grunnforsendan fyrir tilvist herja og hernaðarbandalaga er jú einmitt sú að stundum sé ofbeldi lausn vandans. Herir hafa enda beinlínis það hlutverk að beita ofbeldi og drepa fólk þegar svo ber undir og má úti um allan heim sjá glögg dæmi þess hversu „góðum“ árangri þeir ná í slíku. Í Írak, Srí Lanka, Súdan, Afganistan og Kólumbíu, svo að nokkur dæmi séu nefnd, blasir hann við á hverjum einasta degi, en hann birtist í örkumlum og harmkvæladauða ótölulegs fjölda karla, kvenna og barna.

Enginn veit hversu stórar styrjaldir framtíðarinnar verða, en ljóst er að með skæðustu vopnum nútímans – kjarnorkusprengjunum – má eyða öllu lífi á jörðinni. Er það því brýnt hagsmunamál allra jarðarbúa að öllum slíkum vopnum verði eytt. Vera Íslands í NATO útilokar að Ísland geti barist fyrir slíkum málstað.

Kjarnorkuvopn tryggja alls ekki frið og öryggi heldur stofna hvoru tveggja í bráða og stórfellda hættu. Hið sama gildir auðvitað um öll vopn. Og þess vegnum eigum við að hafna öllum vígbúnaði og hernaðarbrölti og lifa sem friðsöm þjóð. Þetta sem hamrað er á við börnin og unglingana um gagnsleysi ofbeldis er jú engin lygi. Það blasir við í Írak. Það blasir við í Afganistan. Og það blasir við úti um allt. Ofbeldi leysir engan vanda.

*Höfundur situr í miðnefnd Samtaka herstöðvaandstæðinga.*

# Gigtarfólk - Af stað!

UMRÆÐAN
Alþjóðlegur gigtardagur


HREFNA INDRIÐADÓTTIR

Á síðari árum hefur hreyfing unnið sér óumdeilanlegan sess sem forvörn og meðferðarform gegn ýmsum sjúkdómum. Þrátt fyrir það er stór hópur einstaklinga sem veigrar sér við að fara af stað og veit ekki hvernig á að snúa við blaðinu og byrja að hreyfa sig.

Á Íslandi má ætla að um 60.000 manns séu með gigt. Gigtarsjúkdómar eru margir og mismunandi og áhrif þeirra mismikil. Sameiginleg einkenni flestra sem greinast með gigt eru verkir, þreyta, stirðleiki og lélegt úthald. Það kemur því ekki á óvart að tilhugsunin um reglulega hreyfingu getur virkað fráhrindandi og jafnvel útilokuð.

*Sameiginleg einkenni flestra sem greinast með gigt eru verkir, þreyta, stirðleiki og lélegt úthald.*

Afleiðingar hreyfingarleysisins eru gjarnan aukin líkamsþyngd, enn verra úthald, minni gæði nætursvefns og þar með meiri þreyta, meiri stirðleiki og verkir.

Rannsóknir sýna að þjálfun við hæfi hvers og eins eykur ekki liðskemmdir eða versnun gigtarsjúkdómsins. Hins vegar lýsir fólk almennt aukinni vellíðan, auknum styrk og úthaldi auk þess sem það á auðveldara með ýmsar daglegar athafnir. En hvernig er þá best að byrja?

- Mestu máli skiptir að finna sér hreyfingu við hæfi. Hægt er að æfa einn eða í hóp. Hjólreiðar henta einum en annar þolir best æfingar í vatni. Hreyfing má gjarnan vera sem fjölbreyttust til að halda áhuganum. Kynntu þér nýjungar eins og stafgöngu eða Pilates-leikfimi.
- Farðu ekki of geyst af stað. Betra er að byrja mjög rólega og bæta svo við sig en að byrja af of miklum krafti og þurfa síðan að draga ítrekað úr hreyfingu eða gefast upp. Oft reynist vel að hefja æfingar undir eftirliti sjúkraþjálfara eða annars fagfólks með þekkingu á gigt.
- Mælt er með lágmarkshreyfingu í 30 mínútur á dag en þeir sem eru verst staddir geta „safnað“ hreyfingu yfir daginn til að byrja með, æft til dæmis 3 sinnum 10 mínútur á dag.
- Fléttaðu hreyfinguna inn í daglega lífið en hugaðu vel að aðbúnaði og umhverfi. Góður skóbúnaður getur skipt höfuðmáli og sumar sundlaugar eru með heitari innilaugar þar sem þægilegra er að æfa. Betra er að ganga á mjúku undirlagi en hörðu, til dæmis grasi eða kurlstígum frekar en malbiki eða steypu. Sum íþróttahús gefa fólki kost á að koma og æfa utan háannatíma.
- Líkamsþyngd skiptir máli. Ef líkamsþyngd er of mikil getur hún aukið einkenni t.d. frá mjöðmum, hnjám, ökklum og baki. Lítil þyngdarminnkun getur dregið umtalsvert úr verkjum og gert léttara að hreyfa sig.
- Nauðsynlegt er að æfa sig reglulega en þó getur verið þörf á að draga úr þyngd og lengd æfinga þegar gigtin er virkari og nota þá enn frekar betri tímabilin til að byggja sig upp.
- Búast má við einhverjum eymslum til að byrja með. Þau ættu þó að hverfa fljótlega. Geri þau það ekki er rétt að leita til sjúkraþjálfara eða læknis til frekari leiðbeininga.

Á morgun, 14. október, verður opið hús hjá Gigtarfélagi Íslands, Ármúla 5, í tilefni 30 ára afmælis þess. Þar verður meðal annars kynning á starfsemi hópþjálfunar auk þess sem sjúkraþjálfarar kynna starfsemi sína og veita ráðleggingar. Ég hvet alla til þess að líta við og sækja sér fræðslu og upplýsingar og minni á að það er aldrei of seint að byrja!

*Höfundur er yfirsjúkraþjálfari hjá Gigtarfélagi Íslands.*

# Eru íslenskar byggðir í andarslitrunum?

UMRÆÐAN
Viðbrögð við greinaflokki Fréttablaðsins um byggðaþróun. Fyrri grein.


GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON


VÍFILL KARLSSON

Undanfarið hefur mátt lesa í Fréttablaðinu röð fréttaskýringa þar sem reynt er að leggja mat á framtíðarmöguleika sveitarfélaga á Íslandi á að lifa af inn í framtíðina. Grundvöllur þess mats sem lagt er á hlutina er mælikvarði sem settur hefur verið fram af Frank J. Popper og Deborah konu hans, en Frank starfar sem fræðimaður við Edward J. Bloustein School of Planning and Public Policy sem er innan Rutgers State University of New Jersey – er þar raunar prófessor. Í sem skemmstu máli má segja að á svonefndum dauðalista Popperhjóna lendi öll sveitarfélög á Íslandi utan suðvesturhornsins, nema Akureyri og Bolungarvík(!). Víst má telja að margur hafi hrokkið illa upp við við slíkar niðurstöður, en þær voru settar fram í lokagrein greinaflokksins síðastliðinn laugardag. Oft hefur verið talað um landsbyggð á fallanda fæti, en þessi dauðadómur blaðamanns Fréttablaðsins, byggður á túlkunum á kenningum Poppers, slær þó að líkindum allt út í þeim efnum.

Undirritaðir vilja gera nokkrar alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð og túlkanir Sigríðar Daggar Auðunsdóttur blaðamanns, en það er auðvitað grafalvarlegt mál þegar gefið er út dánarvottorð á obba landsbyggðar á Íslandi og vísað til kenninga lærðra manna úr Vesturheimi. Í fyrsta lagi verður ekki hjá því komist að setja spurningarmerki við aðferðafræðina að baki þessa Popper-líkans og í öðru lagi ræðum við hversu varhugavert er að yfirfæra það á íslenskar aðstæður.

Það er merkilegt að hönnuðir dánarkennitölu fyrir landssvæði á sléttum Ameríku skuli treysta sér til að kveða upp dóma eins og þessa yfir heilum byggðarlögum á grundvelli svo einfaldrar samsetningar þátta, en um er að ræða 6 þætti eða atriði um þróun og ástand búsetuskilyrða. Tveir þeirra tengjast mannfjöldaþróun, einn þéttleika byggðar, einn snýst um meðalaldur íbúa, annar um meðaltekjur, og loks einn um fjölda kaupsamninga í fasteignaviðskiptum. Í fyrri grein okkar fjöllum við um þá mælikvarða sem Popperhjónin nota, en í þeirri síðari munum við beina sjónum að atriðum sem telja má að allt eins hefðu átt heima í slíku líkani.

Þéttleiki byggðar er vafasamur mælikvarði á velmegun eða eymd landsvæða á Íslandi. Rétt rúmlega 20% af landinu eru láglendi, þ.e. 200 metrum yfir sjávarmáli og lægra. Nánast engir búa í ofan við 200 metra hæð. Mörg íslensk sveitarfélög eru því afar landmikil, en engu að síður er byggð á þeim dreifð á tiltölulega lítið landsvæði. Stór hluti þess lands sem tilheyrir þeim er óbyggðir. Þarna má nefna af handahófi sveitarfélög eins og Fljótsdalshérað, Skútustaðahrepp, Eyjafjarðarsveit, Bláskógabyggð og Ísafjarðarbæ. Hér er um að ræða fremur landmikil sveitarfélög, en búsetan er bundin við lítið svæði – ferkílómetrarnir eru að stærstum hluta óbyggðir. Þetta gerir að verkum að samkvæmt Popper-kennitölunni fá þau falleinkunn. Hugsunin að baki er sú að það sé svo dýrt fyrir hina fáu íbúa að búa á svo stóru svæði. Á sléttum Ameríku kann þetta frekar að eiga við, enda búsetan vísast jafndreifðari. Í raun er því verið, með þessari yfirfærslu kenninga, að dæma út mörg íslensk sveitarfélög vegna dreifðrar byggðar þar sem ekki er um dreifða byggð að ræða í raunveruleikanum.

Mannfjöldaþróun undanfarinna áratuga er vissulega óhagstæð stórum hluta landsbyggðarinnar. Tveir þættir í kennitölunni lúta að mannfjöldaþróun. Annars vegar þróun síðastliðinna 50 ára og hins vegar þróun síðastliðinna 10 ára. Yfirgnæfandi líkur eru fyrir því að mannfjöldaþróun sl. 50 ára sé neikvæð, en svo er í mörgum tilfellum einnig um þróun sl. 10 ára. Fyrir það fyrsta er það mjög vafasamt að setja svo að segja sömu mælingu tvisvar inn í sama líkan. Hér getur sveitarfélag sem er í mínus miðað við síðastliðin 50 ár og síðastliðin 10 ár lent á dauðalista Poppers fyrir þessi atriði, sem í raun eru í mörgum tilfellum ein mæling á sama hlut. Beiting líkansins gengur einnig út á að bera saman upphafspunkt og endapunkt tímaskeiða, án þess þó að taka tillit til lögunar hans sem segir oft meira um í hvað stefnir. Nærtækt er að skoða þróun á Austurlandi. Þar hefur lengst af verið fólksfækkun og eru þar víðast enn færri en fyrir 10 árum. Flestir þekkja þó að mikil fjölgun hefur orðið t.d. á Fljótsdalshéraði á örfáum árum og sveiflan þar (og reyndar víðar) uppávið í dag.

Ýmsir aðrir þættir sem skipta miklu máli fyrir framtíð byggðarlaga eru ekki í Popper-líkaninu. Þetta eru nálægð við sterka byggðarkjarna, dulda búsetu og væntingar heimamanna og annarra um starfsemi á svæðinu.

Meðaltekjur eru erfiður mælikvarði. Samsetning atvinnulífsins getur breytt meðaltekjum verulega. Fagstéttir bera sig saman innbyrðis. Sérfræðingar bera sig saman við sérfræðinga og iðnaðarmenn við aðra iðnaðarmenn. Á höfuðborgarsvæðinu er að finna vígi þjónustugreina og höfuðstöðvar í hátækniiðnaði og bankageiranum. Á landsbyggðinni er vægi frumvinnslugreina og iðnaðar víða hærra. Samkvæmt tölum Kjararannsóknarnefndar eru laun ýmissa starfstétta hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru iðnaðarmenn og sérhæft verkafólk á meðal. Hins vegar eru stjórnendur á höfuðborgarsvæðinu með miklu hærri laun en stjórnendur á landsbyggðinni. Þess vegna getur einfaldur samanburður meðaltekna verið villandi.

Á grundvelli þess sem þegar hefur verið sagt teljum við líkanið ekki vel fallið til þess að meta framtíðarhorfur íslenskra byggðarlaga, enda eru niðurstöðurnar á skjön við margt af því sem talin er viðtekin þekking hér á landi. Án þess að neitt sé reynt að halla á Bolungarvík er það óneitanlega ankannalegt að sjá bæinn á lista lifenda meðan stóri nágranninnn, Ísafjarðarbær, er dæmdur til dauða. Líklega ræður þéttbýlismælikvarðinn þarna nokkuð miklu, en Bolungarvík er landlítið sveitarfélag á meðan Ísafjarðarbær hefur innan marka sinna allar Hornstrandir! Hætt er við að lítið legðist fyrir Bolungarvík ef enginn væri Ísafjörðurinn.

Í síðari grein okkar verður fjallað um þætti sem taka hefði þurft tillit til í líkaninu.

*Grétar Þór Eyþórsson prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst.*

*Vífill Karlsson dósent í hagfræði við Háskólann á Bifröst.*

# Ríkið á að rokka!

UMRÆÐAN
Matvælaverð á Íslandi


BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR

Það er athyglisvert að skoða fyrirhugaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar í tengslum við þá stefnu sem hefur verið við lýði í tónlistarútgáfumálum landans.

Í hinu endurskoðaða skattaskipulagi eru áætlanir um lækkun á virðisaukaskatti bóka, tímarita, hótelgistingar og húsbúnaðar, úr 14% í 7%. Virðisaukaskattur geisladiska er hins vegar ennþá 24% og ennþá hefur ekki heyrst af neinum áætlunum um að lækka hann. Þess má geta að í áætlunum ríkisstjórnarinnar er að lækka enn frekar virðisaukaskatt af bókum, sem þó er „bara“ 14%.

Staðreynd málsins er sú að tónlistarfólk, einkum í popp- og rokktónlistarbransanum, hefur lítið sem ekkert náð til eyrna ráðamanna þessa lands – þrátt fyrir kraftmikla tóna og athygli á heimsvísu. Það er löngu tímabært að við byggjum upp sambærilega aðstöðu fyrir tónlist eins og gert hefur verið fyrir kvikmyndaiðnaðinn. Tónlistarþróunarmál og kynningu erlendis á ríkið að taka upp á sína arma, reynsla Kvikmyndamiðstöðvar Íslands hefur kennt okkur að skapandi fólk getur gert stóra hluti, jafn innan lands sem utan.

Ísland hefur fyrir löngu komið sér á kortið fyrir ótrúlega gerjun í tónlistarsköpun og hópurinn sem ber þann hróður okkar uppi á skilið mun skilvirkari stuðning frá hinu opinbera.

Við eigum að bjóða upp á viðunandi æfingaaðstöðu fyrir tónlistarfólk. Við eigum að fjárfesta í hugvitinu og sköpunargáfunni sem býr í kollum tónlistarfólksins. Óteljandi möguleikar eru á samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja. Sem dæmi gætu fyrirtæki eða einstaklingar sem eiga húsnæði sem standa auð um tiltekinn tíma lánað slíkt húsnæði til Tónlistarmiðstöðvar Íslands, sem myndi sjá um að lána tónlistarmönnum og hljómsveitum það til æfinga. Hvati fyrirtækjanna væri að þau þyrftu ekki að greiða af húsnæðinu fasteignaskatt.

Sumir hópar virðast alltaf gleymast og íslenskir tónlistarmenn og -konur eru einn þeirra hópa. Allir eru sammála um að hópurinn samanstandi af frábæru hæfileikafólki, sumt af því er á heimsmælikvarða. Það er móðgun að mismuna þessum hópi enn eina ferðina með því að lækka ekki virðisaukaskatt á geisladiska úr 24% í 7% á sama hátt og fyrirhugað er að gera með skatt á bókum, sem þó var bara 14%.

*Höfundur býður sig fram í 6. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.*


EKKERT BRUÐL
Bónus á FJÓRUM síðum!
Sjáðu verðið!
Skafís
vanilluís
Daim
Skafís
vanilluís með Daim kúlum
33% meira fyrir sama verð
Skafís
súkkulaðiís
33% meira fyrir sama verð
2 LÍTRAR
399 KR.
Nýtt kortatímabil!
EKKERT BRUÐL
Gullauga
Premier
Rauðar
Fersk lambalæri af nýslátruðu
FERSKT LÆRI KÍLÓVERÐ NÚ:
909 KR.
Merkt verð 1299 KR.
2 kíló!
59 KR.
PREMIER/RAUÐAR/ GULLAUGA
30% afsláttur við kassann
Hausthátíð
hjá Kalla kartöflukóngi!
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!
BÓNUS



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Jómfrúar ólífuolía 750ml og olíukarafla
JÓMFRÚAROLÍA OG KARAFLA
699 KR.
(Olía 750 ml)
Sjáðu verðið!
FILIPPO BERIO
EXTRA VIRGIN OLIVE OIL
Special Selection
Ferskt ungnautahakk
FERSKAR KJÖTVÖRUR
UNGNAUTAHAKK 8-12% FITA
898 KR.
KÍLÓVERÐ
Ítalskt buff með só
tómötum og basil og g
ÍSL. LAUKBUFF kílóverð nú:
239 KR.
Merkt verð 398KR.
ÍTALSKT BUFF kílóverð nú:
239 KR.
Merkt verð 398KR.
Það byrjar allt í Bónus
Kristall plús hálfur lítri
Kristall plús
95 KR.
500ml
Nýtt kortatímabil!
FRESCHETT
760g
PIZZA QU
VERKUÐ MEÐ GAMLA LAGINU!
Einu sinnar tegundar á landinu!
SÉRVERKUÐ SVIÐ kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 599KR.
Handverkuð, skoluð og hreinsuð í köldu vatni (ekki burstuð) og sviðin eingöngu með kósangasi (án súrs). Vopnfirsk framleiðsla.
SVEITABJÚGUN
Þau eru vinsælust!
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
SVEITABJÚGU
299 KR.
KÍLÓVERÐ
50% afsláttur við kassann
KS DILKALIFUR kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.
Dilka
Dilkah
Dilka
...fyrir sóðan dag!
KS ferskur innma

## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Villbráðarhlaðborð** Perlunnar hefst þann 19. október og stendur til 22. nóvember. Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni alls staðar að úr heiminum til að útbúa sannkallað villibráðarveisluborð og fyrir matinn er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum. Verð er 6.590 krónur á mann en sérstakt tilboðsverð er á mánudögum og miðvikudögum og kostar þá 5.590 fyrir manninn.



**Tilboðsdagar** standa yfir í Radíóbæ.

**Kjúklingavængir** frá Matfugli eru nú seldir á fimmtíu prósenta afslætti í Nettó.

**Flex-T** skrifstofuhúsgögn eru á sérstöku tilboðsverði hjá Á. Guðmundssyni þessa dagana.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 13. október, 286. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.11 | 13.14 | 18.16 |
| Akureyri | 8.00 | 12.59 | 17.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is


# Fæddist með matarást

***Friðrika Geirsdóttir ritstýrir Bístró, væntanlegu tímariti um lífsstíl og mat.***



**FRIÐRIKA** „Þegar ég fór að læra matreiðslu þá langaði mig satt best að segja aldrei til að verða kokkur á veitingastað heldur var það listræni þátturinn sem höfðaði hvað mest til mín."

Friðrika segist ekki kunna aðra skýringu á matarást sinni en að hún hafi einfaldlega fæðst svona.

„Þegar ég var krakki þá var ég síbakandi, sá um mötuneyti fyrir pabba minn á Vallá og rústaði eldhúsið hennar mömmu. Þetta er bara minn bakgrunnur og það sem ég kann best. Fyrir átta árum fór ég svo í skóla í London, Le Cordon Bleu, þar sem ég tók árs námskeið í kökugerð og matreiðslu. Ég nýtti það nám ekki faglega til að byrja með en var meira að gera þetta bara fyrir sjálfa mig. Í millitíðinni fór ég svo í hönnunarnám á Ítalíu," segir Friðrika og tekur það fram að þetta tvennt, hönnun og matargerð, eigi mikla samleið.

„Matreiðsla er mikil list og hönnun kemur svo sterk þar inn. Maður þarf að velja saman liti og bragð og hafa hugmyndir um hvernig þetta kemur allt saman til með að líta út. Það sama á við um þetta og þegar listmálari málar málverk. Þegar ég fór að læra matreiðslu þá langaði mig satt best að segja aldrei til að verða kokkur á veitingastað heldur var það listræni þátturinn sem höfðaði hvað mest til mín."

Í tæplega ár starfaði Friðrika hjá Gestgjafanum en síðastliðið sumar tók hún að sér afleysingar í þættinum Ísland í dag. Nú hefur hún dregið sig úr því kastljósi og tekið sér stöðu á ritvellinum þar sem hún stýrir væntanlegu tímariti um mat og matargerð.

„Blaðið okkar, sem á að heita Bístró, mætti eiginlega kalla matar- og lífsstílstengt tímarit sem er fræðandi og fallegt og höfðar í raun til allra. Efnisvalið er til dæmis ekkert of flókið og allar uppskriftirnar sem verða í blaðinu eru þaulreyndar. Svo er ég svo heppin að vera með alveg frábært fólk með mér í liði; Gísli Egill Hrafnsson er ljósmyndari blaðsins, en hann tel ég vera besta matarljósmyndara landsins þótt víðar væri leitað. Svo er það Nanna Rögnvaldardóttir, aðstoðarritstjóri Bístró, en sú kona er eiginlega alfræðiorðabók um mat og einfaldlega bara matargúrú. Sólveig Jónsdóttir og Þorri Hringsson starfa líka að blaðinu með mér og saman myndar þessi hópur landsliðið á þessu sviði að mínu mati," segir Friðrika að lokum, full af eldmóð og eftirvæntingu, en fyrsta eintak tímaritsins kemur út um næstu mánaðamót.

Uppskrift Friðriku er á síðu 3. *mhg@frettabladid.is*

## Breytt og stækkað bakarí

ÚTIBÚ MOSFELLSBAKARÍIS Í MIÐBÆ VIÐ HÁALEITISBRAUT 58-60 VERÐUR OPNAÐ Í DAG Í NÝJU OG BREYTTU HÚSNÆÐI.

Í tilefni af opnun verslunar Mosfellsbakarís í Miðbæ eftir breytingarnar verða ýmsar nýjungar kynntar til sögunnar. Þar verður líka margt hægt að smakka í boði bakarísins, bæði hollt og gómsætt. Verslunin hefur stækkað um helming og þangað er komin kaffivél frá Ítalíu þannig að hægt er að laga gæðakaffi á staðnum. Konfekti verður gert hátt undir höfði í nýju búðinni enda Mosfellsbakarí þekkt fyrir sína framleiðslu á því. Þar verða líka ýmsar sérvörur til sölu svo sem olíur, sultur, ólífur og dressing. Ekki þarf að taka fram að úrval af brauði, kökum og tertum mun taka mesta plássið í hinni nýju verslun svo sem vænta má.




# LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið sunnudagskvöldið 15. október, kl.19 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 125 verk, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Gallerii Fold, Rauðarárstíg 14, föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–17 og sunnudag kl. 12–17

Hægt að nálgast uppboðsskrána á netinu: www.myndlist.is.


Gunnlaugur Blöndal


Nína Tryggvadóttir


Þorvaldur Skúlason

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

**Heimabökuð pitsa**
verður enn betri ef notast er við pitsustein. Steinninn er úr jarðleir og heldur vel hita þannig að botninn bakast vel. Stór og góð gólfflís úr leir gæti verið ódýrari en pitsusteinninn.



Sérfræðingar í saltfiski
Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Fyrir verslanir:
Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita
Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is



Baldur gefur viðskiptavinum að smakka bláberja- og vanilluskyr í búðinni Silver Spring í Maryland-fylki.

# Gæðastimpill fyrir íslenskar afurðir

***Íslenskar mjólkurafurðir voru nýlega kynntar sérstaklega í virtum matvörubúðum vestanhafs.***

Íslensku vörurnar fengu góðar viðtökur á kynningu í verslunum Whole foods market í Washington og nágrannabyggðarlögum í síðustu viku. Baldur Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, var sjálfur á staðnum og gaf gestum að smakka skyr, bæði bláberja- og vanilluskyr í vörumerkinu skyr.is ásamt ostunum Höfðingja og Stóra-Dímoni. Þessar vörutegundir hafa allar fengist í verslunum síðustu ár, ásamt smjöri og suðusúkkulaði frá Nóa/Siríusi. Það er búið að selja þarna fullt af skyri og 140 tonn af smjöri," segir hann. Smjörið er þetta venjulega og líka ósaltað. „Ameríkanar eru mest með ósaltað smjör. Ég spjallaði við nokkra viðskiptavini, þar á meðal eina stelpu sem hafði flutt frá Evrópu.



Í versluninni „Old town" í Washington er mest selt af skyri. Hún er að mati Baldurs flottasta matvörverslun á gervallri jarðarkringlunni.

Hún sagðist hafa verið lengi að finna smjör sem henni þætti bragð af í Ameríku," lýsir Baldur. Hann er stórhrifinn af því sem fyrir augu bar í þessum fínu verslunum. „Það er ekki bara venjulegur verslunarleiðangur að kaupa í matinn þarna heldur athöfn og upplifun. Fólk er kannski tvo tíma að komast í gegnum verslunina því það er að pæla, smakka og skipuleggja. Er ekkert endilega með innkaupalista með sér heldur lætur smekk ráða á staðnum. Maður hefur á tilfinningunni að ekkert sé verslað því allar hillur smekkfullar en málið er að það er bara fyllt svo fljótt í skörðin. Blómailmur mætir þefskyninu þegar komið er inn og svo eru ávextirnir næst sem raðað er upp af kostgæfni. Allt er mjög vandað enda eru þetta dýrar búðir á amerískan mælikvarða. Þar gengur um fólk sem á gnótt peninga og vill gæðamat hvað sem hann kostar."

Baldur segir auðsætt að áralangt starf við markaðssetningu íslenskra afurða sé að skila sér. „Þarna er verið að selja skyrið á uppundir helmingi hærra verði en á Íslandi og það er besta verð á landbúnaðarvöru sem við höfum séð. Það eitt og sér að vera komnir þarna inn með vörur í sölu er mjög mikill gæðastimpill fyrir okkur því margir eru í biðröðinni. Þetta sýnir það að vörur sem Íslendingar hafa aðgang að dags daglega eru bara býsna góðar."

*gun@frettabladid.is*

## Fagmenn í fóðurleit

**ÚT AÐ BORÐA MEÐ LIONEL**

Á því herrans ári hundsins 4704 útskrifuðust Sigurður Eggertsson og Þorbjörn Sigurbjörnsson úr Háskóla Íslands og hlutu réttindi til þess að bera titilinn fagmaður. Barist var um krafta þeirra í starfi og að lokum stóð Austurbæjarskóli uppi sem sigurvegari í blóðugri baráttu menntastofnana þjóðarinnar og voru þeir undir eins ráðnir til kennslu. Vegna legu Austurbæjarskóla og heppilegs gats í stundatöflu fagmannanna var ráðist í það verkefni að gera úttekt á fóðri því sem boðið er upp á í hádeginu á Laugaveginum. Fóðurleitin hefst efst á Laugaveginum og eru staðirnir teknir í réttri röð alla leið niður að Bankastræti.

Þetta verkefni er þó enginn dans á rósum, allir staðir skulu metnir, allir réttir skulu etnir. Við mætum á sérhvern stað með opinn huga, þandar nasir og smurð vélindu. Við gætum þess að mæta ónærðir til leiks svo að ytri aðstæður mengi ekki dómgreind okkar.

Við metum ekki aðeins fóðrið heldur einnig þjónustulund starfsfólks, stemningu, verð og dolluna ásamt atriðum sem okkur finnst lýsandi fyrir staðinn. Kennaraeinkunn er gefin sem heildareinkunn ofangreindra þátta. Kennaraeinkunn er gefin í fiskum og eins og gefur að skilja er mest hægt að fá 37 fiska.



Þeir félagar Sigurður og Lionel voru hrifnir af forréttinum á Red Chili.

### *Red Chili*

**BORÐAÐ:** Forréttur: Sveppasúpa með chili-ívafi. Aðalréttur: Quesadillas með kjúklingi, fyllt með papriku, lauk, jalapeño og osti.

**GÆÐI FÆÐIS:** Fantagóður forréttur. Chilipiparinn í súpunni bítur mann í góminn og styður nafn staðarins. Það var mælt sérstaklega með aðalréttinum og bitum við á agnið en urðum, líkt og fiskarnir, forviða af beitubragðinu. Fyrstu bitarnir lofuðu jú góðu en það vantaði tilfinnanlega allt bit í réttinn. Þegar á leið var bragðið orðið flatt og er síðasta bitanum var sporðrennt fékk maður á tilfinninguna að tortilluhálfmáninn hafi verið fylltur með majónesi.

**VERÐ:** 1490 krónur. Ókeypis súpa fylgir sem gerir verðið sanngjarnara.

**ÞJÓNUSTA:** Góð þjónusta. Þolinmóð þjónustustúlka og skemmtilega mexíkóskt glasabarn.

**DOLLAN:** Eitt eftirtektarverðasta salerni síðari ára. Líðanin var eins og að vera heima hjá sér en þó eins og maður væri nýfluttur inn og húsið rétt fokhelt. Kostir voru að fagrar flísar voru á veggjum og skemmtileg lesning á klósetthurð. Galla var einnig að finna á dollunni því ljósið fyrir ofan spegilinn er horfið og það vantaði þurrkur í handþurrkuboxið. Þetta vakti furðu okkar þar sem hádegistraffíkin var í algleymingi.

**STEMNING:** Mjög gott pláss inni á staðnum sem gefur honum ákveðinn klassa ásamt massívum borðum og stólum. Lofthreinsigræja á gólfinu og klassamúsik. Þægilegur staður með skemmtilegu þema, mikið lagt í innréttingar til að láta þér líða vel. Fyrirfram bjuggumst við við að staðurinn væri mörstappaður Mexíkóum og kúrekum en þegar betur var að gáð kom í ljós að tiltölulega venjulegt fólk sækir staðinn.

**KENNARAEINKUNN:** Ekki upp á marga fiska. 19 fiskar.





## Til hnífs og skeiðar
GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Ferskt túnfisksalat með engifer og lárperu

Góðir forréttir eru lystaukandi og ertandi fyrir bragðlaukana. Þeir kveikja í þannig að allur matur sem kemur á eftir rennur ljúflega niður. Þetta túnfisksalat virkar einmitt mjög vel að þessu leyti. Jafnvel tilhugsunin ein um ferskan og léttan túnfiskinn, ásamt mjúkri lárperu og engifer, kemur vatni í munninn.

**4-500 g ferskur túnfiskur (eða frosinn)**
**3 msk. sojasósa**
**2 msk. ólífuolía**
**3 cm biti af engiferrót (rifinn)**
**1 þroskuð lárpera (afhýdd og skorin í sneiðar)**
**1 rauður chili (fræhreinsaður og skorinn í sneiðar)**
**klettasalat**
**grein af ferskum kóríander**
**sojasósa og límónusafi**

1. Útbúið kryddlög úr sojasósu, rifinni engiferrót og ólífuolíu í skál. Veltið túnfisknum upp úr leginum, setjið plastfilmu yfir skálina og látið fiskinn liggja í leginum í um eina klukkustund í ísskáp.

2. Þegar túnfiskurinn er að fullu kryddleginn, hitið þá grillpönnu eða pönnu með þykkum botni og steikið hann á háum hita í um 2 mínútur á hvorri hlið. (Rétt steiktur túnfiskur á helst að vera bleikur inn við miðju).

3. Skerið túnfiskinn í sneiðar og setjið salatið saman. Klettasalatið neðst, þá nokkrar sneiðar af lárperu, svo 2-3 sneiðar af túnfiski. Efst er svo stráð chili-sneiðum og kóríanderlaufum.



Kreistið að síðustu nokkra dropa af límónusafa yfir salatið og slettið örlitlu af sojasósu yfir það líka.

# Erfiðar ólívur

ERFITT GETUR REYNST AÐ HALDA ÓLÍVUM FERSKUM.



Svartar ólívur skemmast á einum degi þrátt fyrir að vera í lokuðu íláti inni í ískáp. Það er hins vegar ekki rétt geymsluaðferð. Þegar búið er að opna ólívukrukkuna á ekki að setja lokið á hana aftur. Setjið krukkuna opna inn í ískáp og ólívurnar geymast mun lengur.

Grænar ólívur eiga það til að safna hvítri skán efst í geymsluílátum. Þetta er alveg eðlilegt og eru ólívurnar langt frá því að vera skemmdar. Hvítu filmuna, sem kallast ólívumóðir, má auðveldlega fjarlægja án neinna eftirkasta og ólívurnar eru sem nýjar. Til að forðast myndun móðurinnar má setja smá edik í geymsluílátið en sumum finnst það skemma bragðið.

# Slettuhlíf á pönnuna

***Þegar verið er að steikja vill feitin stundum írast upp af pönnunni. Hér er ráð við því.***



Slettuhlífin ver eldavélina og umhverfi hennar en hleypir gufunni í gegn.

Í versluninni Búsáhöldum í Kringlunni rákumst við á sérstakt stállok alsett götum. Þegar að var gáð reyndist þar vera svokölluð slettuhlíf. Hún ver eldavélina og umhverfi hennar fyrir slettum af pönnunni en hleypir í gegnum sig gufunni þannig að maturinn steikist en soðnar ekki eins og undir loki. „Alger græja,“ sagði afgreiðslukonan og hljómaði sannfærandi. 2.750 krónur kostar gripurinn.

Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • ifno@fjorubordid.is

## uppskrift Friðriku }



## Haustsúpa að austurlenskum hætti

Þessi súpa er tilvalin á snemmvetrarkvöldum og hreinsar tíðar kvefpestir úr líkamanum á skotstundu. Kókosmjólkin setur svo punktinn yfir i-ið.

**2 msk. ólífuolía**
**2 kjúklingabringur skornar í bita**
**2 cm engiferbiti, skorinn í sneiðar**
**3 hvítlauksgeirar, saxaðir**
**1-2 rauð chili-aldin, fræhreinsuð og söxuð**
**1 sítrónugrasstilkur, saxaður**
**1,5 l vatn**
**1 dós kókosmjólk**
**2 msk. sojasósa**
**2 msk. sesamolía**
**salt og pipar**
**1/2-1 kjúklingakraftsteningur (ef þörf er á)**
**250 g eggjanúðlur**
**2 handfylli af kínakáli, grófsöxuðu**
**handfylli fersk kóríanderlauf, söxuð**

Hitaðu ólífuolíuna í potti og steiktu kjúklingabitana þar til þeir eru steiktir í gegn. Bættu engifer, hvítlauk, chili-aldini og sítrónugrasi úti og léttsteiktu. Helltu vatninu saman við og láttu malla við meðalhita í 30 mínútur. Bættu kókosmjólk, sojasósu og sesamolíu út í og kryddaðu með salti og pipar eftir smekk, bættu kjúklingakrafti út í ef þú vilt fá meiri kraft í súpuna. Settu svo eggjanúðlurnar og kínakálið út í og láttu malla í 2-3 mínútur í viðbót. Stráðu kóríanderlaufunum yfir og berðu fram með brosi á vör.



VILLIBRÁÐAR-HLAÐBORÐ
19. október – 22. nóvember
Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.
Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.
Aðeins 6.590 kr.
*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.*
*Tilboð mánudaga – miðvikudaga: 5.590 kr.*
Hringbrot
PERLAN
Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · Tölvupóstur: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

TE & KAFFI
Nýtt frá Te & Kaffi
Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.


stundin
bragðið
stemningin




Hægelduð kjúklingabringa með villisvepparisottói og maís. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gaman að elda úr framandi hráefni

***Akurhæna, áll, mangó og ástríðuávöxtur er meðal innihalds í réttunum á Salti. sem Þórarinn Eggertsson og samstarfsfólk hans á Salti notar í sína villtu rétti. Þar er frumlegur og freistandi matur bæði í hádeginu og á kvöldin og uppskriftirnar sem hér birtast eru einkum bundnar við matseðil hádegisins. Salt er í hjarta borgarinnar, nánar tiltekið í hótelinu 1919 við Hafnarstræti og margir þiggja að setjast þar inn og njóta veitinga.***





Kokkarnir Þórarinn Eggertsson og Örn Aðalsteinsson á Salti slá á létta strengi yfir matnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórarinn er yfirmatreiðslumaður veitingastaðarins Salts. Þar sem hann er nýtekinn við embættinu gætir nýrra áherslna í eldhúsinu. „Ég hef gaman af að elda úr framandi hráefni og þess gætir vissulega á matseðlinum hjá okkur,“ segir hann. Ekki þarf annað en skoða hádegismatseðilinn til að fullvissa sig um það. Akurhæna, áll, mangó og ástríðuávöxtur eru meðal þess sem þar er notað í réttina og hér birtast uppskriftir að nokkrum þeirra. Vonandi eiga réttirnir eftir að kitla bragðlauka lesenda. Hráefnið ætti að fást í stórmörkuðum og eitt af því sem allir geta nálgast er kjúklingur. Því skal vakin sérstök athygli á meðferð Þórarins á honum og maísnum sem hann ber með og matreiddur er á fjóra vegu. „Við pökkum kjúklingnum í poka með kryddjurtum og smjöri og hægeldum hann í langan tíma. Þá tekur hann í sig bragðið af jurtunum og smjörinu og verður einstaklega mjúkur og góður. Svo berum við með honum maísmauk, maís- og villisveppar-ísottó, maísfroðu og poppkorn.“

## Hægelduð kjúklingabringa með villisvepparisotto og maís

4 kjúklingabringur
100 g smjör
4 timjangreinar
salt

Kjúklingabringunni er pakkað í plastfilmu ásamt smjöri, timjan og salti og hún elduð í vatni við 65 gráðu hita í 50 mínútur.

**Risotto**
200 g risottogrjón
300 ml kjúklingasoð
200 ml rjómi
50 g rifinn parmesanostur
50 g villisveppir
20 g maís

Grjónin og kjúklingasoðið er soðið saman þar til grjónin eru orðin mjúk. Bætið þó rjómanum við og sjóðið niður ásamt sveppunum og maísnum. Parmisanostinum bætt við, salti og pipar og kannski ögn af smjöri.

**Maísmauk og froða**
200 g ferskur maís
100 ml kjúklingasoð
50 ml rjómi

Maísinn er léttsteiktur á pönnu. Kjúklingasoðinu og rjómanum er bætt saman við og soðið niður. Öllu blandað saman í matvinnsluvél þegar maísinn er orðin mjúkur. Kryddað til með salti pipar og smá smjörklipu. Fyrir froðuna er tekinn hluti af maukinu og þynnt niður með kjúklingasoði og mjólk. Þeytt upp með töfrasprota.




Ástríðubaun Kaffitárs er merki um hina eilífu leit okkar að góðu úrvalskaffi - og í huga okkar er ástríðubaunin takmark okkar. Veröld Kaffitárs er þó eingöngu samansett úr ástríðubaunum - það er það sem gerir hana svo ljúfa í bolla.
www.kaffitar.is
- leggur heiminn að vörum þér

allt matur
Alla föstudaga



Forrétturinn er reyktur áll með vorlauk og eggjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Reykt álarúlla með vorlauk og eggjum

**2 stk. reyktur áll**
Állin er roðflettur og beinhreinsaður, hitaður upp í ofni við lágan hita í stuttan tíma.

**Eggjahræra**
2 egg
20 ml rjómi

Eggin eru hrærð létt á pönnu og rjómanum bætt saman við í lokin. Passa að fara ekki með þau of langt. Kryddið til með salti og pipar.

**Froða og vorlaukur**
2 egg
150 ml mjólk
50 ml rjómi
3 sneiðar beikon
Vorlaukur

Eggin eru hrærð ásamt beikoni og soðin með rjómanum og mjólkinni. Vökvinn er sigtaður og þeyttur upp með töfrasprota. Laukurinn er skorinn og eldaður létt á pönnu. Skreytt með salati og jurtum.



Akurhænusalat með andalifur, rauðrófum og kartöflum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Akurhænusalat með andalifur, rauðrófum og kartöflum

4 akurhænur
100 ml olía
2 hvítlaukar
2 greinar timjan
50 g andalifur

Akurhænan er skorin niður í skammta. Bringur og læri og steikt á pönnu ásamt andalifrinni, hvítlauk og timjan.

**Rauðrófuteningar og mauk**
3 rauðrófur
30 g smjör

Rauðrófurnar eru soðnar í vatni í tvo tíma eða þangað til þær eru orðnar mjúkar. Sigtið þá vökvann frá. Skrælið rófurnar og skerið í teninga. Takið afskurðinn og vinnið í matvinsluvél ásamt smjörklípunni, salti og pipar.

**Kartöfluteningar**
1 bökunarkartafla
1 hvítlaukur
2 timjangreinar

Kartaflan er skræld og skorin í teninga elduð svo á pönnu ásamt smjöri ,timjan og hvítlauk á vægum hita þangað til hún er klár

**Soðgljái**
200 ml rauðrófusafi
50 ml portvín
2 stk timjan
1 skarlottulaukur
2 hvítlauksgeirar

Skarlottulaukurin er steiktur á pönnu ásamt timjaninu og hvítlauknum. Vökvanum bætið svo við vökvanum og sjóðið niður um helming og þeitið upp með smjöri kryddið til með salti og pipar.



Samleikur af ástríðuávöxtum og mango. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Samleikur af ástríðuávöxtum og mango

130 g passion mauk
300 g sykur
140 g ósaltað smjör
4 egg
300 g létt þeyttur rjómi

Allt nema rjóminn er sett í skál og þeitt saman yfir vatnsbaði. Þeitt þar til musin fer að þykkna. Þá er musin látin standa í kælir í smá stund, og að lokum er rjómanum blandað saman við.Musinni er hellt í djupan disk og sett í kælir. Afganginn af musinni er settur i sprautupoka og sprautað á diskinn í framreiðslu.

**Passion hlaup**
55 g passion mauk
150 g sykur sýróp
1 1/2 matarlímsblað

Matarlímsblöðin eru lögð í bleiti í kalt vatn. Passion mauk og sýróp sett í pott og suðan látin koma upp. Þá er matarlímið þerrað og sett út í vökvann. Hlaupið er látið standa við stofu hita í ca 10 mínútur og þá er því hellt yfir passionmúsina, sett í kælir.

**Mango sorbet**
500 ml vatn
260 g sykur
130 g glúkosi
1 kg mango mauk

Allt sett í pott og suðan látin koma upp. Þá er vökvinn sigtaður og kældur niður. Að lokum frystur í ísvél.
Diskurinn er borinn fram kaldur með mango mauki og myntu.



# allt tilboð o.fl.

**65%** Bónus á topptilboðið þessa viku. Þar lækkar tveggja kílóa kartöflupokinn úr 179 krónum í 59. Gildir það jafnt um gullauga, rauðar og premier.


SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

**Allir á skauta**

Skautaholl.is

Opið frá kl. 13 00 allar helgar


**FJARÐARKAUP** ekki bara verð!

Tilboðin gilda til 14. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautafille úr kjötborði | 2.298 | 2.998 | 2.298 | 25 |
| 4x80 g hamborgarar m/brauði | 398 | 498 | 398 | 20 |
| Danskar kjúklingabringur 900 g | 1.523 | 1.698 | 1.692 | 10 |
| Kjúklingaleggir magnkaup frá Matfugl | 389 | 649 | | 40 |
| Kjúklingavængir magnkaup Matfugl | 179 | 299 | | 40 |
| Ósoðin frosin lifrarpylsa Kópasker | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Ósoðinn frosinn blóðmör Kópasker | 375 | 536 | 375 | 30 |
| Ný laxaflök úr kjötborði | 898 | 1.198 | 898 | 25 |
| Nýuppteknar ísl .gulrætur í lausu | 198 | 269 | 198 | 25 |
| Frosin jarðarber 2,5 kg | 898 | 1.149 | 359 | 20 |
| Sólskin ferskur appelsínusafi 1 l | 149 | 179 | 149 | 15 |
| Plómur | 198 | 309 | 198 | 35 |
| Papaya | 198 | 359 | 198 | 45 |
| Erlendir kirsuberjatómatar 250 g | 149 | 229 | 596 | 35 |
| Fyrirtaks frosin pitsa 300 g | 238 | 499 | 793 | 50 |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 18. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri sítrónukryddað | 1.556 | 1.945 | 1.468 | 20 |
| Ítalskar pylsur | 880 | 1.099 | 175 | 20 |
| Borgarnes hangiálegg 150 g | 432 | 540 | 675 | 20 |
| Hunts tómatsósa 680 g | 119 | 154 | 175 | 25 |
| Tilda Basmati suðupokagrjón 500 g | 209 | 266 | 418 | 20 |
| Tilda sósur 350 g | 279 | 406 | 797 | 30 |
| Wesson grænmetisolía 1,42 l | 319 | 454 | 225 | 30 |
| Wesson olía 1,42 l | 319 | 454 | 225 | 30 |
| Maarud flögur 350 g | 279 | 479 | 797 | 40 |
| Maarud sprö-mix 200 g | 329 | 429 | 1.645 | 25 |
| Maarud flögur m/sýrðum rjóma & lauk 200 g | 199 | 298 | 995 | 35 |
| Maarud flögur hot sweet chili 200 g | 199 | 269 | 995 | 25 |

**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 15. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kartöflur gullauga 2 kg | 59 | 179 | 30 | 65 |
| Kartöflur rauðar 2 kg | 59 | 179 | 30 | 65 |
| Kartöflur premier 2 kg | 59 | 179 | 30 | 65 |
| KF lambasvið sérverkuð | 479 | 599 | 479 | 20 |
| Bónus ferskir kjúklingabitar | 293 | 377 | 293 | 22 |
| KF blandað lambasaltkjöt | 299 | 449 | 299 | 40 |
| Ferskt ungnautahakk 8-12% feitt | 898 | 1.259 | 898 | 30 |
| Freschetta pitsa xxl 760 g | 398 | 599 | 524 | 35 |
| Egils pilsner 500 ml | 49 | 89 | 98 | 45 |
| Emmess skafís 2 l | 399 | 499 | 200 | 20 |
| Myllu rúgbrauð 500 g | 98 | 119 | 196 | 20 |
| Bónus skúffukaka 400 g | 198 | 298 | 495 | 35 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 15. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kjúklingabringur magnpk. Móa | 1.875 | 2.679 | 1.875 | 30 |
| Londonlamb KEA | 998 | 1.769 | 998 | 45 |
| Grísabógur Goða | 399 | 634 | 399 | 35 |
| Gourmet ofnsteik 3 tegundir | 1.294 | 1.848 | 1.294 | 30 |
| Svínalærisneiðar rauðvínslegnar Goða | 835 | 1.285 | 835 | 35 |
| Ungnautagúllas Kjötbankinn | 1.574 | 2.098 | 1.574 | 25 |
| Ungnautasnitsel Kjötbankinn | 1.574 | 2.098 | 1.574 | 25 |
| Nauta piparsteik Kjötbankinn | 2.474 | 3.298 | 2.474 | 25 |
| Nauta mínútusteik Kjötbankinn | 2.099 | 2.798 | 2.099 | 25 |
| Eðalf. Búkona graflax/reyktur lax bitar | 998 | 1.499 | 998 | 35 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 15. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambafille m/fituröndToscana marinerað | 2.898 | 3.698 | 2.898 | 20 |
| Stórlúðusteik Miðjarðarhafs | 1.398 | 1.798 | 1.398 | 20 |
| Ýsuflök roðlaus og beinlaus | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Lúðusteik m/Hollandaise hjúp | 1.598 | 1.998 | 1.598 | 20 |
| Saltfiskréttur Börsunga | 1.198 | 1.498 | 1.198 | 35 |
| Saltfisk lasagne | 1.498 | 1.898 | 1.498 | 20 |
| Laxapate reykt | 1.478 | 1.898 | 1.478 | 20 |
| Ýsu lasagne | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Lúðusteik m/paprikuhjúp | 1.598 | 1.998 | 1.598 | 20 |
| Gourmet villikryddað lambalæri | 1.299 | 1.874 | 1.299 | 30 |

**nettó**

Tilboðin gilda til 15. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða léttreyktur lambahryggur | 1.311 | 1.748 | 1.311 | 25 |
| Goða ofnsteik villikrydduð kg | 1.386 | 1.848 | 1.386 | 25 |
| Grísabógur reyktur | 499 | 1.029 | 499 | 50 |
| Kjúklingalæri fersk | 487 | 649 | 487 | 25 |
| Kjúklingavængir ferskir | 149 | 299 | 149 | 50 |
| Wesson Canola olía 1,42.l | 215 | 359 | 151 | 40 |
| Elitesse súkkulaðikex 40 g | 24 | 48 | 500 | 50 |
| Grand eplasafi 1.l | 97 | 139 | 97 | 30 |
| Grand appelsínusafi | 97 | 139 | 97 | 30 |
| Grand multisafi | 97 | 139 | 97 | 30 |

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla

Tilboðin gilda til 15. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri úr kjötborði | 1.098 | 1.485 | 1.098 | 26 |
| Nautasnitsel úr kjötborði | 1.698 | 2.095 | 1698 | 20 |
| Innfl. kjúklingabringur 900 g | 1.599 | 1.899 | 1.777 | 15 |
| Nautahakk | 899 | 1.398 | 899 | 35 |
| Fiorucci Parmaskinka 80 g | 501 | 627 | 501 | 20 |
| Myllu Veronabrauð | 229 | 339 | 229 | 30 |
| Myllu tómatbrauð | 229 | 349 | 229 | 35 |


**Sock Shop** breytir um nafn og verður **Cobra**




**20%** afsláttur til 20. október

cobra

Sokkabúðin Kringlunni, 1. hæð við blómatorgið

allt auglýsingasími 550 5880

# Vertu tímanlega með vetrardekkin




## Októbertilboð Sólningar

**15% afsláttur** af öllum jeppa- og fólksbíladekkjum

**15% afsláttur** af allri dekkjaþjónustu.

Hægt er að panta tíma á netinu **www.solning.is**

Tilboðin gilda til 21. október.

SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 | Njarðvík | Selfoss

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Góð kaup á Kringlukasti

*20 til 50 prósenta afsláttur af nýjum vörum.*

Kringlukast stendur yfir í Kringlunni frá fimmtudegi til sunnudags. 20 til 50 prósenta afsláttur er veittur af nýjum vörum og því tilvalið að skoða hvort ekki megi gera góð kaup á haust- og vetrarvörum.

Opið er til 19.00 á föstudag, til 18.00 á laugardag og til 17.00 á sunnudag.

Þess má geta að tvær nýjar verslanir opnuðu nýlega í Kringlunni. Þetta eru L´Occitane en Provence, sérverslun með franskar bað- og snyrtivörur, sem opnaði á 1. hæð, og tískuverslunin SPARKZ sem hefur opnað á 3. hæð Kringlunnar við hliðina á versluninni Retro.

Í lok september opnaði Herragarðurinn aftur eftir gagngerar endurbætur og stækkun og á svipuðum tíma opnaði Make up Store í Kringlunni en þar er úrval af förðunarvörum, snyrtivörum, líkamsvörum og gjafavörum.


Fyrstir koma, fyrstir fá.

## Á snyrtilegu verði

VERSLUNIN HYGEA Í SMÁRALIND ER MEÐ ALLAR LANCÔME-, DIOR- OG GUERLAIN-VÖRUR Á 20 PRÓSENTA AFSLÆTTI.



„Það er fleira en ofangreindar merkjavörur sem er á tilboði í Hygeu. Til dæmis make-up-töskur sem kosta 1.000 krónur og innihalda hinar ýmsu vörur svo sem spegla, augnskugga, varaliti, gloss, naglalakk, pensla og bursta. Bara töskurnar sjálfar eru svo eigulegar að þær henta vel bæði í snyrtiskápinn heima og á ferðalögum.“ Svo vorum við að taka upp skartgripi í úrvali, stórar festar, armbönd og fleira og bjóðum það á 30 prósenta afslætti,“ segir Edda Sigurgeirsdóttir í Hygeu. Tilboðið gildir fram á sunnudag og er í tilefni fimm ára afmælis Smáralindar.

## Tilboð í þrjá daga

ÁRLEG HAUSTTILBOÐ Í TÖSKU- OG HANSKABÚÐINNI SKÓLAVÖRÐUSTÍG 7.



Þá er komið að hinum árlegu haust-tilboðsdögum í stærstu töskuverslun landsins, Tösku- og hanskabúðinni, sem hófust í gær og standa fram á laugardag. Það er um að gera og líta inn í verslunina, þar sem úrvalið er hreint út sagt óviðjafnanlegt. Töskur af öllum stærðum og gerðum á enn betra verði en vanalega. Verslunin verður höfð opin til kl. 16.00 í dag og morgun. Einnig er hægt að hafa samband í síma 551-5814 til að kynna sér tilboðin nánar.

## Haustútsala

NÚ ER Í GANGI HAUSTÚTSALA Í BERNHARD Í VATNAGÖRÐUM Á HONDA-MÓTORHJÓLUM.

Markmið útsölunnar er að rýma fyrir árgerð 2007 sem kemur í lok mánaðarins. Hjólin eru á breiðu verðbili, allt frá krossurum á 217.000 krónur til Gold Wing-götuhjóla á 2.370.000 króna. Meðal hjóla er CRE-450X götuskráð á 10 prósent afslætti en það kostar nú 1.025.000 krónur. CR-85R, CRF-80F og CRF-50F eru einnig á 10 prósent afslætti.

Einnig eru fyrirliggjandi fjórhjól TRX-400FA, 350FE og 350FM og fyrir skemmstu komu 500- og 680-hjólin í hús.

Magnið er takmarkað af öllum gerðum svo fyrstir koma, fyrstir fá.






allt tíska
Alla fimmtudaga

DÚNMJÚKT OG ÞÆGILEGT







TEMPUR®
Tempur inniskór
• Mjúkur gúmmísóli
• Tempur efni í botni
• Mjúkur og hlýr

TempraKON®
Dúnsængur og koddar
• Hitajöfnun 37°C
• Hannað af NASA
• 600 gr af 100% hreinum hvítum gæsadún
• Asthma- og ofnæmisprófað
• Hægt að þvo á 60°

Outlast® ADAPTIVE COMFORT®
CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

www.design.is ©2006

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16












# Leikbær í Perlunni

*Fjögurra daga haustútsala Leikbæjar stendur sem hæst í Perlunni.*

„Við erum með allt milli himins og jarðar fyrir börn á aldrinum 0-12 ára," segir Elías Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Leikbæjar. Hann nefnir þekkta merkjavöru eins og Playmo, Matchbox, Fisher Price og Barbie sem hann kveðst vera með í miklu úrvali og einnig séu önnur leikföng frá minna þekktum vörumerkjum. Afslátturinn frá upphaflegu verði er frá 50 og allt upp í 80 prósent svo að sannarlega er hægt að gera góð kaup. „Staðreyndin er sú að fólk er í stórum stíl að versla til jólanna," segir Elías og ekki er annað hægt að segja en það sé hyggilegt þar sem innan við tveir mánuðir eru til þeirra. Auk Leikbæjar er Ótrúlega búðin með smá horn í Perlunni og þar fæst eitt og annað til heimilisins.



# Afmælistilboð

*Nýjar vörur á tilboðsverði í Whistles.*

Verslunin Whistles í Kringlunni á eins árs afmæli og af því tilefni er tuttugu prósenta afsláttur á öllum nýjum vörum. Afmælistilboðið stendur fram á sunnudag en auk þess hlýtur einn heppinn viðskiptavinur á hverjum degi tíu þúsund króna gjafakort í versluninni. Einnig er 30-50 prósenta afsláttur af fyrstu haustvörunum. Þar má finna kjóla, buxur, toppa, peysur og skyrtur.





Í versluninni Bíson í Kringlunni eru seldar danskar hágæðatískuvörur.

## Bíson, falleg og endingargóð föt

NÚ ERU KRINGLUKASTSDAGAR HAFNIR OG STANDA TIL 15. OKTÓBER NÆSTKOMANDI.

Á Kringlukastsdögum bjóða verslanir Kringlunnar 20-50 prósenta afslátt af nýjum vörum, en á meðal þeirra er fataverslunin Bíson þar sem afsláttur er af völdum vörum. Bíson er danskt vörumerki sem nýtur vaxandi vinsælda hérlendis og ekki að ástæðulausu, þar sem fötin þykja ekki einungis falleg heldur henta þau við alls kyns aðstæður. Kíktu endilega í Kringluna og kynntu þér um hvað málið snýst meðan á tilboðum stendur.






Hægt er að fá allt að sextíu prósenta afslátt af eldri vörum í Miru.

# Rýmingarsala

*Valdar vörur á frábæru tilboðsverði.*

Þessa dagana er verið að rýma til fyrir nýjum vörum í húsgagnaversluninni Miru í Kópavogi og því má fá allt að fjörutíu til sextíu prósenta afslátt af völdum vörum í versluninni. Nýju vörurnar eru farnar að streyma inn og verða þær seldar með fimmtán prósenta afslætti til að byrja með.



## Herradagar í Trippen

Skóverslunin Trippen á Rauðarárstíg býður 20 prósenta afslátt á herraskóm næstu dagana. Skórnir í Trippen eru allir handsaumaðir úr eðalleðri og er hvert skópar einstakt fyrir vikið.

**PÉTUR JÓHANN OG JÓN GNARR•** Skrifa saman skrifstofugrín [2]


# SIRKUS

13. OKTÓBER 2006


NICOLE MEÐ NÝJAN GÆJA [12]





**Hildur Vala Einarsdóttir**
UM BARNIÐ SEM ER Á LEIÐINNI, PLÖTUNA SEM VAR AÐ KOMA ÚT OG SJÓNVARPSÞÁTTINN SEM GERÐI HANA AÐ STÓRSTJÖRNU

# Álpaðist í Idolið



MAGNI SITUR HEIMA
## Túrar ekki með húsbandinu



SKAKKAMANAGE
## Hjón í hljómsveit



FRÍMANN SIGURÐSSON
## Lífsþjálfi af guðs náð


EFTIRLÆTIS BORÐBÚNAÐUR




Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net

FÖSTUDAGUR [11°] LAUGARDAGUR [9°] SUNNUDAGUR [8°]

## Óttinn við alvöruna

Þegar ég heyrði að ráðist hefði verið á Bandaríkin, þotum flogið á Tvíburaturnana og Pentagon, skrópaði ég í tíma ásamt félaga mínum og hljóp heim til að ná fjörinu á CNN. Þegar við vorum komnir hálfa leið ákváðum við þó að stoppa í sjoppu.




Það er ekkert fjör að horfa á endalok heimsins ef þú átt ekki popp og kók. Kaldhæðni er sjúkdómur okkar kynslóðar. Okkur er sama um allt. Ekkert er merkilegt. Ekkert fær á okkur. Við hlæjum innra með okkur að fólkinu sem varpar sér niður af fertugustu hæð áður en turnarnir hrynja. Við brosum að óhugnanlegustu hryllingsmyndum og kippum okkur ekki upp við þó að fimm stúlkum hafi verið nauðgað á Þjóðhátíð. Hátíðin fór hvort sem er „vel fram".

Þessi kaldhæðni gegnumsýrir allt sem við gerum. Bíómyndir, leikrit og bækur. Óttinn við alvöruna er ótti unga fólksins. Í huga klámkynslóðarinnar eru endaþarmsmök jafn eðlileg og fyrsti kossinn í lok stefnumóts. Í huga okkar sem þykjumst orðin fullorðin er dauðasynd að vera einlægur, hallærislegt, ömurlegt, lummó.

Það er þetta ástand sem Hugleikur Dagsson fjallar um í myndasögum sínum. Hvort sem hann ætlar sér það eða ekki. Kúkur, piss og sifjaspell eru ekki bannorð í samfélagi kaldhæðninnar. Ekki frekar en samfélagið sameinaðist gegn manni sem fékk viðurnefnið Svefnnauðgarinn.

Flettið upp Stefáni Ófeigssyni á wikipedia ef þið trúið mér ekki.

Kannski er samt þessi öld kaldhæðninnar að líða undir lok. Í dag eru gömlu víglínur kalda stríðsins búnar að finna sér nýjan samastað. „Við og hinir" mættir aftur á svæðið. Og jafnvel skemmtileg dönsk skopmyndakaldhæðni dregur dilk á eftir sér.

Ég efast um að verkum Hugleiks yrði vel tekið í arabaheiminum. Sumum finnst bara betra að hlaupa út á götu og skjóta upp í loftið en að fá útrás með einni myndasögu.

Og já, for the record, þá var þetta kaldhæðni.

## 3 HLUTIR SEM SIRKUS VISSI EKKI FYRR EN NÚ



**Síða 4** Á Íslandi starfar Frímann Sigurðsson sem lífsþjálfi. Hann hjálpar fólki við að gera líf sitt auðveldara.



**Síða 8** Hildur Vala Einarsdóttir stundar nám í bókmenntafræði í Háskóla Íslands.



**Síða 14** Hljómsveitin Skakkamanage spilar í Fríkirkjunni annað kvöld á útgáfutónleikum plötu sinnar, Lab of Love.

### SUPERNOVATÚRINN Í JANÚAR

# Magni túrar ekki með húsbandinu

„Ég fer líklega í það núna í janúar, já. Það er nú ekki búið að ganga frá því en þeir hljóta að leyfa mér að koma með á Supernova-túrinn," sagði Guðmundur Magni Ásgeirsson við Sirkus nokkrum klukkutímum eftir Supernova-ævintýrið. Hingað til hefur Magni gert ráð fyrir að hita upp fyrir Lúkas og Supernova með húsbandinu úr þáttunum. En bransinn er óútreiknanlegur. Samkvæmt heimasíðu Magna, magni-ficent.com, verður ekkert af Supernovatúrnum. Þar segir Magni að umboðsmaður Supernova hafi ákveðið að taka ekki húsbandið með sem þýðir að okkar maður situr eftir heima.

Þess í stað mun, Juke Cartel, bandið hans Tobys hita upp fyrir Supernova á tónleikaferð sveitarinnar sem hefst í janúar.

Ástæðuna segir Magni vera peningalegs eðlis og komi tónlistinni ekkert við.

Hann heldur þó enn í vonina um að húsbandið komi til Íslands til tónleikahalds í desember. Og troði þá upp ásamt honum, Storm, Dilönu, Toby og Ryan. Magni á einmitt afmæli 1. desember og væri því gaman fyrir strákinn að fá uppáhaldsbandið sitt til landsins.



**Tommy Lee** Þarf að skála við einhvern annan en Magna á tónleikaferð Supernova.

**Situr heima** Magni fer ekki á túr með Supernova og húsbandinu.

### PÉTUR JÓHANN OG JÓN GNARR

## Skrifa saman grínþætti í anda Skrifstofunnar

Grínarinn Pétur Jóhann Sigfússon leikur ekki bara í auglýsingum. Margir hafa velt því fyrir sér hvað hann sé að gera þessa dagana eftir að Strákarnir voru teknir af dagskrá. Aðdáendur grínþátta geta hoppað í hringi því Pétur er að búa til grín. Situr hann sveittur alla daga með Jóni Gnarr að búa til leikið grínefni fyrir Stöð 2. Með í þessu er enginn annar en Ragnar Bragason leikstjóri sem hefur verið að gera það gott í bransanum undanfarið. Mikil leynd hvílir yfir þáttunum sem þó munu vera í anda Skrifstofunnar (The Office). Spennandi.






### FÖSTUDAGURINN ÞRETTÁNDI

## Óhappadagur eða tilgangslaus hræðsla



Föstudagurinn þrettándi hefur lengi verið talinn óhappadagur. Rannsóknir sýna að að sumt fólk er líklegra en annað til þess að lenda í slysum eða veikjast á þessum degi. Fólk tekur þessu þó misalvarlega en í Bandaríkjunum er því haldið fram að um 900 milljónir dollara tapist þegar þrettándi kemur upp á föstudegi vegna þess að fólk sleppir því að ferðast eða fara í vinnuna. Hræðsla við föstudaginn þrettánda nefnist paraskaveddekatriaphobia, og tengist hræðslu við töluna þrettán.

Ástæðuna fyrir þessari hræðslu má rekja til slæmra uppákoma í kristinni trú sem sagðar eru hafa á sér stað á þessum degi. Helförin er sögð hafa hafist föstudaginn þrettánda sem og var þegar Eva gaf Adam eplið forðum daga. Sá sem fæðist þennan dag er sagður dæmdur til þess að mistakast allt en bæði Fidel Castro og Craig Bellamy eru fæddir á föstudegi þrettánda.

SIRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Símon Birgisson, simon@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadogg@minnsirkus.is **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is


HVAR ER ÞITT EGO?
BENSÍN DÍSEL
KVITTUN FYLGIR ÁVINNINGUR!
ego
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!
www.ego.is

## Ég var að heyra...



Að hinn svipti **Óli Geir,** fyrrverandi Herra Ísland, væri heitur í heimabæ sínum Keflavík. Var hann að plötusnúðast í félagsmiðstöð þar í bæ um síðustu helgi en Ingó úr Idolinu var líka að spila fyrir krakkana. Sagan segir að Óli Geir hafi þurft að gefa fleiri eiginhandaráritanir en sjálfur Ingó. / Að **Þorbergur Aðalsteinsson** fyrrum handboltaþjálfari sé kallaður „Tobbi taplausi“. / Að **Reynir Hjálmarsson,** prestssonur og blaðamaður, hefði verið með dólgslæti í partíi **Auðuns Blöndal** á Q-bar. Var hann þar að hrekkja prúða gesti og kippti meðal annars stólnum undan **Hjörvari Hafliðasyni,** fyrirliða Breiðabliks. Um atvikið var síðan skrifað í Blaðið sem hann vinnur einmitt á. „Ég hef gaman af öllu svona gríni en mér þótti leitt að hann skyldi ganga svo langt að skrifa um atvikið í þetta skítuga Blað,“ sagði Hjörvar í samtali við Sirkus. / Að **Eggert Magnússon,** þessi með bindishnútinn, ætli að kaupa knattspyrnuliðið West Ham. / Að hljómsveitin Sign sé í miklu uppáhaldi á tónlistartímaritinu Kerrang. Blaðamaður þar spáir þeim miklum sigrum á næstunni enda hafi þeir allt til að bera og hrósar hann söngvaranum **Ragnari Zolberg** í hástert.





## Þetta heyrðist í vikunni ...



„Ég ákvað að hætta að drekka vegna þess að ég drakk of mikið ... ég var orðinn hundleiður á sjálfum mér og var orðinn leiðinlegur, súr og slappur. Ég var í baði í London þegar ég tók þessa ákvörðun.“

**Baltasar Kormákur í Kastljósinu um áfengisbindindið sitt.**



„Ég verð bara að taka það mark á mig og gera betur næst.“

**Ívar Ingimarsson um annað mark Letta í Ríga við Morgunblaðið.**

„Hann fór þó pínulítið frammúr sér í þættinum þegar hann í fullri alvöru fagnaði ferskum straumum í Framsókn með því að kalla Bjarna Harðarson fulltrúa unga fólksins. Bjarni er vissulega með ferskari mönnum en hann er hinsvegar fæddur árið 1961! Bjarni er því á svipuðu reki og Þórhallur Gunnarsson ...“



**Sigmar Guðmundsson á bloggsíðu sinni um frammistöðu Róberts Marshall í Silfrinu.**

**NÝ STÉTT MANNA SEM TAKA Á VANDAMÁLUM ER ORÐIN TIL Á ÍSLANDI**

# Lífsþjálfi af guðs náð

Margir Íslendingar þekkja hugtakið lífsþjálfi aðeins úr þáttunum Nip Tuck. Nú er farið að bera á þessari stétt manna hér á Íslandi. Frímann Sigurðsson hjálpar fólki að takast á við vandamál sín, skilgreina þau og leysa. Hann kallar sig einstaklingsþjálfara, „coach“, segist aðstoða fólk til að sjá markmið sín og skoða leiðina að þeim.

**Ögrandi nám**

„Íþróttafólk er vant því að hafa þjálfara svo árum skiptir en einstaklingar ekki,“ segir Frímann sem fann köllun sína og hélt til Danmerkur í tveggja ára erfitt nám þar sem viðfangsefnið er maðurinn sjálfur. „Jú, hugmyndin kveikti í mér og ég ákvað að skella mér út. Þetta er mjög ögrandi nám. Það er ögrunin sem gerir það skemmtilegt.“

**„ÍÞRÓTTAFÓLK ER VANT ÞVÍ AÐ HAFA ÞJÁLFARA SVO ÁRUM SKIPTI EN EINSTAKL-INGAR EKKI.“**

**Erfitt að starfa sjálfstætt**

Frímann er kominn heim. Hann er í sambúð og lifir drauminn. Hann segir starfskjörin hér á Íslandi eins góð og maður gerir þau. Það sé nóg að gera þó það sé oft á tíðum erfitt að starfa sjálfstætt. En það fer ekki fyrir brjóstið á Frímanni. Enda vanur ögrunum.

**Er í skránni**

„Fólk veit best sjálft hvernig það á að lifa lífinu. Það getur enginn sagt þér hvað þú átt að gera. En það eru til mörg ráð og margar leiðir til að lifa betra lífi. Ég get bent á þær,“ segir Frímann og brosir. Spurður hvernig fólk geti nálgast þjónustu hans segir hann stuttaralega. „Ég er í skránni.“



**FRÍMANN SIGURÐSSON LÍFSÞJÁLFI**
„Fólk veit best sjálft hvernig það á að lifa lífinu.“

**VISSIR ÞÚ AÐ...**

- Frímann hefur lokið námi í skapandi verkefnastjórnun frá KaosPilot-háskólanum í Árósum.
- Áður stundaði hann nám í leiklist í Svíþjóð.
- Frímann hefur meðal annars unnið fyrir Legó og að markaðssetningu Skólavörðustígsins.
- Hann starfaði með Helgu Steffensen í Brúðubílnum.



## Betra líf

**Það er um að gera að kíkja í verslunina Betra líf, Kringlunni 8-12. Það er einmitt verslun þeirra sem leita andlegs þroska og betra lífs. Áhersla er lögð á heilbrigða sál í heilbrigðum líkama. Þar færðu flest er viðkemur andlegri iðkun. Til dæmis bækur, tónlist, olíur, reykelsi, spil, ilmkerti og fleira.**








## Djammið um helgina



Frumsýningarpartí **Auðuns Blöndal** fyrir þáttinn Tekinn var haldið á Q-bar á föstudaginn. Þar voru helstu „celebbin“ mætt í bús í boði Ölgerðarinnar. Þríeykið **Gillzenegger, Ásgeir Kolbeins** og **Logi Bergmann** röbbuðu saman en þeir eru víst bestu vinir. Logi var þó ekki á hinu magnaða hjóli sínu í þetta skiptið. En í partíinu voru einnig ofurskutlurnar **Ragnhildur Steinunn** og **Birgitta Haukdal** sem eru auðvitað alltaf stórglæsilegar. Ekki skemmdi það svo partíið þegar **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** lét sjá sig. Grínararnir **Pétur Jóhann** og **Sveppi** hlógu að Audda vini sínum. **Elli** í Jeff Who, **Valtýr Björn** og **Valli Sport** létu einnig sjá sig og var sportarinn alveg eldhress. Eitt heitasta parið í bænum **Kristján Ra** og **Halla Vilhjálms** heilsuðu upp á viðstadda og einnig rak knattspyrnumaðurinn **Tryggvi Guðmundsson** skallann inn. Af öðrum stöðum var það helst að frétta að Footloose-stjarnan **Þorvaldur Davíð** var í léttum trans á Vegamótum á meðan **Eyrún** í Kastljósinu ræddi um þjóðmálin á Ölstofunni. Á Nasa var svo Kastljós-sjarmörinn **Þórhallur Gunnarsson** í miklu stuði. Leikarinn **Björn Hlynur** lét sjá sig á Oliver og var sjóðandi heitur eftir forsíðuviðtalið fyrr um daginn. **Júlli Kemp** var með Reykjavíkurnæturdrottningunni **Hörpu Pétursdóttur,** sem er einmitt kærasta **Júlla** á Kaffibarnum, í frekar mikilli stemmingu.










# Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl?
Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

FER TÍÐARANDINN Í HRINGI: 1986 -1996 - 2006

# Hverjir eru flottastir?

**Því er oft haldið fram að tíðarandinn fari í hringi. Gömlu hetjurnar úr tónlistarheiminum segjast vera löngu búnar að semja öll lög dagsins í dag. Rithöfundar segjast hafa skrifað sögur nútímans, Ásgeir Sigurvinsson er sagður betri en Eiður Smári og Hófí Karls sú allra fegursta. Sirkus ákvað að kanna hvort eitthvað væri til í þessu. Hver var flottastur fyrir tuttugu árum, tíu árum og í dag. Fer tíðarandinn í hringi? Er Magni bara léleg eftirlíking af Vidda í Greifunum og Silvía Nótt hin nýja Edda Björgvins....**

## HLJÓMSVEIT



**1986 Greifarnir** voru aðalbandið á landinu enda sigruðu þeir músíktilraunir þetta árið. Felix Bergsson byrjaði einnig í hljómsveitinni árið 1986 og þeir komu fram í hinum heimsfrægu hvítu frökkum. Auðvitað voru líka fleiri bönd sem vöktu athygli á þessum tíma. **Icy** flokkurinn átti að rústa Eurovision og **Mx-21** fór á kostum á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar.



**1996** Árið áður var það **Botnleðja** sem sigraði í Músíktilraunum og í kjölfarið gaf sveitin út frumburð sinn, Drullumall. Sannkallað Botnleðjuæði greip um sig í landinu og það var ekki síst vinskapur Botnleðjumanna og **Blur** og **Damons Albarn** sem gerði þá að flottustu gaurunum í landinu.

**2006** Það væri nú eitthvað að ef strákurinn frá Borgarfirði eystri, **Guðmundur Magni Ásgeirsson**, fengi ekki að tróna á toppnum þetta árið. Það þekkja allir sigra hans í Ameríkunni og móttökurnar sem strákurinn fékk í Smáralindinni minntu á Bítlaæði. **Jeff Who**, hefur líka átt fínt ár sem og meistari **Mugison**.



## ÍÞRÓTTIR

**1986** „Þetta er ekkert mál... fyrir **Jón Pál**." Þarna var það hann sem var kóngurinn. Var sterkasti maður í heimi og aðal töffarinn í bænum. Með húmorinn í lagi og var reyndar fyrir löngu búinn að sanna sig sem íþróttamaður. Sundmaðurinn **Eðvarð Þór Eðvarðsson** var valinn íþróttamaður ársins, en í hugum allra var það Jón Páll sem var kóngurinn.



**1996** Tugþrautarkappinn **Jón Arnar Magnússon** var valinn íþróttamaður ársins annað árið í röð. Hann var á þessum tíma í röð bestu tugþrautarmanna í heimi. Og sló í gegn með skemmtilegri framkomu. Hver man til dæmis ekki eftir fánalitaskegginu? Litríkur karakter sem er ennþá að rústa mótum hérna heima.



**2006 Gulldrengurinn frá Hlíðarenda** hættir í einu besta félagsliði heims, Chelsea. Það er samt ekkert að bögga strákinn sem semur við besta félagslið í heimi, Barcelona. Hann er talinn áttundi líklegastur til þess að hljóta markakóngstitilinn á Spáni og spilar eins og engill með þeim allra bestu.

## GELLA

**1986** Mesta gellan árið 1986 er klárlega **Hólmfríður Karlsdóttir**. Hún sigraði Miss World árið áður og er glæsileg kona. Margir nefna hana alltaf sem flottasta þegar rætt er um fegurðardrottningar. Hógvær og flott stelpa sem vann hug og hjarta allra landsmanna.





**1996** Það verður að nefna hana **Hrafnhildi Hafsteinsdóttur** sem sigraði Ungfrú Ísland árið áður. Stórglæsileg stúlka sem enn í dag þykir ein sú flottasta. Hún er náttúrulega á föstu með sjálfum Bubba Morthens. Hver man ekki eftir myndunum af henni úr Mannlífi sem birtust á þessum árum og fengu hvern sem var til þess að roðna.

**2006** Tuttugu árum síðar eignumst við enn eina Ungfrú heim. **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** hefur farið sigurför um heiminn. Af mörgum fallegum er að taka en Unnur Birna stendur upp úr. Hún hefur verið áberandi á árinu enda frábær stelpa, klár og fjallmyndarleg.





## TÖFFARI

**1986** Kvöldstund með listamanni var heiti á sjónvarpsþætti sem sýndur var á RÚV þetta árið. Þar ræddi sjálfur **Megas** við **Bubba Morthens** sem svaraði öllum spurningum skáldsins eins og sönnum töffara sæmir. Einnig kom hann fram á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar með hljómsveitinni Mx-21 og sýndi frábæra sviðsframkomu. **Jón Gerald Sullenberger** var einnig nokkuð töff á þessum árum í Hollywood.

**1996** Það koma eiginlega tveir til greina. Annars vegar **Fjölnir Þorgeirsson** sem var á föstu með Mel B úr Spice Girls, stærstu hljómsveit þeirra tíma. Einnig varð hann Íslandsmeistari í nánast öllu sem hann tók sér fyrir hendur. Áðurnefndur **Baltasar Kormákur** var einnig svalur í Djöflaeyjunni.





**2006 Björn Hlynur Haraldsson** er tvímælalaust einn mesti töffarinn á landinu í dag. Pétur Gautur hefur slegið í gegn og svo er hann einn af Vesturportsgenginu. **Mugison** er líka svalur sem og **Rassi prump**. Það er erfitt að velja mesta töffara samtímans. **Bubbi** er náttúrulega líka svalur og gæti auðveldlega verið mesti töffari síðustu tuttugu ára.





**1996** Þarna var það kvikmyndin **Djöflaeyjan** sem sló í gegn. **Baltasar Kormákur** fór með hlutverk Badda og var alveg eitur svalur. Braggafílingurinn með amerísku frösunum og fátæktinni framkallaði nostalgíu hjá eldra lagi þjóðarinnar á meðan hinir yngri héldu ekki vatni yfir töffaraskapnum í Balta.

## KVIKMYND

**1986** Kvikmyndin **Stella í orlofi** var frumsýnd þetta árið og er fyrir löngu orðin klassík í íslenskri kvikmyndasögu. **Edda Björgvins** fór þar á kostum ásamt **Ladda** og fleiri góðum. Hún hefur síðan fylgt með pulsupökkum (þ.e.a.s Stella en ekki Edda) og enn þann dag í dag heyrir maður frasa úr myndinni. Kvikmyndin **Eins og skepnan deyr** var líka frumsýnd þetta ár.





**2006** Eftir tíu ár verða líklega tvær myndir nefndar fyrir árið 2006. Önnur þeirra er **Mýrin** sem ekki er búið að frumsýna en lofar mjög góðu. Annars er enginn vafi á því að kvikmyndin **Börn** eftir Vesturportsbörnin hefur slegið í gegn. **Gísli Örn Garðarson**, **Ólafur Darri** og **Nína Dögg** eru sannkallaðar stjörnur. Því verður heldur ekki sleppt að minnast á **Silvíu Nótt**, sem


Electa pokagormadýna
sjálfstæð fjöðrun
90cm kr. 50.800.-
120cm kr. 63.200.-
140cm kr. 68.700.-
160cm kr. 87.000.-
frábært verð fyrir
fólk á öllum aldri.
Mikið úrval af stökum dýnum
Rafstillanleg rúm
80x200 verð frá kr. 84.510.-
TILBOÐ 90cm kr. 32.385.-
TILBOÐ 120cm kr. 41.055.-
Suprima
V.I.P.
Hágæða heilsurúm
www.toscana.is
HÚSGAGNAVERSLUN
TOSCANA
SMIÐJUVEGI 2, KOP S:587 6090
HÚSGÖGNIN FÁST EINNIG Í HÚSGAGNAVAL, HÖFN S: 478 2535

**HILDUR VALA EINARSDÓTTIR SEGIR SIRKUSI FRÁ TÍMAMÓTUNUM SEM HÚN STENDUR Á Í LÍFI SÍNU. BARNINU SEM ER Á LEIÐINNI. PLÖTUNNI SEM VAR AÐ KOMA ÚT. SJÓNVARPSÞÆTTINUM SEM GERÐI HANA AÐ SAMEIGN ÞJÓÐARINNAR.**

# Vill ekki vera poppstjarna

Alveg eins og Eiður Smári Guðjohnsen er óska tengdasonur allra feðra á Íslandi er Hildur Vala Einarsdóttir óska tengdadóttur íslenskra mæðra. Hún tók við af Birgittu Haukdal föstudagskvöldið sem hún vann Idolið. Hildur heillaði alla upp úr skónum með spékoppnum, söngnum og hógværðinni, sem er dyggð sem Íslendingar kunna betur að meta en aðrar þjóðir. En það var einmitt hógværðin sem stal Hildi Völu frá okkur. Smátt og smátt fjarlægðist hún sviðsljósið. Ekki vegna þess að eftirspurnnin væri að minnka, heldur vegna þess að sviðsljósið á ekki vel við Hildi Völu. Hún vill ekki vera poppstjarna. Hún vill bara búa til tónlist. Og nú er komin út ný plata.

**Hvers konar plata er þetta?**
„Þetta er íslensk tónlist, ný lög eftir nokkra tónlistarmenn sem voru svo góðir að leyfa mér að syngja lögin sín. Ég fann hjá mér þörf, einhverja löngun til þess að syngja eitthvað nýtt. Og ég var svo heppin að það var fullt af fólki sem leyfði mér að hlusta á lög sem það hafði verið að semja. Og leyfði mér að syngja þau inn á plötuna mína."

**Engin pressa á að gera „cover" plötu eins og allir hinir?**
„Nei, alls ekki. Ég fékk algert frelsi og útsetti þessi lög og söng eftir mínu höfði. Það eru líka allir sem betur fer mjög ánægðir með útkomuna.
Þetta snýst ekkert um pressu. Ég vil heldur ekkert gefa út plötu bara til þess að gefa út plötu. Það verður að vera gott efni. Maður verður að hafa eitthvað fram að færa."

**Hvernig varð hún til?**
„Við fórum í ferðalag. Ég, Jón og nokkrir hljóðfæraleikarar, settumst að á sveitabæ í Danmörku. Og þar vorum við í fimm daga. Borðuðum góðan danskan mat sem var eldaður ofan í okkur og tókum upp plötuna að mestu leyti. Restina kláruðum við svo heima."

*Þessi Jón sem Hildur talar um er Jón Ólafsson tónlistarmaður. Stundum kallaður Jón góði. Hann og Hildur eru kærustupar. Idolið færði Hildi sem sagt allt sem ungar stúlkur þrá. Frægð, frama og góðan mann. Fullkomið líf. Eða hvað?*

**Ertu tónlistarmaður í fullu starfi?**
„Nei, ég er í háskólanum, í bókmenntafræði. Tónlistin er ástríða sem maður losnar ekki svo glatt við en ég veit ekkert hvort ég vil bara vera tónlistamaður. Það er svo margt sem mig langar að verða þegar ég er orðin stór.
Ég áttaði mig allavega mjög fljótlega á því eftir að Idolinu lauk að ég vil ekki vera poppstjarna. Ég hafði mjög gaman af þessu þá, til að byrja með. Og auðvitað hefur þetta leitt mig þangað sem ég er nú. Og fyrir það er ég þakklát. Ég vissi náttúrulega ekkert hvernig þetta virkaði, tónlistarbransinn og allt það. En nú er ég reynslunni ríkari."

**Sérðu eftir því að hafa tekið þátt í Idolinu?**
„Nei, nei, ég hugsa það ekki þannig. Þetta æxlaðist bara svona. Ég álpaðist í þetta Idol og það fór eins og það fór. Auðvitað var þetta ótrúlega gaman meðan á þessu stóð og eins og ég sagði, færði mig á þann stað sem ég er í dag, sem er ekkert nema frábært. En þetta er mjög spes pakki. Mikið að gera, mikil eftirspurn og ótrúlega mikil athygli. Síðan kom að þeim tímapunkti að ég fékk nóg, og langaði að gera eitthvað annað."

**Er það ástæðan fyrir því að þú sleist samstarfi þínu við Einar Bárðarson?**
„Ég vildi bara vera minn eigin herra. Gera það sem ég vil gera. Ekki bara það sem aðrir ætlast til af mér. Ég var einhvern veginn að gera sama hlutinn aftur og aftur. Og ég hugsaði með mér hvort þetta væri nokkuð fyrir mig."

*Hildur Vala og Jón Ólafsson byrjuðu saman skömmu eftir að Idol-keppninni lauk. Sambandið vakti mikla athygli og minnti Hildi á að það eru fleiri en ein hlið sem fylgir því að verða fræg á einni nóttu.*

**Hvernig var það?**
„Þú getur rétt svo ímyndað þér hvað það var sérstakt. Við vorum rétt svo farin að kynnast þegar maður var farinn að lesa álit annara á sambandi okkar í blöðunum. Hvað fólki á förnum vegi finnst um Jón og Hildi Völu. Þetta er auðvitað ein hlið á því sem því fylgir að vera svona poppstj arna en ég er nú orðin öllu vön svo þetta hafði engin gífurleg áhrif á mig."

**Nú búið þið saman, hvernig er heimilishaldið? Söngur og gleði öll kvöld?**
„Ég segi það nú ekki alveg. Það er frábært að það sé annar tónlistarmaður á heimilinu en við erum ekki syngjandi við píanóið öll kvöld. Við vinnum hins vegar mikið saman. Jón pródúserar til dæmis plötuna mína."

*Búa saman, búa til plötu saman. Og nú eru Hildur og Jón líka búin að búa til barn saman.*

**Langt í þetta?**
„Nei, ég á um það bil einn mánuð eftir."

**Stressuð?**
„Nei, ég er minnst stressuð. Þetta er bara svo eðlilegt. Ég hlakka mikið til að eignast mitt fyrsta barn og að verða móðir."

**En verður það erfitt að fylgja eftir plötunni?**
„Já, eða allavega til að byrja með. Fyrstu mánuðina. Svo verð ég bara að ráða annan píanóleikara svo að Jón geti verið heima að passa á meðan ég plögga plötuna. Ég vill kynna þessa plötu eins vel og ég get. Því ég er stolt af henni og afar ánægð með hana."

**En hvenær fáum við plötu með lögum sem eru eingöngu samin af Hildi Völu?**
„Hún mun vonandi koma einn góðan veðurdag. Ég hef verið að dunda mér við að semja en ég vil vanda mig extra mikið við það. Það er algjört skilyrði að það verði mjög gott til þess að ég geti sent það frá mér."

**En ertu að semja eitthvað annað en tónlist? Ljóð? Skáldsögur?**
„Já, eða svona... Ég hef eitthvað verið að dunda mér við að setja saman limrur og ferskeytlur. En það er meira svona að gamni."

**Kastaðu fram einni ferskeytlu. Bara svona fyrir lesendur Sirkuss.**
„Nei. Ég held að ég geymi það. Allavega í bili."

*Þangað til verðum við bara að láta okkur nægja að kaupa okkur nýju plötuna hennar Hildar Völu. Hún heitir LaLaLa. Og fæst í öllum betri hljómplötuverslunum.*

*andri@minnsirkus.is*

**„Við vorum rétt svo farin að kynnast þegar maður var farin að lesa álit annarra á sambandi okkar í blöðunum."**



**BRÁÐUM MAMMA** „Ég hlakka mikið til að eignast mitt fyrsta barn og að verða móðir." *Sirkusmynd/Heiða*




**Mitsubishi Colt** er frábær bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir; glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar vélar, 6 hraða „Allshift" sjálfskipting og margt fleira.

Komdu og prófaðu hann

**Verð: 1.590.000 kr.**

**Staðalbúnaður** MASC stöðugleikastýring
ABS hemlalæsivörn · EBD hemlajöfnunarkerfi
MATC spyrnustýring · Akstursstölva · Hiti í framsætum
Fjarstýrðar samlæsingar · Rafdrifnar rúðuvindur

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Stutt eða sítt?

Stutt og sítt í lögum er tískan í vetur. Stuttir jakkar yfir allar síðu vetrarpeysurnar eru algert möst. Ermarnar á jökkunum eru oftast stuttar líka þannig að það er flott að vera í peysu í kontrast-lit því peysuermarnar standa út úr. Þó að jakkinn sé fínn passar hann við öll tækifæri. Það er til dæmis rosa flott að nota hann yfir síða hettupeysu, leggings eða þröngar gallabuxur og strigaskó.





Jakkar frá Topshop.



## tískumolar
Helgu Ólafsdóttur



## Beina hettupeysa



Kanye West lét sig ekki vanta á sýningu vinkonu sinnar Stellu McCartney í París á dögunum. Hann var í vægast sagt áberandi hettupeysu, eldrauðri með beinaprenti. Ef hægt er að tala um tískuslys þá er þetta eitt af þeim ...

## Vetrarhanskar

Háir hanskar í öllum regnbogans litum eru í tísku. Þeir henta einstaklega vel við hið yndislega íslenska veðurfar. Smelltu þér í þá áður en þú ferð út á morgnana að skafa af bílnum eða skelltu þér í sparikjólinn og hanskana við.





## Hönnun Sunnu Daggar í Hagkaup

Flott íslensk hönnun fæst nú í verslunum Hagkaupa. Það er hún Sunna Dögg sem hannaði flotta dömulínu og ótrúlega sæta náttfata- og nærfatalínu fyrir verslanir Hagkaupa. Frábærlega flott föt á Hagkaupsverði, gæti ekki verið betra.

## Hentu íþróttatöskunni!

Næst þegar þú skreppur upp í bústað með vinkonunum eða kærastanum hentu þá gömlu ljótu íþróttatöskunni. Fjárfestu í flottri handtösku í yfirstærð, þær fást til dæmis í Friss & Co. Mundu svo að taka ekki of mikið með, veldu uppáhalds kósý fötin þín, krem og sjampó.



## W tímaritið með listræna tískuþætti



Það er rosalega flottur tískuþáttur í nýjasta tímariti W. Þessi þáttur er samvinna listamannsins Richards Tuttle og ljósmyndarans Marios Sorrenti. Ekki láta þetta blað framhjá þér fara.





Sparkz

Killah
SisterS point
CONVERSE
Sparkz

Ný stelpufatabúð - 3.hæð í Kringlunni - (Við hliðina á Retro stelpur)



NIKITA
15% afsláttur
á Kringlukastinu um helgina

retro
stelpur

3.hæð, Kringlunni s. 512 1742

# DD unit um hollywoodstjörnurnar - Stop the press - hold the phone - hell has frozen over!

## 1

Jahá mar... Paris Hilton og Nicole Richie hafa ákveðið í ljósi þess að þær eiga enga vini lengur og eru í fýlu út í alla sem þær þekkja að þær séu komnar full circle* og orðnar vinkonur aftur. Við getum öll andað léttar og tekið gleði okkar á ný þar sem þessar mannvitsbrekkur hafa ákveðið að slíðra sverðin. Ég segi nú bara eitt: Leiðtogar Mið-Austurlanda ættu að taka sér þær stöllur til fyrirmyndar og hana nú!! Þetta hefur að sjálfsögðu ekkert með það að gera að Simple life 5 er að byrja í framleiðslu neiiiiiiiii!



## 2






Kannski er ástæðan fyrir því að Paris og Nic náðu aftur saman sú að Paris var með eðal-skúnk* í töskunni sinni – ef vel er að gáð þá sjáiði glæran poka með wacky-tabacky* en Paris er alþekkt fyrir dálæti sitt á skítnum en að sögn publisstans* hennar „... er þetta víst venjulegt tóbak en hún einmitt vefur sínar eigin rettur ...“ riiiiight ... þarna klikkaði hann á fundamental* atriði hún gæti aldrei né myndi vefja sínar eigin rettur hún er með fólk í því bara.

## 5



Yikes!!* Hérna er hún J.Lo vinkona mín sem yfirleitt er the picture of style! Mætir hérna á góðgerðasamkomu fyrir barnaspítala og vildi greinilega mix it aðeins up* og mæta bara í full on* grýlu make-uppi og hræða börnin hressilega þar sem henni er augljóslega illa við þau! J.Lo hefur ekki verið eins mikið í blöðunum upp á síðkastið (muniði eftir Bennifer)* nema að neita því að hún sé ólétt og að hún hætti við að vera Sue Ellen í Dallas myndinni. En það er mér gjörsamlega óskiljanlegt að la diva latina* láti sjá sig svona með fölan ógeðslegan varalit langt út fyrir hennar eiginlegu varir – que te passa!!!!

## 6

Reyndar gamalt efni en ég fæ ekki nóg af bad hair days hjá vinum mínum the celebss... en ég meina það hvað í fjandanum gengur henni Brit Brit til að fara svona út! All that money and no class* - Ég meina sjáiði á henni axlarbóluna* ekkert nema flókinn og svo á að taka nett redd með þessu og smella svona hair-clip* með smá gervihári eins og það reddi einhverju!



## 7



Sko Brit Brit það þarf bara einhver í kringum þig að segja þér að maður bónar aldrei kúk – það er alveg sama þó þú setjir pallíettur og ilmvatn á hann it´s still plain ol´ shiiiii. Meira að segja mamma hans Eminem er einhvers staðar í hjólhýsinu að hrista hausinn á meðan hún skrifar undir málsókn númer 70 gegn syni sínum. Mmmmmmmmm bólur líka það er bara keppnis* - ha dýrari týpan*?

## 8

Eins og alþjóð veit er Paris fashion week* að klárast og hafa Kate Holmes og Posh Beckham sannarlega málað bæinn Chanel-svartan saman. En hérna stendur hún þessi elska með deer in the headlights* augnlitið alltaf við hliðina á manni sem ég myndi telja minna galinn en Tom Koo-Koo-Kootchoo Cruise, Karl „verrückt mann“ Lagerfeld. Ætla má að hún og Posh hafi eytt pening í föt þarna á við fjárhags-áætlun Héðinsfjarðarganga – eitthvað verður hún að hafa þessi elska til að deyfa sig. Hún er nú einu sinni föst í Visindakirkju-hell og sjáiði ekki vonleysið í augunum á henni.. „ohh man ég þarf að fara heim og halda áfram að þykjast vera skotin í homsanum* honum Tom.“



## 3



En meira af Nic – þá er þetta nýi gæinn hennar og hver hann er veit nú enginn en það er nú gott að hún eigi einhvern til vara fyrir utan Paris. Þar sem hún og Mischa Barton eru víst ekki á góðum nótum lengur og ekki heldur Blohan... Usss Nic er greinilega not one to be messed with* – hún bara klippir á þig snipp og þú ert jafnpúkó fyrir henni og matur! Food is soooo 5 minutes go people*

## 4



Og talandi um Blohan og vinaleysi hún hefur alla vega ekki sést neins staðar með Harry Morton upp á síðkastið sem ýtir undir að þau séu í langri pásu og jafnvel ekki séð fyrir endann á henni. Kollegar mínir í slúðurheiminum geta ekki talað nógu mikið um það að hún sé „bloated“* en ég er nú ekki á því. Mér finnst hún svo sæt og fín en það sem er umræðuefni þessarrar myndar er hversu litlir augasteinarnir á henni eru og sérfræðingar vilja meina að það sé vegna crystal meth* notkunar. En hver veit? Hún er að fá flass í augun frá myndavélunum líka... common en hún er með Rachel Zoe stílista/sölumann dauðans.

## 9

En hey hún Kate Holmes fær 25 millur í dollurum fyrir hvert barn sem hún eignast með honum Tommaling* – sweet gig! Með henni hérna er engin önnur en singleton Kate „Skin and bones-Worth“ – og þær eru báðar jafnánægðar að hitta hvor aðra greinilega – sjáið gleðina skína út úr augum þeirra beggja!




GLÓSUR

# LÆRÐU LINGÓIÐ

**Full circle**
Heilan hring

**Stop the press - hold the phone - hell has frozen over**
Stoppið blaðaútgáfu - ekki taka símann - það er frost í helvíti!

**Yada yada yada**
Bla bla bla

**Not one to be messed with**
Ekki manneskja sem þú vilt abbast upp á

**Food is soooo 5 minutes go people**
Matur er svo búinn að vera

**Eðal-skúnk**
Orð sem notað er yfir kannabisefni eins og gras og hass

**Publisstans**
Fjölmiðlafulltrúi

**Wacky-tabacky**
Skrítna tóbakið eða gras

**Fundamental**
Lykilatriði

**Yikes**
Upphrópun þegar eitthvað er skelfilegt

**Bloated**
Þrútin

**Crystal meth**
Afbrigði af amfetamíni

**He picture of style**
Ímynd smekklegheita

**Mix it aðeins up**
Aðeins að hrista upp í þessu

**Full on**
Mæta ákafur eða í fullum skrúða

**Bad hair days**
Slæmir hárdagar

**All that money and no class**
Allir þessir peningar og ekki snefill af smekklegheitum/klassa

**Axlarbóluna**
Höfuð á fólki, toppstykkið

**Hair-clip**
Spenna með aukahári á

**It´s still plain ol´ shiiiii**
Verður alltaf bara kúkur

**Keppnis**
Eitthvað sem maður myndi fara í þegar maður væri að keppa til dæmis á hestbaki

**Dýrari týpan**
Eitthvað sem er extra flott og fínt

**Bennifer**
Ben Affleck og Jennifer Lopez þegar þau voru saman

**Paris fashion week**
Tískuvikan í París er árlega í helstu tískuborgum heims - Mílano, London, New York, Sao Paulo o.s.frv

**Deer in the headlights**
Í framan eins og dádýr rétt áður en það er keyrt á það

**Verruckt mann**
Bilaður/klikkaður maður á þýsku

**Homsanum**
Samkynhneigður, hommi, öfugur

**Tommaling**
Tom Cruise

**Sweet gig**
Þægilegt verkefni

**Singleton**
Að vera einhleyp/ur

**Kate „Skin and bones-Worth“**
Kate Bosworth kölluð þetta þar sem hún hefur hríðhorast á undanförnum mánuðum

be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 32523 10/2006



SKILGREINING Á VALKVÍÐA:
ICELAND AIRWAVES. YFIR 180 GIGG.

Farðu á www.icelandair.is/airwaves, halaðu niður podcast og hlustaðu á leiðsögn þriggja tónlistarmanna um tónlistarhátíðina. Leyfðu Bóasi úr Reykjavík!, Mr. Silla og Úlfi úr Apparat Organ Quartet að leiða þig um hátíðina. Þá verður valið kannski auðveldara.

PODCAST TÓNLIST

+ Farðu á www.icelandair.is/airwaves fyrir auðveldara líf
Icelandair er aðal styrktaraðili Airwaves tónlistarhátíðarinnar.

WWW.ICELANDAIR.IS


Fergie línan komin
BLEND
KRINGLAN // SMÁRALIND // KEFLAVÍK
S.588 5777 // S.544 4646 // S.421 6899

TEKINN HALLA VILHJÁLMS ÁSÖKUÐ UM BÚÐARHNUPL

# Ég á ekki þessa tösku

X-Factor kynnirinn var beðinn að mæta í búðina Kiss í Kringlunni að máta bol. Þar hitti hún stílista sem fljótlega þurfti að skreppa. Stílistinn hringdi svo í Höllu og fékk hana til þess að taka töskuna sína. Í henni voru þá þrír bolir úr búðinni sem þjófavörnin „pípti“ á og allt fór í kerfi.






FROSTI MÆLIR MEÐ

**1** BIGGI
**Reverand Bill Hicks**
„Mausbiggi fer vel af stað með sólóferil sinn. Singull númer tvö af væntanlegri breiðskífu er draumkennt gítarpopp með melankólísk-um undirtóni.“



**2** ARCHIE BRONSON OUTFIT
**Cherry Lips**
„Af hinni mjög svo frábæru plötu Derdang Derdang, hér er enn ein snilldin frá Archie Bronson genginu.“



**3** GAVIN PORTLAND
**I Should Hide all Their Bricks**
„Íslenskur harðkjarni af bestu sort. Ef Breach platan „It´s Me God“ var að gera eitthvað fyrir þig þá er þetta nostalgía dauðanns.“



HJÓNAKORNIN Í SKAKKAMANAGE SENDA FRÁ SÉR NÝJA PLÖTU

# Hlökkum til að sinna einkalífinu

Þau búa saman, eru í hljómsveit saman og sofa saman. Eða eins og Dagur Sigurðarson orti: Saman, umfram allt, saman. Þetta eru þau Svavar Pétur Eysteinsson og Berglind Häsler sem skipa hljómsveitina Skakkamange ásamt Þormóði Dagssyni, trommara. Nú er ný plata komin út og Svavar Pétur er kampakátur.

„Við höfum verið að djöflast í þessu djöfull lengi,“ segir Svavar og hlær en platan Lab of Love kom út í byrjun síðustu viku. Svavar segir mikið álag fylgja útgáfu nýrrar plötu. „Þessir venjulegu hlutir þurfa að sitja á hakanum. Þetta er meira bara hljómsveitarlíf. Við hlökkum til að geta farið að sinna einkalífinu aftur,“ segir Svavar en eiginkona hans á barn úr fyrra sambandi sem þau ala upp saman.

Svavar Pétur vinnur hjá JPV sem hönnuður. Jólin byrja snemma hjá manninum sem býr til bókakáp-urnar í hinu árlega bókaflóði. Törnin í fullum gangi. Hann vill lítið gefa upp hverjir seljist best þessi jól en mælir með ævisögu Matthíasar Jochumsonar. Svavar bæði hannar kápuna og setur bókina upp.

Áður en Svavar hóf störf á JPV var hann blaðamaður á hinu umdeilda DV. „Ég sem tónlist um hversdagslega hluti, ef ég byrja í nýrri vinnu eða rek augun í eitthvað fallegt. Eitt lagið varð til þegar ég hóf vinnu á DV og heitir Reporter en lagið hefur breyst mikið síðan þá eins og kannski blaðið sjálft.“

Það er ekki auðvelt að lifa af tónlist á Íslandi. Plötu Skakka-manage hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu og því er mikið að gera hjá hljómsveitinni að kynna diskinn. Svavar segir talsverðan tíma hafa farið í að finna tónleikasal fyrir útgáfutón-leikana en hann sé nú fundinn.



**Skakkamanage** Svavar Pétur Eysteinsson ásamt eiginkonu sinni Berglindi Häsler og dóttur hennar, Elísu Egilsdóttur Häsler.

Hvað: Útgáfutónleikar Skakkamanage
Hvar: Fríkirkjunni í Reykjavík
Hvenær: Byrja klukkan átta
Miðaverð: 800 hundruð kall
Aldurstakmark: Ekkert!

„Við munum halda útgáfutónleik-ana í Fríkirkjunni í Reykjavík á laugardaginn,“ segir Svavar og hlær þegar hann er spurður hvort ekki verði þröngt á þingi í guðs húsi. „Ég held að Fríkirkjan taki átta hundruð manns svo það er verðugt verkefni að fylla hana.“



BRYNJAR MÁR MÆLIR MEÐ

**1** OUTKAST
**Morris Brown**
„Meðlimir Outkast hafa verið brautryðjendur í tónlist í fjölda mörg ár og nýja platan Idelwild er hreint út sagt snilld í alla staði. Lagið Morris Brown gefur okkur góðan forsmekk að því sem koma skal.“



**2** JUSTIN TIMBERLAKE FT. T.I.
**My Love**
„Á nýju plötunni Futuresex/ Lovesounds er að finna fanta lög. Allt saman smíðað af töframanni sem kallar sig Timbaland. Lagið My love er ógeðslega melódískt sem og hrikalega flott og grúví.“



**3** JAMES MORRISON
**You Give Me Something**
„Þessi listamaður er nokkuð nýr í bransanum. En þetta lag er gott dæmi um hvað þessi gæji stendur fyrir, hann er bara hjartaknúsari í alla staði, og lagið er alveg GARGANDI GOTT.“



## Vertu þarna ...



Það er alveg þess virði að bruna norður í land og sjá Brimkló í Vélsmiðjunni. Sveitin leikur þar fyrir dansi bæði föstudags- og laugardagskvöld. Eins og segir í skeyti frá sjálfum Björgvini Halldórssyni þá ætlar Brimkló að opna sólarkistu sína upp á gátt og hleypa öllum sólargeislunum út til að ylja Akureyringum og nærsveitarfólki. Sirkus mælir algjörlega með Brimklóarballi á Akureyri um helgina.

## Minnsirkus.is blogg vikunnar

**Lús**



„Það kom víst upp lús í bekknum minum þannig allir fengu að fara heim að kemba sér og þurfa ekkert meira að mæta i skólan í dag:) En auðvita er ég náttúrulega ekki með neina lús sem betur fer ! en já ég er að fara ad vinna klukkan 4 í dag þannig er að pæla að fara sofa bara i smá stund!:)“

Ljoska.minnsirkus.is

**Monday bloody monday**

Fór á Footloose í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi með litlu sys, og verð nú bara að viðurkenna það að þetta var nú bara nokkuð skemmtilegt sko :) Er ekki alveg svona söngleikja ,80s týpan, en fannst nú samt bara gaman :) Pinu langdregið á köflum,en kannski ekkert að marka mig, ég er svo óþolin-móð... ég er manneskjan sem spólar áfram á dvd myndum þegar það er ekkert spennandi að gerast. Finnst samt leikarar og aðstandendur sýningarinnar eiga skilið hrós fyrir gott show og skemmtilega sýningu.“



ernkott.minnsirkus.is

**Matröð 101**

Sko, ég bara varð að deila þessu með ykkur...... versta nótt í lífi minu (allavega síðustu viku) Málið er einfalt, reynið að setja ykkur í mína stöðu.

Ég var að dreyma það að ég var að teygja mig til að slökkva ljósið í svefnher-berginu mínu til að fara að sofa þegar vekjara klukkan mín vakti mig...... Skiluru? Semsagt nóttin hvarf bara einn tveir og bingó....... ömulegt.



GDawg.minnsirkus.is

## Horfðu á þetta ...



The Grudge 2 er alvöru hrollvekja sem frumsýnd verður í bíóhúsum í kvöld. Það muna allir eftir fyrri myndinni og nú heldur bölvunin áfram. Þessi mynd þykir enn betri en fyrri myndin og er þá mikið sagt. Leiðin liggur aftur til Tókýó en yngri systir eins fórnarlambsins úr fyrri myndinni ákveður að komast að því hvað gerðist í húsinu dularfulla. Bölvunin heldur áfram og teygir sig alla leið til Chicago. Ekki missa af þessu. Sirkus mælir með smá gæsahúð um helgina.


Tony Montana er mættur í BT
SCARFACE
THE WORLD IS YOURS
BYGGÐU UPP ÞITT EIGIÐ GLÆPAVELDI Í SVALASTA LEIK ÁRSINS!
Skjóstu í BT og skelltu þér á eintak
PlayStation.2
PS2 OG XBOX
4.999
PC LEIKUR
3.999
18+
BT
RADICAL ENTERTAINMENT
SIERRA
UNIVERSAL
XBOX
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



stelpubögg með
Siggu Dögg

# Mín innri Jenna

Ég hef velt vöngum yfir áhrifum klámvæðingar á okkur unga fólkið. Það þykir móðins að rekja hvers kyns „afbrigðilegheit“ til áhrifa klámmynda. Afbrigðilegheit er þá sá stimpill sem eldri kynslóðir leggja á samlíf ungu kynslóðarinnar, fórnarlömbum Jennu og Rocco. Það virðist því vera að það sé eitthvað frábrugðið og ósiðlegt við mitt samlíf. Ég ákvað að rannsaka þetta mál ofan í kjölinn í von um að geta dregið ályktanir um orsakasamband; gerðu klámmyndir mig að sóðastelpu?

Mína fyrstu bláu mynd sá ég í tólf ára afmæli vinkonu minnar. Þetta var tímabil vangadansa á diskótekum og samkvæmisleiksins sannleikann eða kontór. Kynlífsfræðslan í skólanum var ekki upp á marga fiska og því drógum við lærdóm okkar af erótískum myndböndum kennd við stjörnumerkin. Við vildum vera upplýstar um þetta leynisamfélag og læra aðferðir þess og reglur.

Í fullri einlægni þá minnist ég þess ekki að þessi myndbönd hafi verið neitt sérstaklega afbrigðileg, bara karl og kona, inni eða úti, sem stefndu að sama markmiði.

Rannsóknin mín hófst með óformlegum viðtölum við stráka og stelpur á mínu reki. Eftir þó nokkur viðtöl fóru að renna á mig tvær grímur og að mér læddist lúmskur grunur um að við værum í raun og veru afbrigðileg kynslóð. Stúlkurnar greindu frá drengjum sem samkjöftuðu ekki og minntu helst á símadömur Rauða torgsins með línur eins og „segðu að ég sé góður elskhugi“. Piltarnir kvörtuðu undan stúlkum með öflug bleik rafmagnstól sem voru ómissandi hluti atlotanna.

Viðmælendur mínir minntust ekki á auknar kröfur um úthald eða líkamsummál en voru þó á því máli að klámmyndir hefðu spillt okkur og sett kröfur sem mættu teljast óeðlilegar án ítarlegri útlistunar á þeim kröfum. Ég velti því fyrir mér í kjölfarið hvað teldist vera „eðlilegt“ og hvort að mitt „eðlilegt“ væri frábrugðið þeirra.

Áfram hélt rannsóknin. Ég sankaði að mér greinum sem skýrðu frá mögulegum áhrifum klámmynda, las frásagnir frá rithöfundum sautjándu aldar og rýndi í mannkynssöguna. Niðurstaðan varð sú að unga kynslóðin er hreint ekki svo slæm. Rannsóknir á áhrifum kláms hafa ekki verið marktækar og liðið í gamla daga var margfalt verra en ég og mínar vinkonur. Mér hefur til dæmis aldrei verið boðið í svallveislu líkt og Lúðvík sextándi hélt forðum.

Eldri kynslóðir gefa internetinu og unga fólkinu því ekkert eftir. Kannski þarf að endurskoða þá tísku að klína öllu á klámmyndir og skoða hvað það er í raun og veru sem samfélagið telur vera „eðlilegt“. Kannski erum við í eðli okkar „perrar“ og klámmyndir eðlileg þróun miðað við tækniöldina í dag, kama sutra fest á filmu. Fagnaðu þínum innri perra og leggðu fordómana á hilluna, kannski er klám ekki svo slæmt ...


Hvaða lit viltu?

OLYMPUS

Nýju OLYMPUS vélarnar mju740 og mju750 eru mættar!



OLYMPUS
mju740
7.1 milljón pixlar
5 x aðdráttarlinsa (36-180mm)
Ljósop f/3,3-5,0
2.5" LCD skjár
215,000 pixlar í skjá
ISO 80-1600
23 tökustillingar
Allt að 3,5 rammar á sekúndu
Macro niður á allt að 2 sentimetra
Videoupptaka 640x480, með hljóði (QuickTime)
BrightCapture tækni gefur frábæra myndgæði í lítilli birtu
Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
Veðurvarin
3 ára ábyrgð
Kr. 33.900,-

OLYMPUS
mju750
7.1 milljón pixlar
5 x aðdráttarlinsa (36-180mm)
Ljósop f/3,3-5,0
Dual hristivörn
2.5" LCD skjár
215,000 pixlar í skjá
ISO 80-1600
23 tökustillingar
Allt að 3,5 rammar á sekúndu
Macro niður á allt að 2 sentimetra
Videoupptaka 640x480, með hljóði (QuickTime)
BrightCapture tækni gefur frábæra myndgæði í lítilli birtu
Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
Veðurvarin
3 ára ábyrgð
Kr. 36.900,-

OLYMPUS 3ja ára ábyrgð ORMSSON

KOSIN VASAMYNDAVÉL ÁRSINS 2006-2007
EISA - European Imaging and Sound Association
Virtustu fagverðlaun Evrópu



EISA AWARD Best Product 2006-2007 Pocket Camera Olympus µ 720 SW

HÖGGÞÉTT+VATNSÞÉTT

OLYMPUS
mju720SW
Einstök hönnun
7.1 milljón pixlar
Stál hús - þolir fall úr allt að 1.5 metra hæð
Þolir þrýsting sem jafnast á við 3 metra dýpi
BrightCapture tækni gefur frábæra myndgæði í lítilli birtu
2.5" LCD skjár
3 x optikal aðdráttur (38-114mm)
24 tökustillingar
Veðurvarin
3 ára ábyrgð
Kr. 36.900,-

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | AKUREYRI SÍMI 461 5000 | KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

# Gæðarúmföt og gaflar

***Verslunin Duxiana í Ármúla 10 er með svefnherbergisvörur á 20 prósenta afslætti.***

Rúmgaflar, dúnteppi og náttborð frá Dux eru meðal þess sem Duxiana hefur á tilboði út þessa viku. Þar er líka úrvals sængurfatnaður frá ítalska framleiðandanum Bassetti og hinum bandaríska Gant. Afslátturinn nemur 20 prósentum frá upphaflegu verði og það er vissulega hvati til að endurnýja í svefnherberginu.



Vönduð rúmföt.

# Tilboð í Rúmfatalagernum

***Hjá Rúmfatalagernum má alltaf gera góð kaup.***

Þessa dagana má fá ýmsar vörur á sérstöku tilboðsverði hjá Rúmfatalagernum. Meðal þess sem er á tilboði er Helle-sjónvarpsskápur með hillum og glerhurðum. Tilboðsverðið er 3.990 krónur en áður kostaði skápurinn 6.990 krónur. Einnig má fá Helena- og Opel-kommóður á tilboðsverði. Helena-kommóðan er úr gegnheilli furu og með djúpum skúffum. Kommóðan kostar 6.990 en kostaði áður 12.900. Með kaupum á Opel-kommóðunni má spara 7.410 krónur en kommóðan kostar 9.490 krónur.

Á tilboðsverði í Rúmfatalagernum er einnig Catania-svefnsófi á 19.900 krónur, sem kostar annars 39.900, Ionas-skrifborðstóll á tæpar tíu þúsund krónur, Ardena-borð með fjórum stólum á 16.900 og Plus B10 boxdýna með fótum á tæpar 25 þúsund krónur.




Rúmfatalagerinn er með nokkrar vörur á góðu tilboðsverði.



Central Park-stellið er meðal þess sem er á tilboði.

# Söfnunarstell og fleira fínerí

***Í Tékk kristal í Kringlunni er gefinn 20 prósenta afsláttur af matarstellum og mörgu fleiru.***

Meðal þess sem Tékk kristall býður á sérstökum kjörum á Kringlukasti eru vegleg stell, glös og hnífapör. Því er lag fyrir fólk sem er að safna slíku góssi og kaupa til gjafa að nota tækifærið. Margt fleira eigulegt er á tilboðinu í Tékk kristal og má þar nefna espressó borgarbolla, karöflur og kristalskrónur. Einnig má geta stílfagurrar sósukönnu úr stáli með sprittkerti undir sem heldur sósunni heitri. Það er gæðagripur sem þarf að vera til á hverju heimili.

## Einstakt dekkjatilboð

TÍMABUNDIN TILBOÐ Á HEILSÁRSDEKKJUM OG ÓNEGLDUM VETRARDEKKJUM Á TILTEKNUM BÍLAVERKSTÆÐUM.

Til 20. október næstkomandi gilda einstök tilboð á eftirfarandi verkstæðum: Dekkið, Reykjavíkurvegi 56 í Hafnarfirði. Bæjardekk, Langatanga 1a í Mosfellsbæ. Gúmmivinnustofan, Réttarhálsi 2 í Reykjavík. Hjólbarðahöllin í Fellsmúla 24 í Reykjavík. Hjólbarðaviðgerðin, Dalbraut 14 á Akranesi. Þjónustustöð Esso, Geirsgötu 10 í Reykjavík. Hjólvest, Ægisíðu 102 í Reykjavík. Það er um að gera og kynna sér tilboðin með því að kíkja á staðinn eða panta tíma í síma.





HEIMSBÍLAR www.heimsbilar.is



MMC Pajero DID dísel, ssk. árg. 6/2000 ek. 131 þ.km. Verð 2.995 þ. Áhvílandi 2.400 þ. Afb. 44 þús. á mánuði. 33" breyttur. ljóst leður, topplúga, einn með öllu. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



Ford Transit 280 árgerð 11/2002 , dies-el, turbo, ekinn aðeins 46 þús.km., sk.'07, verð kr. 1.280.000,- m.vsk., 100% lánað 821 6292.



M Bens Sprinter 208 árgerð 2003, dies-el, beinskiptur, langur, hápekja, ekinn 150 þús.km., algerlega óskemmdur og lítur vel út, sk.'07, verð 2.290.000,- m.vsk. 821 6292.



Bens Vito diesel árgerð 1999, ekinn 140 þus.km., innfluttur nýr, þjónustu-bók, sk.'07, 100% lánað, verð 790.000,- m.vsk. 562 1717 / 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



### Hyundai

Hyundai Trajet, 2001 árg., 7 manna, ekinn 59þ.km. Fallegur bíll. Ásett verð 1.090.000kr. Ávh. 500.000. Nánari uppl. gefur Guðmundur í s. 896 4214.



### Vill skipta á dýrari

Dodge Stratus SXT árg. 08/04, 2,4, ssk., ek. 15 þ. míl., lj.grár. V. 2.6m, áhv. 2,4, vill skipta á nýlegum jeppa, Explorer, Cherokee eða svipað. Uppl. í s. 821 0808.



### Honda Accord Sport

Árg.'09/05. Ek. 5.300 km. Besta mögu-lega verðið á landinu, 2.150 þús. Uppl. í s. 662 8088 & 896 4214




### Limited

Nýr Grand Cherokee Limited. Einn með öllu. Skráður 2005, ekinn 0, 2,7 dísel Benz vél. Bíllinn er í fullri verksmiðjuá-byrgð. Sjálfskiptur. Ásett verð 4.390.000. Bílalán 3.900.þ.kr. Nánari uppl. gefur Guðmundur í s. 896 4214.



Polo árgerð 06 ekin 14þús. svartur m/ topplúga,dökkar rúður og rafmagn í öllu. Listaverð 1595þús. MITT VERÐ 1400þús. eða hæsta tilboð. verður að seljast. Hringið í s. 823 5227.




### Útsala í dag!

Nýju Dodge pallbílarnir raka inn verð-launum í USA. Mikil burðar- og drátt-argeta. Dísel og benzínvélar. Útsöluverð frá aðeins Kr. 2.065.000 fyrir splúnku-nýja bíla frá verksmiðju. Einnig úrval notaðra bíla fleiri hundruð þúsund krónum undir markaðsverði. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




### Útsala í dag!

Nýr frá verksmiðju Ford F150 frá Kr. 1.990.000. Ford F350 dísel frá Kr. 2.600.000. Einnig úrval notaðra bíla fleiri hundruð þúsund krónum undir markaðsverði. Lækkun dollar, útsöl-ur bílaframleiðenda og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutnings-fyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Til sölu Volvo 460 GL árg. '93, sk. '07, í góðu standi. Verð 105 þ. S. 864 2744.

### Skoda Octavia Elegance DIESEL

sjálfskiptur, árgerð 2005, ekinn 25 þús. km. Gylltur með 15" álfelgum, bakk-skynjara, dráttarkúlu og margt fleira. Frábært verð. Uppl. í síma 823 2800 eða á monika@kaupsyslan.is

### Mercedes Benz ML 500

árgerð 2006 ekinn 8 þús.km. Silfurgrár með ljósgráu leðri og topplúgu. Stórglæsilegur bíll með öllu. Nánari uppl. í síma 823 2800 eða á monik-a@kaupsyslan.is

## 0-250 þús.



Til sölu VW Polo 1.4i, Ágr '97, keyrður 177 þús. km, góður bíll. Verð bara 97 þús. Uppl. í s. 821 6877.



### Tilboð 160 þúsund stgr

VW Golf Station, 1,8, nýskoðaður, CD spilari, góður bíll. Ásett verð 350þ. S. 659 9696.

Nissan Sunny Station 4x4 árg. '95, ekinn 180.000 sk. '07 Verð 110.000. Sími 697 9428.

Hyundai Sonata árg '93 ek. 145. Í góðu standi! Aðeins 200 þús. kr. Uppl. í s. 862 3308.

MMC Lancer GLXI, árg. '93, station, sk. '07, fínn bíll. Verð 100 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 250-499 þús.



### MEGA BULL VERÐ!

Opel Astra 1.6 r 9/1998 ekinn 123 þ. km sjálfskiptur 5 dyra krókur, ný dekk, sk. '07, ný tímareim og vatnsdæla. Góður bíll. Listaverð 520 þús. Fæst á 299 þús!! Uppl. í síma 863 0149.

Dodge Carvan SE 1993 hann er ekinn um 135.XXX mílur, nýr mótor keyrður 65.000km einnig mikið verið yfirfarinn, sk. '07, Sími 663 6065. Volvo 240GL gamall lögreglubíll þarfnast viðgerðar sími 663 2405.

Suzuki vitara 1600, árg. '00, ek. 103 þús. Verð 490 þús. áhv. 340 þús. S. 893 9039.

## 500-999 þús.



Til sölu er Volvo V40 '99 1.6 Bsk. Ekinn 166 þús., verð 750 þús. S. 868 8565.

Opel Astra árg 02, ek. 93.þús 1600cc bsk, sk.'07, í toppstandi , ásett 890, ákv. 800.þús, 20. þús á mán, s.847 6652.

## 1-2 milljónir



Toyota Celica, árg. '00, ek. 98 þús. Reyklaus og búið að gera mikið fyrir hann. Verð 350 þús + yfirtaka láns. Uppl. í s. 692 3404.




### Frábær þjónusta!

Sjá tugi ummæla á www.islandus.com frá ánægðum viðskiptavinum sem keyptu nýjan eða nýlegan bíl langt undir markaðsverði á islandus.com. Hjá okkur velur þú besta ökutækið og bestu kaupin úr þúsundum bíla til sölu í Evrópu eða Bandaríkjunum allt að 30% undir mark-aðsverði. Umfangsmikil ástandsskoðun áður en bifreiðin er keypt og Íslensk Ábyrgð fylgir. Bílalán. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutn-ingsfyrirtæki. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Skoda Superb 1,8 með turbo árg 2003, ek. 55 þús. Verð 1.590 þ. S. 820 9496

## 2 milljónir +



Suzuki Grand Vitara Skr. 8.'05. 19 þús. km .Bsk. Skuldlaus. Sími 844 0427.



Lancer árg. 2001, ekinn 52 þús, ssk., 400 þús út + SP lán, afborgun 12 þús á mán. Skúli Steinn 868 3269.




### Útsala í dag!

Nýr frá verksmiðju Toyota Tacoma frá Kr. 1.890.000, 4Runner (Amerískur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000, RAV4 sjálfskiptur með stærri vél frá Kr. 3.120.000, HiLux 3.0 Turbo dísel sjálf-skiptur með leðri og hlaðinn aukabún-aði. Lækkun dollar, útsölur bílaframleið-enda og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfar-kaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




### Útsala í dag!

Nýr frá verksmiðju Ford Explorer frá Kr. 3.530.000, Explorer Sport-Track frá Kr. 2.750.000. Einnig úrval notaðra bíla fleiri hundruð þúsund krónum undir markaðsverði. Lækkun dollar, útsöl-ur bílaframleiðenda og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutnings-fyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Til solu Subaru WRX, árg. 8 '05, ek.35 þús. Gott eintak. Áhv. 2400 þ. Verd 2750 þ. Afb. 40 þ. á mán. 300 þ. út+ yfirtaka. Sími 697 3008.

## Bílar óskast

Góður nýlegur bíll óskast fyrir milljón kr. og skipti á Cherokee '94. Uppl. í s. 868 7039 & 865 7440.

Óska eftir ódýrum bíl, allt að 60 þús. Uppl. í s. 699 2707.

Óska eftir ódýrum bíl. Sk. '07. Má kosta allt að 100 þús. Uppl. í s. 849 7200.

## Hópferðabílar



Mercedes Benz Sprinter 416, árg. '05, 18 manna, ssk., loftkæl, ek. 28 þús.km. V. 6,5 m. S. 897 6196.

## Jeppar




### Útsala í dag!

Nýr frá verksmiðju Jeep Grand Cherokee, Liberty og Compass frá Kr. 2.790.000. Einnig úrval notaðra bíla fleiri hundruð þúsund krónum undir markaðsverði. Lækkun dollar, útsölur bílaframleiðenda og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

## Fjórhjól



8 hjól eru betri en 4! Ótrúleg drifgeta. Belti fyrir snjóakstur. Siglir á vatni. Sjón er sögu ríkari. S. 661 7161.

## Kerrur



Þessari kerru var stolið frá hesthúsahv. Gusts í Kópav. nýl. Þeir sem hafa séð hana vinsaml. hringi í s. 820 7506 eða 695 2700. Góð Fundarl.

## Vinnuvélar



Til sölu Komatsu beltagröfur 2,5 - 3,0 tonn árg. 2000. Uppl. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444




Case Beltagrafa, Árg 1999, Model 9007, gúmmí belti, Tönn, 3 Skóflur, 1 Ripper, 3700 vinnustundir, verð 2.8 milj + Vsk, S 867 2647.

## BÍLAR TIL SÖLU

ISUZU NQR bílaflutningabíll

*Árgerð 2006*
*Fyrst skráður sept. 2005*
*Burðargeta 4,5 tonn*
*Vél 5,2l - 190 hestöfl*
*Ekinn 3000km*
*Skotpallur úr áli*
*Útvarp CD*



Vélheimar ehf
Eirhöfða 14, Reykjavík s. 587 5414

Þjónustuaðili: KHG Þjónustan

ISUZU

## SMÁAUGLÝSINGAR












**Símaspjall 908 2020**
Við erum tvær nýjar um helgina. og langar að vera vinkonur þinar í kvöld og í nótt. Komdu og leiktu við okkur í ljúfu símaspjalli. Opið allan sólahringinn.







Ný frásögn fyrir karlmenn: Ung kona segir frá sumarbústaðarferð sl. helgar! Þú heyrir upptökuna hjá sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535-9930 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 19,90 mín), sögunr. 8432.

Konur! Á hverjum degi leggja karlmenn sem leita kynna við konur inn nýjar og spennandi auglýsingar. Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins, Stefnumót daglega í síma 555-4321.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Karlmenn látið ykkur líða vel, nautn & vellíðan hafið samband - 863 8537.

**Símaspjall 908 6666.**
Við erum við allan sólahringinn. Lilja og Birta vilja vera vinkonur þínar.

Símaspjall S. 908 6060 S. 908 5959. Heitar dömur sem eru við allan sólarhringinn.

## TILKYNNINGAR

UST
*Umhverfisstofnun*

### Auglýsing um starfsleyfistillögu fyrir Olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Þórshöfn

Í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, auglýsir Umhverfisstofnun starfsleyfistillögu fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. við Bakkaveg á Þórshöfn. Tillagan liggur frammi til kynningar á afgreiðslutíma í skrifstofum Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn á tímabilinu frá 13. október til 8. desember 2006.

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillöguna skulu hafa borist Umhverfisstofnun fyrir 8. desember 2006. Einnig má nálgast starfsleyfistillöguna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://www.ust.is

Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.

## FASTEIGNIR

# HB FASTEIGNIR

Sími 534 4400 • Hús Verslunarinnar, Kringlan 7 • 103 Reykjavík
Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteigna- og skipasali — Félag fasteignasala

### Einbýlishús
Einimelur 107 glæsilegt einbýli - tilboð óskast
Byggðarendi 3 108 Rvík - verð 59,8 millj - NÝTT
Logafold 112 Rvík - verð 66,6 millj
Stuðlasel 109 Rvík - verð 58 millj
Baðsvellir 240 Grindavík - verð 22,8 millj

### Raðhús
Efstahraun 240 Grindavík - verð 20 millj

### 4ra herbergja
Gvendargeisli 113 Rvík 126,8 fm m/stæði í bílakj. verð 27,9 millj - NÝTT
Sólheimar 104 Rvík - verð 22,9 NÝTT
Grænás Reykjanesbæ - verð 18,9 millj - NÝTT
Kleppsvegur 104 Rvík - Ath lækkað verð

### 3ja herbergja
Kórsalir 5 200 Kóp - verð 26,9 millj - NÝTT
Strandasel 109 Rvík - verð 16,9 millj

### Fjölbýli
24 íbúðir á besta stað í Grindavík frá 76,7-236,5 fm - Verð frá 15,9 millj

### Fyrir fjáfesta
Iðnaðarhúsnæði Hveragerði u.þ.b.500fm
Lóðir víðsvegar um land

### Jarðir, lóðir, sumarhús
Frístundajörð í Borgarfirði - upplagt fyrir starfsmannafélög og orlofssamtök stutt í alla þjónustu.
Glæsilegur sumarbústaður í Eyrarskógi - verð 15,9 millj - Lækkað verð
3 sumarbústaðir Grímsnesi afh fokheldir - verð 10 millj einn tilb.
2 sumarhúsalóðir við Grímstaði Borgarfirði
Ca 22fm bústaður til flutnings - verð 700 þús.

Frum

### KAUPENDUR/SELJENDUR
**Kaupendur hjá okkur er alltaf opið hús. Seljendur skoðum og verðmetum samdægurs. Hafið samband við sölumenn.**



*Kári Kort, sölustjóri, sími 892 2506*

## FUNDIR

VINNUMÁLASTOFNUN

### Ársfundur Vinnumálastofnunar verður haldinn föstudaginn 13. október kl. 14:00

Ársfundur vinnumálastofnunar verður haldinn föstudaginn 13. október í Kiwanissalnum Engjateigi 11 og hefst kl. 14:00. Allir velkomnir.

**Dagskrá:**
*Ávarp félagsmálaráðherra.* Magnús Stefánsson.
*Ársskýrsla Vinnumálastofnunar.* Gissur Pétursson forstjóri.
*"Má bjóða þér kaffi?" Atvinnuskópun kvenna - opinber stuðningur.* Líney Árnadóttir forstöðumaður, Vinnumálastofnun Norðurlandi vestra.

**Gestaerindi:**
Frá ölmusu til athafna. Sigursteinn R. Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands.

Fundarstjóri: Sjöfn Ingólfsdóttir varaformaður BSRB.
Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

### Kjördæmisþing KFRN

Kjördæmisþing framsóknarmanna í Reykjavíkurkjördæmi norður 2006 verður haldið sunnudaginn 29 október kl. 17.00 að Hverfisgötu 33 í Reykjavík

**Dagskrá, sbr. 6. gr. laga KFRN**
1. Kosning starfsmanna þingsins
2. Skýrsla stjórnar
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
4. Reikningar bornir upp til samþykktar
5. Ávörp
6. Lagabreytingar
7. Kosningar
8. Tillaga um leið við val á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður vegna Alþingiskosninganna 2007.
9. Önnur mál.

Sjá nánar dagskrá þingsins á www.hrifla.is

Gestur þingsins verður Jón Sigurðsson formaður Framsóknarflokksins

*Stjórn Kjördæmissambands Framsóknarflokksins í Reykjavík norður*

550 5600
**Hringdu ef blaðið berst ekki**
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## Sjúkraþjálfunarstöðin ehf

**Sjúkraþjálfunarstöðin ehf.** hefur flutt starfsemi sína frá Háteigsvegi 3 að ÞVERHOLTI 18, 105 Reykjavík, 2.hæð.

Opnunartími: 8.00 - 18.00 alla virka daga.
Tímapantanir í síma **551-46-46.**

Ásdís Kristjánsd. sjúkraþjálfari Mtc.
Friðgeir Halldórss sjúkraþjálfari, íþróttakennari.
Laufey Árnad. Sjúkraþjálfari
Ragnheiður Víkingsd. Sjúkraþjálfari Mtc.
Anna L.Toft
Kolbrún Lís Viðarsd. Sjúkraþjálfari
María B.Ólafsd. Sjúkraþjálfari
Þorgerður Kristjánsd. Sjúkraþjálfari
Ólöf M. Jónsd.

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

# Einbýlishús við Þrastarhöfða - Mosfellsbæ

Ný glæsileg viðhaldslítil einbýlishús á einni hæð í nýju hverfi við Þarastarhöfða Mosfellsbæ. Stærð húsanna eru frá 240-250 fm með innbyggðum bílskúr og afhendast þau tæplega tilbúin til innréttinga með stuttum fyrirvara. Gott tækifæri til að velja sér hús við sitt hæfi í rólegu og fallegu umhverfi. Skóli, sundlaug og golfvöllur í göngufæri.

Frum



Atli Sigvarðsson
sölufulltrúi

***Hafið samband við Atla í síma 899 1178 og bókið skoðun.***
http://www.aicon.is/thrastarhofdi/



**Síðumúla 27 108 Reykjavík - sími 534 4040 - fax 534 4044 - Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari**



ólþurrkuðum
grísa laukbuff
40% afsláttur við kassann
REYKT MEDISTERPYLSA
frá Kjarnafæði
MEDISTERPYLSA REYKT kílóverð nú:
419 KR.
Merkt verð 699KR.
40% afsláttur við kassann
40% afsláttur við kassann
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 499KR.
Blandað lambasaltkjöt
EGILS PILLI
49 KR.
500 ML
!
XXL FORMAGGI
399 KR.
760g
QUATTRO FORMAGGI
Sauce Filled
2 lítrar
98 KR.
SÍTRÓNUKRISTALL
Kristall
30% afsláttur við kassann
Ferskir bitar
KJÚKLINGABITAR blandaðir-kílóverð nú:
293 KR.
Merkt verð 419
350g
129 KR.
Hrásalat
Bónus hrásalat 350g
LAMBAHJARTASNITSEL
í raspi frá Kjarnafæði
45% afsláttur við kassann
LAMBAHJARTASNITSEL kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 541KR.
FROSIN GRÆNMETISBLANDA, BROKKOLÍBLANDA, BROKKOLÍ
BROKKOLÍ
BROKKOLÍBLANDA
GRÆNMETISBLANDA
259 KR.
HEILT KÍLÓ!
EUROSHOPPER GRÆNMETI - GOTT AÐ EIGA Í FRYSTINUM!
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Sjáðu verðið!
WOODEN HANGERS
10 PACK
10 herðatré
499 KR.
10 stk.
ERAN/Landlist
EURO SHOPPER
EKKERT BRUDL
EUROSHOPPER TELJÓS
179 KR.
100 STK.
100 teljós
Nýtt kortatímabil!
1000g
Rækjur
Myllan
RÚGBRAUÐSKUBBUR
98 KR.
500g
Trópí
APPELSÍNUTRÓPÍ
159 KR.
1 lítri
BÚHNYKKSRÆKJA
kílóverð nú:
599 KR.
HVÍTLAUKSBRAUÐ/KRYDDBRAUÐ
98 KR.
350g
Hvítlauksbrauð/kryddbrauð 350g
Kíló af jarðarberjum
Jordgubbar
Mansikoita
Strawberries
FROSIN JARÐARBER
198 KR.
KÍLÓ
SKÚFFUKAKA
198 KR.
400g
Bónus skúffukaka, 400g
Tilboðin gilda til sunnudags 15. október eða á meðan birgðir endast
BÓNUS

# Á að friða eða afmá?

UMRÆÐAN
Skipulagsmál


ÞÓRÐUR MAGNÚSSON

Nú hefur friðun götumyndar á hluta Lindargötu verið aflétt og er það enn ein birtingarmynd þess hvað deiliskipulagið er tætingslegt og gert án skýrrar framtíðarsýnar varðandi miðbæinn eins og hann leggur sig. Á sama tíma og borgaryfirvöld halda því fram að reynt sé að halda í fallega timburhúsareiti, verðlauna fallega uppgerð hús og veita jafnvel styrki til framkvæmda er á sama tíma verið að leyfa byggingarmagn á sumum lóðum sem getur ekki annað en leitt til óeðlilegs spáverðs á litlum eignum sem þær varla standa undir, þ.e. eigendaskipti eru ekki möguleg nema með niðurrifi og nýtingu byggingarréttar í huga. Þeir sem hugsanlega hefðu einungis áhuga á því að eignast hús þurfa að kaupa dýran byggingarrétt með.

Ef við höldum okkur við Lindargötuna er það jafnvel svo að deiliskipulagið gerir ekki einu ráð fyrir stórum blokkaríbúðum á öllum lóðum á þessu svæði, en svo eru gerðar undantekningar, oftast með pólitísku óbragði, eins og þegar ráðist var í gerð stúdentagarðanna, sem að öllu leyti eru í ósátt við umhverfið sitt og eins metnaðarlaus og lágkúrulegur arkitektúr og hugsast getur og ætti ekki að tíðkast í miðbænum en því miður setur tóninn fyrir áframhaldandi uppbyggingu (les: skemmdir) á svæðinu. Þegar búið er að leyfa einum er erfitt að hafna öðrum vegna jafnræðisreglu sem farið er eftir.

Þetta óskilmerkilega skipulag í miðbænum almennt hefur leitt af sér að til er stétt manna sem hefur afkomu sína af því að kaupa upp lóðir og væla svo út meira byggingarmagn á lóðinni með öllum mögulegum og ómögulegum leiðum og selja svo að endingu til annarra sem sjá um byggingarvinnuna, sem líka þurfa sinn gróða og byggja því ódýr ljót hús. Það er nefnilega staðreynd að Reykjavíkurborg gerir enga kröfu um fegurðargildi eða gæði nýbygginga í miðbænum eins og flestar aðrar borgir í Evrópu.

Það sem er sorglegt við þetta tilfelli er að íbúarnir sjálfir á Lindargötu hafa verið mjög duglegir að gera húsin sín fallega upp, húsin sem eru óuppgerð og til lýta eru oftar en ekki í eigu verktaka eða lóðabraskara sem eru í þann mund í „samningaviðræðum“ við skipulagsyfirvöld. Það er þeirra hagur að húsin grotni sem mest niður. Þegar síðan samningaviðræðurnar bera „ávöxt“ er um leið verið að fyrirgera hinu raunverulega frumkvöðlastarfi sem einstaklingar og fjölskyldur hafa staðið fyrir, því gömlu húsin sem eftir munu standa þótt þau séu til fyrirmyndar í frágangi verða ekki annað en vannýttar lóðir við hliðina á stórhýsunum.

Það má kannski segja að það sem nú liggur fyrir hafi strax verið orðið fyrirsjáanlegt þegar Skúlagötuskipulagið var ákveðið. Enn í dag eru þó reitir með eldri húsum það stórir og heillegir að vert er að berjast fyrir tilvist þeirra, Reykjavíkurborg verður þó að gera sér grein fyrir að núverandi slugsaháttur eða hverflyndi mun að endingu gera út um tilverurétt þeirra allra.

*Höfundur er tónlistarmaður.*


FRÁ LINDARGÖTU

## AF NETINU

### Má ekki eyðileggja myrkrið?

**Egill Helgason veltir fyrir sér framlagi Yoko Ono á Íslandi.**

Nú er Yoko komin í hóp Íslandsvina, það verður varla þverfótað fyrir henni í bænum, og ekki heldur Sean, syni bítilsins. En skúlptúrinn sem listakonan – sem hefur verið kennd við fluxus-hreyfinguna í listum – vill setja upp í Viðey er alveg á mörkum þess að valda illdeilum. Þetta gæti hæglega orðið að því sem eitt sinn kallaðist „skammdegismál“.

En varla getur hin fyrirhugaða ljóssúla japönsku listakonunnar í Viðey valdið miklum spjöllum, allavega sér maður það ekki þegar rýnt er út í myrkrið á sundunum. Þau eru dimm og drungaleg. Óttast menn að íslenska myrkrið verði eyðilagt?

Einhver vitlaustasta hugmynd sem ég hef vitað lengi var þegar menn tóku upp á því að slökkva götuljósin í borginni um daginn. Eitthvað tengdist þetta líklega því hatri á rafmagni sem hefur gripið um sig meðal þjóðarinnar. Maður þarf heldur ekki að fara langt til að komast í myrkur á Íslandi. Landið er bókstaflega fullt af því.

Fyrir nú utan að það var skýjað daginn sem ljósin voru slökkt. Á því voru náttúrlega yfirgnæfandi líkur. Svo er Reykjavík líka fjarskalega illa upplýst borg. Minnir jafnvel á austur-evrópskar borgir á tíma kommúnismans. Fyrir nokkrum árum fór ég um kvöld ásamt ljósmyndara að reyna að finna einhvern stað í borginni sem væri upplýstur eins og í alvöru heimsborg. Fundum náttúrlega ekki. Enduðum á horninu fyrir framan Sólon. Þar var svona sæmilega bjart.

**Silfur Egils er á Visir.is undir Skoðanir.**





**MARGARET THATCHER FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI 1925**

*„Heimurinn væri óstöðugri og hættulegri án kjarnorkuvopna.“*

***Járnfrúin var hörð í horn að taka og vissi ýmislegt um ógnarjafnvægi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. OKTÓBER 1995

## *Margrét leggur Steingrím J. Í formannskjöri*



Á þessum degi árið 1995 var Margrét Frímannsdóttir kosin formaður Alþýðubandalagsins. Hún hafði nauman sigur á Steingrími J. Sigfússyni og fékk 53,3 prósent atkvæða á móti 46,5 prósentum Steingríms.

Margrét, sem tók við formannsembættinu af Ólafi Ragnari Grímssyni, boðaði nýjar áherslur og stefndi að því að setja meiri kraft í uppbyggingu á innra starfi flokksins. Þegar úrslitin lágu fyrir sagði hún í samtali við Morgunblaðið að hún myndi beita sér fyrir því að konur yrðu í sætum á framboðslistum flokksins til jafns við karla en bætti við að sér fyndist raunverulegt jafnrétti felast í því að kona og karl tækjust á í kosningabaráttu á jafnréttisgrundvelli eins og þau Steingrímur hefðu gert. „Í raun er ekki hægt að tala um óskaplegan sigur í kosningunni fyrir mig sem einstakling. Ég tel að við komum bæði sterkari út úr þessari baráttu og flokkurinn kemur mun sterkari til leiks,“ sagði Margrét við Morgunblaðið.

Steingrímur sagði í samtali við sama blað að hann hefði verið undir tapið búinn og hefði verið með bæði tap- og sigurræðu tilbúnar, hvora í sínum vasanum. Steingrímur sagði ósigurinn síður en svo marka endalok á þátttöku sinni í stjórnmálum og hann hygðist skipa sér í framvarðasveit Alþýðubandalagsins. Hann gekk síðar úr skaftinu og stofnaði Vinstrihreyfinguna - grænt framboð. Alþýðubandalagið rann inn í Samfylkinguna en Margrét hefur réttilega verið nefnd ljósmóðir þess flokks.

### MERKISATBURÐIR

**1792** George Washington leggur hornstein að Hvíta húsinu í Washington.

**1962** Leikritið Hver er hræddur við Virginíu Woolf? eftir Edward Albee er frumsýnt á Broadway.

**1963** Bítlarnir koma fram í sjónvarpi í fyrsta sinn þegar BBC sýnir frá tónleikum þeirra í London Palladium.

**1970** Fídjieyjar fá aðild að Sameinuðu þjóðunum.

**1974** Sjónvarpsþáttastjórnandinn Ed Sullivan deyr, 72 ára að aldri.

**1987** Kýr syndir yfir Önundarfjörð, frá Flateyri að Kirkjubóli. Verið var að leiða kúna til slátrunar þegar hún tók á rás og lagðist til sunds.

**NÝ STJÓRN LISTAHÁTÍÐAR:** INGIMUNDUR FORMAÐUR

# Áhersla á sviðslist

Ingimundur Sigfússon hefur tekið við formennsku í stjórn Listahátíðar Reykjavíkur í stað Halldórs Guðmundssonar sem hefur verið í stjórn frá árinu 2000.

Ingimundur hefur verið varaformaður stjórnarinnar undanfarin tvö ár sem fulltrúi menntamálaráðherra. „Mér líst óskaplega vel á þetta. Ég hef mjög mikla ánægju af þessu og finnst að mér hafi verið sýnt mikið traust með því að setja mig þarna. Ég er mjög þakklátur fyrir það,“ segir Ingimundur. Listahátíð 2007 verður sett 10. maí og lýkur 26. maí. Verður hún sú 21. í röðinni.

„Þessi hátíð sem er núna í undirbúningi verður örugglega mjög glæsileg, ég er viss um það,“ segir hann. „Í þetta skiptið munum við leggja áherslu á sviðslist. Í fyrra voru það málverkasýningar og mér finnst það hafa tekist vel til. Á síðustu hátíð var meira um tónlist en ég held að þessi hátíð sem er núna í smíðum verði mjög glæsileg.“

Að sögn Ingimundar er stjórnin meira í hlutverki eftirlitsaðila gagnvart fjármálum hátíðarinnar, auk þess sem hún er stefnumótunaraðili. „Þórunn Sigurðardóttir er listrænn stjórnandi og hún hefur staðið sig óskaplega vel,“ segir hann. Bætir hann því við að fjármál hátíðarinnar séu í fínu jafnvægi og það auðveldi starf hans til muna.



**INGIMUNDUR SIGFÚSSON** Ingimundur ásamt konu sinni, Valgerði Valsdóttur.

Ingimundur var sendiherra í tíu ár áður en hann hætti því fyrir tveimur árum. Fyrst var hann í Bonn og Berlín í Þýskalandi frá 1995 til 2001 og eftir það tók við sendiherratíð í Tókýó í þrjú ár. Áður en hann gerðist sendiherra var hann forstjóri Heklu.

Varaformaður í stað Ingimundar verður Inga Jóna Þórðardóttir, nýr fulltrúi borgarstjóra. Karólína Eiríksdóttir, sem verið hefur fulltrúi fulltrúaráðs í stjórn frá árinu 1998, hættir í stjórn og á fundinum var kosinn nýr fulltrúi í hennar stað; Margrét Bóasdóttir.

freyr@frettabladid.is



*Ástkær eiginmaður og faðir,*

**Birgir Kristinsson**
Fagrahjalla 6, Kópavogi,

lést að morgni miðvikudags 11. okt.

**Katrín Gunnarsdóttir**
**Þorbjörg Birgisdóttir**
**Kristín Birgisdóttir**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**María Stefánsdóttir**
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést 7. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 17. október kl. 13.30.

**Sigurbjörg Ólafsdóttir** — **Hilmar Tryggvason**
**Albert K. Ólafsson** — **Björk Björgvinsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**Lilja R. Ólafsdóttir**
**Stefán K. Ólafsson** — **Gerður Árnadóttir**
**Ellert M. Ólafsson** — **Arnfríður A. Sigurgeirsdóttir**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**Róbert Goldberg Róbertsson**
skrúðgarðyrkjumeistari,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 9. október. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 19. október kl. 15.00.

**Róbert Ómarsson**
**Ólafur Jakobsson**
**Sigurður Ársælsson** — **Anna Dóra Guðmundsdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
f. 19. desember 1926,

andaðist á heimili sínu, Skjóli, Kleppsvegi 64, laugardaginn 30. september. Jarðsungið verður frá Laugarneskirkju í dag, föstudaginn 13. október kl. 15.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Félags aðstandenda Alzheimers-sjúklinga.

**Sveinn Rúnar Hauksson** — **Björk Vilhelmsdóttir**
**Óttar Felix Hauksson** — **Guðný Þöll Aðalsteinsdóttir**
**Sigríður G. Hauksdóttir** — **Evald Sæmundsen**
**Sigfús Guðfinnsson** — **Andrea Henk**
**Guðmundur Guðfinnsson** — **Lena María Gústafsdóttir**
**María Þ. Guðfinnsdóttir** — **Hörður Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ferdinand Söebech Guðmundsson**

lést miðvikudaginn 11. okt. á Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Sigurður G. Ferdinandsson** — **Guðrún Matthíasdóttir**
**Sigríður Ferdinandsdóttir** — **Olle Nordlöf**
**Steinunn Ferdinandsdóttir** — **Pálmar Guðmundsson**
**Erla Ferdinandsdóttir** — **Þröstur Ingvarsson**
**Sæmundur B. Ferdinandsson** — **Ingunn Lind Þórðardóttir**
**Freyr Ferdinandsson** — **Unnur Jónsdóttir**
**Ríkey Ferdinandsdóttir** — **Guðni Þorri Helgason**
**börn og barnabörn.**



*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Anna Margrét Sigurðardóttir**
Hringbraut 50 (áður Bólstaðarhlíð 45),

verður jarðsungin frá Fossvogskapellu föstudaginn 13. október 2006, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á SOS-barnaþorpin, sími 564-2910.

**Guðrún Hanna Kristjánsdóttir** — **Magnús Guðjónsson**
**Margrét Kristjánsdóttir** — **Jón S. Friðjónsson**
**Sigurður Örn Kristjánsson** — **Ingibjörg M. Karlsdóttir**



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Borghildur Ásgeirsdóttir**
áður til heimilis að Blikahólum 2, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 8. október.

**Reynir Ásgeirsson** — **Björg Rósa Thomassen**
**Baldur Gunnarsson**
**Gunnhildur Gunnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Böðvar Þórir Pálsson**
Hringbraut 77, Keflavík,

er látinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Ásta Vigdís Böðvarsdóttir** — **Kristján Vilhjálmsson**
**Margrét Böðvarsdóttir** — **Einar Bergsson**
**Anna Þóra Böðvarsdóttir** — **Lúðvík Smárason**
**og afabörn.**


Takk
FYRIR AÐ HLUSTA!
Ný könnun – aldrei vinsælli
Samkvæmt nýjustu dagbókarkönnun Capacent – Gallup* er FM957 langsterkasti miðill ungs fólks í dag. Þetta er mikil hvatning fyrir FM957 og við þökkum hlustendum okkar fyrir að taka þátt og standa með okkur.
FM957
CoolBrands
FM957 sigurvegari COOLBRANDS 2006!
* FM957 er með 37% uppsafnaða hlustun hjá Íslendingum á aldrinum 12–80 ára!
Fíton/SÍA




## STUÐ MILLI STRÍÐA Röng skilaboð

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** HELDUR AÐ STUNDUM SÉ BETRA AÐ HRINGJA BARA



Mér hefur alltaf fundist gaman að tala í síma en síðustu ár hef ég áttað mig á því að það getur haft sína kosti að nota SMS ef ég þarf að koma einhverju til skila í stuttu máli. Smáskilaboð eiga hins vegar ekki alltaf við og í viðkvæmum samskiptum kynjanna geta þau flækt málin enn frekar ef þau eru ekki orðuð mjög vandlega. Eitthvað sem á að vera mjög fyndið þegar það er skrifað er kannski ekki alveg jafn fyndið þegar það er lesið og stundum segja þau ekki allt sem segja þarf og þá er betra að hringja bara.

Unglingar eiga oft auðveldara með að skiptast á skilaboðum en símtölum og nota SMS frekar mikið í sínum samskiptum. Einhvern tímann var litli bróðir minn að skrifast á við stelpu í símanum sínum og leitaði ráða hjá mér vegna einhvers sem hann vildi koma til skila. Þau voru að ræða viðkvæmt mál og miklu máli skipti að hvert orð væri vandlega valið. Til að byrja með sagði ég honum hvað mér fyndist að hann ætti að skrifa en áður en ég vissi af var ég komin með símann hans í hendurnar og farin að skrifa stelpugreyinu sjálf á meðan hann sat og beið eftir því að ég leysti málið. Eitthvað fannst mér samt dularfullt hvað stelpan virtist vera þroskuð í hugsun og með góðan orðaforða miðað við aldur og eftir smá stund sá ég því ástæðu til þess að spyrja bróður minn hvort hann vissi hvar hún væri. Hann var auðvitað með það á hreinu og sagði mér að hún væri í heimsókn hjá stóru systur sinni. Þegar ég fattaði hvaða aðstæður voru komnar upp og að ég væri greinilega ekki eina hjálpsama stóra systirin sprakk ég úr hlátri, rétti honum símann aftur og sagði honum að hringja bara í stelpuna.

Ég er búin að komast að því að þó að það sé auðveldara að fela sjálfan sig og tilfinningar sínar þegar maður skrifar SMS, heldur en þegar maður talar beint við einhvern sem maður er veikur fyrir, er ekki gott að fela sig svo vel að viðkomandi sjái ekkert af manni.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM ELDHÚS
HEIMILI FAGURKERANS
RETRÓ Í PARADÍS
VEGGFÓÐUR
Hönnunarstjörnur 21. aldarinnar
gósenland FAGURKERANS
OPNAR HEIMILIÐ
Fréttakonan Bryndís Hólm
KÝS EINFALDLEIKANN
Guðjón Pedersen
Retró
ÁHRIF Í PARADÍS
32 SÍÐNA BLAÐAUKI UM ELDHÚS
NAUMHYGGJU-KONAN BRYNDÍS HÓLM
NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT!
LEIKHÚSSTJÓRINN Í MIÐBÆNUM
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

**! Kl. 20.00**
*Íslenska óperan sýnir Brottnámið úr kvennabúrinu eftir W.A. Mozart. Með helstu hlutverk fara Bjarni Thor Kristinsson, Angela Gilbert, Finnur Bjarnason og Snorri Wium. Hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky og aðstoðarhljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason. Leikstjóri er Jamie Hayes.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Metall fyrir bækur

Svokallað öfgametalkvöld verður haldið á vegum félagsins Andspyrnu í Tónlistarþróunarmiðstöðinni við Hólmaslóð í kvöld. Fram koma hljómsveitirnar Forgarður helvítis, Severed Crotch, Svarti dauði og black-metalsveitin Revolter, sem kemur þarna fram í fyrsta sinn.

„Þarna verða þrír tónlistarstílar en allir þeir öfgakenndustu," segir Sigurður Harðarson betur þekktur sem Siggi pönk, söngvari Forgarðs helvítis. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi hástemmda yfirskrift er notuð á harðkjarnakvöldum Andspyrnu.

Tónleikarnir hefjast kl. 21 og kostar 500 krónur inn. Allur ágóði rennur til stækkunar bókasafns Andspyrnu sem er rúmlega ársgamalt og telur núna tæplega þúsund titla. Bókasafnið er staðsett í Friðarhúsinu við Snorrabraut og á Kaffi Hljómalind á Laugavegi.



**SIGGI PÖNK** Allur ágóði tónleikanna rennur til bókasafns Andspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## > Dustaðu rykið af...

**Brekkukotsannál** eftir Halldór Laxness sem er verk mánaðarins í **opnum leshring** á Gljúfrasteini. Bókin kom út árið 1955 og var fyrsta skáldsagan sem Laxness sendi frá sér eftir að hann hlaut **Nóbelsverðlaunin**. Í lok mánaðarins spjallar **Pétur Gunnarsson** rithöfundur um verkið á Gljúfrasteini.



# Uggandi leikskáld

Leikskáld á Íslandi hafa sent frá sér ályktun í tilefni af drögum sem menntamálaráðherra og ríkisútvarpsstjórinn lögðu fram á dögunum um dagskrá ríkisútvarps - sjónvarps. Það er stjórn Félags leikskálda og handritshöfunda sem ályktaði um efnið á fundi sínum. Þar er drögunum fagnað en harmað að í drögunum skuli hvorki eyrnamerkt fjárhæð til framleiðslu á leiknu efni né tilgreindur tímafjöldi leikins efnis á ársgrundvelli. Í ályktun þeirra segir: „Félagið hefur á undanförnum árum ítrekað bent á nauðsyn slíkrar eyrnamerkingar, til að fyrirbyggja að innlennt leikið sjónvarpsefni, sem er vinsælasta dagskrárefni í öllum sjónvarpsstöðvum heimsins, en jafnframt eitt hið dýrasta í framleiðslu, þurfi sífellt að keppa við ódýrara efni um fjármagn, með þeim afleiðingum sem við blasa.“

Stjórnin bendir á ákvæði samningsins um að ríkissjónvarpið skuli kaupa eða meðframleiða leikið sjónvarpsefni, heimildarmyndir og annað sjónvarpsefni að lágmarki fyrir 150 milljónir frá og með árinu 2008.



**ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR** Bjorn Floberg og Ármann Reynisson í hlutverkum sínum Þáttaröðin er síðasta dæmið um leikið efni í ríkissjónvarpinu sem leikskáld kalla á að verði aukið. LJÓSMYND: AX FILMS

Hjálmtýr Heiðdal, kvikmyndagerðarmaður og framleiðandi, benti nýlega á að framkvæmdastjóri ríkissjónvarpsins, Bjarni Guðmundsson, staðhæfði í blaðagrein 28. febrúar 2004 að fimm ár þar á undan hefði ríkissjónvarpið að meðaltali keypt efni frá innlendum framleiðendum fyrir 140 milljónir á á ári. Sú hækkun sem boðuð er í samningsdrögum ráðherra og ríkisútvarpsins um hlut innlendrar dagskrárgerðar frá 2008 bendir því til að þar minnki hlutur innlendrar framleiðslu frekar en aukist.

**- pbb**

# Mannleg náttúra

Myndlistarmaðurinn Hjörtur Hjartarson opnar sýningu í Anima galleríi í Ingólfsstræti kl. 17 í dag. Á sýningunni eru verk unnin á síðustu tveimur árum þar sem myndlistarmaðurinn vinnur með náttúruform, liti og ljós.

Náttúran skipar megininntak sýningar Hjartar Hjartarsonar. Samspil náttúru og manns en yfirskrift sýningarinnar, „Náttúran í sjálfum mér“ sækir listamaðurinn í ljóð Steingríms Thorsteinssonar. Segja má að verkin á sýningunni séu óður listamannsins til náttúrunnar, sem hann nálgast þó ekki sem hlutlaus áhorfandi, heldur sem þátttakandi í hennar eigin sjónleik. Í verkunum leitast hann við að hverfa á vit náttúrunnar og skynja hana sem hluta af sjálfum sér og endurspegla þannig sameiginlegt sjónarhorn sjálfs sín og hennar.



**MYNDLIST HJARTAR HJARTARSONAR** Hverfur á vit náttúrunnar.

**- khh**






# Stórvirki flutt í fyrsta sinn

**Sambúð þjóða við listamenn sem fara í fylkingarbrjóst samtíðar sinnar getur oft verið erfið. Þannig var með Jón Leifs og íslensku þjóðina lengst af ævi hans. Nýlega sagði Styrmir Gunnarsson ritstjóri frá því um verslunarkonuna Guðrúnu Laxdal sem hann kynntist barn að aldri að eitt hefði hún kennt sér umfram annað: hann skyldi bera virðingu fyrir skoðunum annarra – og hann skyldi ekki tala niðrandi um Jón Leifs og tónsmíðar hans.**



**JÓN LEIFS TÓNSKÁLD** Myndin er tekin á heimili hans seint á sjöunda áratugnum. TÓNSKÁLDAFÉLAG ÍSLANDS

Jón Leifs var uppreisnarmaður á Íslandi og samtímamenn hans kunnu fátt að segja af skynsemi um tónlist hans, lengstaf var hann hæddur fyrir frumleg og einstök verk sín, þau fáu sem voru flutt opinberlega meðan hann lifði. Jón var mikils metinn fyrir áhuga sinn um menningarlegar framfarir, en hann passaði ekki inn í embættismannakerfi lýðveldisins. Engum blandaðist hugur um merkilegt og mikilsvert framlag hans í þágu skapandi listamanna þar sem hann var í fararbroddi á heimsvísu. Á því sviði vann hann kraftaverk: „Ef ykkur vantar mann til að flytja Alpafjöll, þá hef ég manninn,“ sagði Halldór Laxness. En sem tónskáld var hann smáður.

Það er fyrst á síðasta áratug að tónsmíðar Jóns komast á algengilegt form: það er sænsk útgáfa, BIS, sem hefur staðið fyrir útgáfunni, en til allrar hamingju hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands komið að röð hljóðritana sem komin er út á vegum Svíanna.

Enn eru sum verka Jóns einungis til á nótum, sum hafa einungis verið flutt að hluta, alls mun nær tugur verka hans ófluttur. Sem er undravert þegar til þess er litið að tónskáldskapur hans er einstakur í tónlistararfi Vesturlanda frá liðinni öld og rammíslenskur í hugsun og gerð, runninn úr tónarfi þjóðarinnar og sagnaarfi.

Lokahnykkurinn á Norrænum tónlistardögum sem nú standa yfir í Reykjavík er frumflutningur á fyrstu Edddunni í heild sinni. Verkið tók Jón að semja á þriðja áratug aldarinnar síðustu og ætlaði að hafa það í fjórum þáttum og skyldi hver þáttur taka kvöld í flutningi. Hann lauk við fyrsta hlutann 1939 og hafði þá unnið við verkið í nær áratug, og er verkið opus 20 í verkaskrá hans.

Í fyrstu hafði Jón hugsað sér að sækja texta verksins í Völuspá en þegar yfir lauk voru miklu fleiri textar lagðir verkinu til grundvallar: Völuspá, Gylfaginning, Alvíssmál og Vafþrúfnismál. Jón kallaði fyrstu Edduna Sköpun heimsins. Allar Eddurnar samdi Jón með tilvísun til hins forna átrúnaðar norrænna manna og fór þar í slóð Wagners. Þannig var annar hlutinn, opus 42, sem Jón lauk við 1966 nefndur Líf guðanna, en sá þriðji, opus 45, sem honum auðnaðist ekki að ljúka, Ragnarök. Á andlátsbeði lagði hann til hvernig flytja mætti þriðja hlutann í ófullgerðri mynd.

Fyrsti hluti Eddufjórleiksins var kynntur með tveimur þáttum af þrettán á Norrænum tonlistardögum í Kaupmannahöfn 1952. Undirtektirnar voru svo slæmar að tónskáldið lagði verkefnið á hilluna. Það liðu þrjátíu ár áður en ráðist var í flutning verksins á ný: Ingólfur Guðbrandsson æfði þrjá þætti með Polyfónkórnum og stjórnaði flutningnum hér heima og á tónleikaferðalagi um Spán.

Eddurnar hafa íslenskir áheyrendur aldrei heyrt í heild. Hlutar hafa heyrst af þessum stóru verkum en það verður fyrst nú á laugardag að fyrsta Eddan hljómar í heild sinni. Verður gerð hljóðritun af verkinu í framhaldi af frumflutningnum á vegum BIS. Þá verða 68 ár liðin frá því blekið þornaði á nótum tónskáldsins.

Enginn sem þekkir til tónverksins dregur dul á hvers vegna það hefur svo lengi legið óflutt: það er einfaldlega svo erfitt í flutningi og gerir svo miklar kröfur til flytjenda. Mun það einkum vera kórparturinn sem er röddum erfiður í hæð og botni. Á laugardag fá menn að heyra íslenska listamenn takast á við fyrsta hluta þessa stórvirkis íslenskrar tónmenningar: Hermann Bauer stjórnar Sinfóníunni. Hörður Áskelsson leiðir Schola Cantorum og einsöngvarar verða þeir Gunnar Guðbjörnsson og Bjarni Thor Kristinsson.

Það er ekkert minna en sköpun heimsins sem verður í loftinu á laugardag. Við áttum mann sem festi hana í tóna.



**HÖRÐUR ÁSKELSSON, CANTOR HALLGRÍMSKIRKJU OG STJÓRNANDI SCOLA CANTORUM** Hann hefur síðustu vikur leitt vinnu söngvaranna fyrir erfitt verkefni laugardagsins.

pbb@frettabladid.is


MAXI
ný og glæsileg sófalína á mjög góðu verði!
15% afsláttur af Maxi sófum
Model: 9021 - Hornsófi 275 X 275 sm.:
Verð kr. 169.800,- Tilboð kr. 144.330,- 3 litir.
Model: 9039
Tungusófi 330 X 150 sm.
Verð kr. 169.800,- Tilboð kr. 144.330,- 3 litir.
Model: 9017
Sófi m. geymslu: 236 X 100 sm.
Verð kr. 89.800,- Tilboð kr. 76.330,- 3 litir.
Model: 9017
Svefnsófi: 205 X 100 sm.
Verð kr. 149.800,-
Tilboð kr. 127.330,- 3 litir.
Sængurteppi og dýnuhlíf fylgir með.
Grafíska smiðjan ehf. 10-06
Opið: Virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN
Model: 9004
Svefnsófi 280 X 210 sm.
Dýna: 140 x 200 sm.
Verð kr. 199.800,- Tilboð kr. 169.830,- 3 litir.
Sængurteppi og dýnuhlíf fylgir með.
Síðumúla 20 - Sími 568 8799 - www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is

Rokksveit Rúnars Júlíussonar í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Í kvöld fös. 13/10 **örfá sæti laus**, lau. 14/10 **örfá sæti laus**, fös. 20/10 **örfá sæti laus**.
Aðeins þrjár sýningar eftir!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.
Sun. 15/10 **kl. 21:00**. Allra síðasta sýning!

**SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER** Fyrirlestur um verk Nóbelsskáldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00. Upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 14/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 15/10 kl. 14:00 **uppselt**, lau. 21/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 11/11 **kl. 14:00**, sun. 12/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **örfá sæti laus**, fim. 9/11 **örfá sæti laus**, fös. 10/11 **örfá sæti laus**.

KASSINN KL. 20:00

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld fös. 13/10 **uppselt**, lau. 14/10 **uppselt**,
sun. 15/10 **kl. 17:00 uppselt**, fim. 19/10 **uppselt**, fös. 20/10 **uppselt**, lau. 21/10 **uppselt**, sun. 22/10 **kl. 17:00 uppselt.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. Allra síðasta sýning!

**SUZANNAH** eftir Jon Fosse – gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg.
Fim. 19/10 **örfá sæti laus**, fös. 20/10.

LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 14/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl.12:15 uppselt**, sun. 15/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, lau. 21/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 22/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, lau. 28/10 **kl. 11:00 örfá sæti laus** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 29/10 **kl. 11:00 örfá sæti laus.**

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
Í Framhaldsskóla A-Skaftafellssýslu 17/10.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 15/10 kl. 14 Sun 22/10 kl. 14
Lau 28/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 14

MEIN KAMPF
Lau 14/10 kl. 20 Lau 21/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Lau 4/11 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fös 20/10 kl. 20 Sun 29/10 kl. 20

SNIGLABANDIÐ
Útgáfutónleikar Sniglabandsins
Mið 18/10 kl. 20:30 Miðaverð 2.200

FOOTLOOSE
Lau 14/10 kl. 20 Sun 22/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20

TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS
Þjóðlagasveit tónlistarskólans á Akranesi
Mið 25/10 kl. 20:30 Miðaverð 1.500

HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið sýnir nýtt verk eftir hópinn.
Í kvöld kl. 20 Lau 14/10 kl. 20
Bannað innan 16 ára. Síðustu sýningar

AMADEUS
Fim 19/10 kl. 20 forsýning 1000 kr.
Fös 20/10 kl. 13 forsýning 1000. kr.

Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

MANNTAFL
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

VIÐ ERUM KOMIN-Íd
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.
Í kvöld kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fim 19/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Íslendingar þurfa líka að fylgjast með!

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.

# Margmiðluð myndlistarveisla

**Vegfarendum og gestum miðborgarinnar er ráðlagt að leggja vel við hlustir og hafa vökul augun hjá sér á næstunni. Í dag hefst listahátíðin Sequences, sem takmarkast síst við hvítmálaða sýningarsali.**

### DAGSKRÁIN Í DAG

**18.00** Opnun í Nýlistasafninu, Laugavegi 26. Frú Dorrit Moussaieff opnar hátíðina. Nína Magnúsdóttir, verkefnisstjóri hátíðarinnar, og Ásmundur Ásmundsson myndlistarmaður ávarpa gesti. Listamennirnir Snorri Ásmundsson og Gunnhildur Hauksdóttir koma fram.
Undir beru lofti, listamennirnir Haraldur Jónsson, Páll Banine, Anthony Schrag, Emiliano Monaco, Marta María Jónsdóttir, Ilmur María Stefánsdóttir og Hrafnkell Sigurðsson sýna innsetningar, vídeó- og hljóðverk og/eða fremja gjörninga.

**20.00** Hópsýning í sýningarsal. Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar sýnir með liðsinni Björgvins Gíslasonar, Nikulásar Róbertssonar, Hjörleifs Valssonar og Birgis Bragasonar.
Joseph Marzolla, Unnur Andrea Einarsdóttir, Kristján Zaklinsky Baccara, Árni Ingólfsson og Hafsteinn Michael sýna verk sín.

**21.00** Djasstríóið Flís leikur.

**22.00** Finnur Arnar Arnarsson og Magnús Sigurðsson flytja gjörning.

**22.15** Teiti í Þjóðleikhúskjallaranum, Dj Kalle Laar skemmtir gestum.

Sequences-hátíðin stendur í tæpar tvær vikur en á þeim tíma munu 140 listamenn setja svip á bæinn. Flestar listastofnar borgarinnar taka þátt í verkefninu, sem er nokkurs konar viðbragð myndlistarmanna við Airwaves-tónlistarhátíðinni sem hefst í næstu viku.

Nína Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Sequences, segir að skipuleggjendum hátíðarinnar hafi þótt verðugt að nýta tækifærið og þann kraft sem er í menningarlífinu í tengslum við tónlistarhátíðina og bjóða upp á myndlist líka. Viðbrögðin hafa líka verið með eindæmum góð og taka flest gallerí og listastofnanir í borginni þátt með einum eða öðrum hætti. Sýningarstaðirnir eru þó fleiri því þeir takmarkast síður en svo við verndað umhverfi stofnana og gallería heldur leita listamennirnir út á við og sýna, flytja og fremja sköpunarverk sín um allar trissur, ofan úr turnum, innan í búðum og úti á víðavangi.

„Við viljum auðvitað líka ná til sem flestra og sérstaklega þeirra sem ekki eru reglulegir gestir á hefðbundnum myndlistarsýningum,“ útskýrir Nína.



**HVORKI FUGL NÉ FISKUR?** Hulda Spiderspoon kemur fram í versluninni KronKron á Laugavegi á morgun.
MYND/HULDA RÓS

Sýningar verða opnaðar í öllum helstu galleríum borgarinnar, á laugardaginn opnar til að mynda sýning á verkum Huldu Helgadóttur í Gel galllerý við Hverfisgötu og Egill Sæbjörnsson sýnir verk sín í SAFNI á Laugavegi. Þess skal getið að margir viðburðanna eru aðeins í boði einu sinni þar sem áherslan nú er á hljóð-, vídeó- og gjörningalistir sem bundnar eru hinu stundlega.

Þátttakendurnir koma víða að, fjöldi íslenskra myndlistarmanna leggur sitt af mörkum en einnig koma fjölmargir erlendir listamenn hingað til lands af þessu tilefni, þar á meðal hópur bandarískra listamanna og listamenn frá Kína.



**ÓVÆNT AFNOT Í UNDARLEGU SAMHENGI** Ilmur María Stefánsdóttir flytur gjörning sinn „Stupid People“ á opnunarhátíð Sequences í kvöld.
MYND/ILMUR MARÍA STEFÁNSDÓTTIR

Stefnt er að því að gera þessa myndlistarhátíð að árlegum viðburði en hún verður opnuð með pompi og prakt í kvöld. Dagskráin hefst í Nýlistasafninu við Laugaveg þar sem fjölmargir listamenn munu troða upp milli kl. 18 og 22. Miðstöð hátíðarinnar verður einnig þar til húsa en þar verður hægt að sækja nánari upplýsingar um einstaka dagskrárliði auk þess sem hægt er að lesa sér til um hátíðina á heimasíðunni, www.sequences.is.

**- khh**

# Erfitt en ávanabindandi

Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndlistarmaður tekur þátt í hátíðinni bæði í samstarfsverkefnum og ein og sér. Hún ætlar til dæmis að skapa draumkenndan heim í Regnboganum.

Ásdís Sif vinnur mest með gjörninga, innsetningar og videóverk en segir að bíógestir eigi von á óvæntri ánægju. „Þetta verður nokkurs konar draumkenndur atburður, eins og „happening“ sem gerist nokkrum mínútum áður en fólk fer inn í bíósalinn. Það er líka hægt að koma sérstaklega til þess að sjá hann - fólk þarf ekkert endilega að vera á leið í bíó,“ segir hún sposk.

Viðburður eins og Sequences hefur mikla þýðingu fyrir listafólk enda gefst þar kærkominn kostur til þess að efla samstarf, sjá og upplifa nýja hluti og kynna sig.

„Sumir þátttakendanna eru í hópum sem urðu til í Klink og bank. Þar var fólk mikið að hópa sig saman til að gera gjörninga eða í hljómsveitir,“ útskýrir Ásdís Sif. „Þegar kemur að svona hátíð opnast aftur fyrir þessi sambönd, fólk byrjar að hringja og spyrja: „Vilt þú vera með mér?“ Svolítið eins og krakkarnir í hverfinu,“ segir Ásdís Sif og kímir.

Hún útskýrir að það sé samt mismunandi hversu mikla þörf listafólkið hafi fyrir samstarf en listlýðræðið er vandmeðfarið. „Ég geng til dæmis alveg í gegnum tímabil, stundum þarf maður að vera einn og vinna alveg út af fyrir sig en oft finnur maður þörf fyrir orku frá öðrum. Svona samstarf getur líka orðið flókið þegar margir vilja ráða. Menn þurfa að átta sig á því sem aðrir eru að pæla í og tengja það saman. Oft endar það samt með því að allir ráða en útkoman er oft mjög góð.“



**ÁSDÍS SIF GUNNARSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR** Fær „kikk“ út úr gjörningalistinni sem getur líka verið stressandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásdís Sif útskýrir að gjörningalistin sé ekki dans á rósum. „Þetta er oft erfitt því maður getur aldrei reiknað út hvernig maður er stemmdur. Stundum er maður alveg í taugaáfalli en oft hlakkar maður til. Þegar maður vinnur með svona „spontant“ efni er engin leið að vita hvað gerist. Stundum hugsa ég um hvað það væri gaman og einfalt að vera búin að æfa þetta allt. Það er samt alltaf rosalegt kikk eftir á, þótt maður hafi verið stressaður fyrir fram,“ útskýrir hún og líkir tilfinningunni við hreinsun eða kaþarsis. „Maður verður alveg háður því.“

Ásdís Sif kemur fram í Regnboganum 19. og 26. október auk þess að taka þátt í hópviðburði á lokadegi sýningarinnar ásamt Daníel Björnssyni, Valdimar Jóhannssyni, Auxpan og Hildi Björk Yeoman. Þess má einnig geta að hún tekur um þessar mundir þátt í sýningunni Pakkhúsi postulanna í Listasafni Reykjavíkur, þar sem hún sýnir lifandi vídeólistaverk í framhaldsþáttaformi.

**- khh**

# Frumflytur sérsamið verk


**VÍKINGUR ÓLAFSSON PÍANÓLEIKARI** „Verkið er klæðskerasniðið fyrir mig og smellpassar."

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari frumflytur nýjan píanókonsert eftir Snorra Sigfús Birgisson á tónleikum Norrænna músíkdaga í Salnum í kvöld. Verkið samdi Snorri sérstaklega fyrir Víking. Tónleikarnir er haldnir í nafni Caput-hópsins margverðlaunaða og þar verða flutt fjögur verk eftir norræn tónskáld, tvö þeirra verða frumflutt, annar píanókonsert Snorra og verk eftir sænska tónskáldið Marie Samuelsson sem pantað var af norrænu tónlistarnefndinni.

Víkingur segir verk Snorra þrælerfitt og æfing þess hafi kostað sig mikla vinnu. Það er ekki á hverjum degi að píanóverk íslensk eru frumflutt. Verk Snorra tekur um 25 mínútur í flutningi. Víkingur segir verkið í raun klæðskerasniðið fyrir sig: „Það smellpassar." Hann segist vera afar hrifinn af verkinu sem sé tilfinningamikið og flæðandi. Snorri Sigfús er sjálfur menntaður píanóleikari frá barnsaldri og gerþekkir því hljóðfærið.

Verkið flytur Víkingur með Caputhópnum og er hljómsveitinni að þessu sinni stillt upp í lítinn kammerflokk. Verkið verður hljóðritað til flutnings í Ríkisútvarpinu en vonir standa til að hægt verði að hljóðrita það síðar til útgáfu á diski.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 18 í Salnum. Auk verka þeirra Samuelsons og Snorra verða þar á dagskrá verk eftir Lars-Petter Hagen og Sampo Haapamaki. Með hópnum koma fram þrír hljóðfæraleikarar frá Norðurlöndunum og annar einleikari fyrir utan Víking er saxafónleikarinn Rolf-Erik Nyström.

- pbb

# Endalaus og óljós skilaboð

**LEIKLIST**

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

**Þjóðarsálin**

Einleikhúsið sýnir í Reiðhöll Gusts

**Leikarar** Árni Pétur Guðjónsson / Sara Dögg Ásgeirsdóttir / Harpa Arnardóttir / Jóhann G. Jóhannsson / Árni Salómonsson auk hestafólks, kvennakórs og annarra þátttakenda í karnivali / **Tónlist** Pálmi Sigurhjartarson / **Leikmynd** Linda Stefánsdóttir / **Búningar**/Myrra Leifsdóttir / **Ljós** Arnar Ingvarsson / **Leikstjórn** Sigrún Sól Ólafsdóttir.

Í Þjóðarsálinni ægir öllu saman, mönnum og hestum, drama og kómik, fimleika- og balletttilburðum, einsöngvurum og kór – sem sjálfsagt má túlka sem einhvers konar birtingarmynd af þjóðinni. Inn í herlegheitin hefur verið spunninn söguþráður um fjölskyldu sem býr á hestabúgarði. Hann er í eigu Valdísar, sem er einnig þingkona og gift Símoni en Vilhjálmur bróðir Valdísar rekur búgarðinn. Þar starfar Arnar Leó – sem er sonur Valdísar en hún viðurkennir ekki vegna þess að hann er dvergur. Inn í söguna mætir skvísan Soffía, sem er módel og eina manneskjan sem sér Arnar Leó eins og hann er í raun og veru. Hjónaband Valdísar og Símonar er í steik; hann gerir hosur sínar grænar fyrir Soffíu. Valdís dettur í það í hléi, fer á ærlegt hestamannafyllerí, og er pissfull allan seinni hlutann.

Dálítið farsakenndur söguþráður – en þó engan veginn hægt að flokka verkið sem farsa. Til þess er það of grunnt og sundurlaust. Það er slitið í sundur með karnivalliði sem hleypur og hleypur og hleypur, hring eftir hring um sviðið sem er ekkert minna en heil reiðhöll, veltir þar um risakeflum og dregur vagna og kerrur. Tilgangurinn verður aldrei ljós. Tveir fara heljarstökk aftur fyrir sig öðru hverju, tvær snúast í ballett-hringi og svo er dandalast á hestum. Inn á milli mætir kvennakór og syngur ættjarðarleg lög, auk eins undurfagurs barítóns – sem ekki er getið um neinn hátt. Seinni hluti sýningarinnar hefst á gríðarmikilli ádeilu á eyðingu gallaðra fóstra og í kjölfarið mætir flokkur af fötluðu liði á sviðið – svo heldur karnivalið áfram. Þetta atriði var, vægast sagt tilfinningasamt, eiginlega væmið.

Verkið ku leitast við að spyrja mjög svo djúpra spurninga: Hvað er dyggð? Hvað vil ég fá út úr lífinu? Hvernig vil ég lifa lífinu? Hvert stefni ég? Til hvers fæddist ég? Hví tendrast sól? Hví leiftrar gleði? En það er eins og þessar spurningar hafi gleymst þegar verkið var spunnið. Þess í stað hafa klisjur og væmni orðið ofan á. Markmið sýningarinnar er að


**EINLEIKHÚSIÐ SÝNIR ÞJÓÐARSÁLINA** Einkennileg sýning.

fletta ofan af þeirri mynd sem persónurnar vilja sýna af sér. Undir þeirri mynd er önnur sem þær geyma uppi á háalofti og sýna engum, eins og segir í leikskrá. Því miður hefur farist fyrir að veita persónunum þessa dýpt. Þær eru allar einhliða frá upphafi til enda. Valdís er drykkfelldur vargur, Símon er plebbi, Vilhjálmur er auli gagnvart Valdísi en vargur gagnvart undirsátum sínum, Soffía er rosagóð og dáldið lauslát og Arnar Leó heilsteyptur.

Því miður er Þjóðarsálin dálítið fálm út í loftið, skilaboðin endalaus en yfirleitt óljós. Sumar hugmyndanna hefðu þarfnast meiri úrvinnslu, öðrum hefði átt að fleygja út. Tónlistin var skemmtileg – en texti ekki alltaf á hreinu, hvorki mæltur né sunginn. Leiksvæðið er of stórt og líklega ekki hugað að hljómburði þegar reiðhallir eru reistar. Einkennileg sýning.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

10 11 12 **13** 14 15 16

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 21.00 Norski strengjakvartettinn **Cikada** leikur í **Salnum** í **Kópavogi** í tilefni af **Norrænum músíkdögum**. Flokkurinn flytur verk eftir **Hans Abrahamsen, Kimmo Kuokkala, Hauk Tómasson, Niels Rosing-Schow** og **David Bratlie**.

### OPNANIR

☐ 20.00 **Anna Snædís Sigmarsdóttir**, grafíklistakona opnar sýningu á grafíverkum í **Grafíksafni Íslands** við **Tryggvagötu 17.** hafnarmegin. Sýningin stendur til 22. október og er opin frá fimmtudegi til sunnudags frá kl. 14-18.

### SKEMMTANIR

☐ **Hljómsveitin Brimkló** leikur á skemmtistaðnum **Vélsmiðjunni** á **Akureyri**.

### MÁLÞING

☐ 14.00 Málþing um stöðu norrænar tónlistar í **Norræna húsinu**. Þingið er hluti af **Norrænum músíkdögum**. Þátttakendur eru **John Frandsen, Dr. Ágúst Einarsson, Ragnheiður Þórarinsdóttir** og **Jonas Forssell** sem jafnframt stýrir umræðum.

### KVIKMYNDASÝNINGAR

☐ 12.30 Kvikmynd **Hilmars Oddssonar, Tár úr steini**, verður sýnd í **Tjarnarbíói** í tilefni af **Norrænum músíkdögum**.





BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
25 ára og yngri: 50% afsl.
ATH! Aðeins sýnt í október
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ALLRA SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

Gunnar Gunnarsson
Dagskrá í tilefni 100 ára rithöfundarafmælis
Leiklestur föstudaginn 20. október kl. 20.30
ATH: í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8
Nótt og draumur - Leiklestur og ljóðasöngur úr Fjallkirkjunni í leikgerð Jóns Hjartarsonar.
Aðgangur ókeypis!
Málþing laugardaginn 21. október kl. 14.00
Jón Yngvi Jóhannsson: „Orkt af áhrifum"
Gunnar Hersveinn: „Vantraust – sælir eru einfaldir"
Halldór Guðmundsson: „Um Svartfugl og ástina"
Pétur Gunnarsson rithöfundur stýrir pallborðsumræðum.
Aðgangur ókeypis.
Ljóðatónleikar laugardaginn 21. október kl. 16.00
Sungin verða lög við kvæði Gunnars, m.a. frumflutt nýtt lag eftir Atla Heimi Sveinsson.
Flytjendur: Hulda Björk Garðarsdóttir og Ágúst Ólafsson
Undirleikari: Daníel Þorsteinsson píanóleikari
Miðasala við innganginn - Aðgangseyrir: kr. 1.200.
Gerðuberg, Gunnarsstofnun Skriðuklaustri og Rithöfundasamband Íslands.
Sýningarnar Reykjavík - Úr launsátri, Flóðhestar og framakonur og Kompósisjónir eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700










## Í SPILARANUM

**The Go! Team** - Thunder, Lightning, Strike
**Jens Lekman** - Oh You're So Silent Jens
**Wolf Parade** - Apologies to the Queen Mary
**Mates of State** - Bring it Back
**Love is All** - Nine Times That Same Song

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Plata á fjórtán tímum*

Rokksveitin Gavin Portland setti að öllum líkindum Íslandsmet á dögunum þegar hún tók upp nýja plötu á aðeins fjórtán klukkutímum. Sló hún þar með út frammistöðu Botnleðju, sem tók upp fyrstu plötu sína, Drullumall, á sextán tímum.



**GAVIN PORTLAND** Rokksveitin Gavin Portland setti Íslandsmet á dögunum.

Lögin á plötu Gavin Portland voru tekin upp á fjórum tímum en með hljóðblöndun og frekari frágangi plötunnar urðu klukkutímarnir fjórtán. „Við vorum vel æfðir og vildum bara gera þetta svona. Við æfðum í allt sumar og þess vegna virkaði þetta svona vel,“ segir Þórir, gítarleikari sveitarinnar, sem hefur sjálfur gefið út tvær vel heppnaðar sólóplötur.

Lögin á fyrri sólóplötu Þóris voru tekin upp á aðeins tólf klukkutímum en síðan fór mun meiri tími í frágang hennar en á nýju plötunni. Er Þórir því vel kunnugur svona hröðum vinnubrögðum.

Gavin Portland spilar á Iceland Airwaves föstudagskvöldið 20. október þar sem nýja platan, sem kemur út um miðjan nóvember, verður kynnt. **- fb**



## > Plata vikunnar

**Skakkamanage - Lab of Love**

„Fyrirtaks indí-popp sem er í senn kæruleysislegt, fallegt og á tímum rokkað. Ætti að falla íslensku krúttkynslóðinni í geð.“ **- sha**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Óborganlegur Jonathan*

„Við gerum nóg af plötum fyrir þá til þess að þeir tapi fullt af peningum og þá vísa þeir okkur kurteisislega á dyr. Þetta fyrirkomulag hentar mér ágætlega,“ segir David Thomas, söngvari hinnar goðsagnakenndu Cleveland sveitar Pere Ubu í viðtali við tímaritið Wire í tilefni af útkomu nýrrar plötu sem kemur út hjá plötuútgáfu sem sveitin hefur ekki verið hjá áður. Pere Ubu er ein þessara hljómsveita sem hafa hrökklast á milli plötufyrirtækja allan ferilinn, þó að gagnrýnendur séu flestir sammála um snilld hennar. Aðrir listamenn í svipaðri stöðu eru t.d. The Fall og Tom Verlaine, forsprakki Television. Og svo Jonathan Richman sem hélt tónleika í Iðnó á þriðjudagskvöldið.



**JONATHAN RICHMAN**

Jonathan Richman er einstakur í tónlistarsögunni. Hann er búinn að vera að síðan í byrjun áttunda áratugarins þegar hann var leiðtogi hljómsveitarinnar Modern Lovers sem var undir miklum áhrifum frá Velvet Underground. Síðan hefur hann þróast frá rokkinu yfir í sérviskulega útgáfu af poppi. Tónlistin hans er einföld og textarnir eru húmorískir og fullir af gleði yfir hversdagslegum hlutum og upplifunum.

Jonathan kom til Íslands í fyrra og spilaði þá bæði á Grand rokki og á Innipúkanum við mikla hrifningu. Eftir því sem ég sé hann oftar þá geri ég mér betur grein fyrir því hvað það er sem gerir hann svona frábæran. Hann er lunkinn og mjög ryþmískur gítarleikari og skemmtilegur söngvari. Hann á fullt af flottum lögum og hann er einstakur textasmiður. Og sviðsframkoman er óborganleg. Sögukornin hans, brosið, danssporin og mjaðmahnykkirnir koma jafnvel fúlustu mönnum í gleðivímu. Hver af þessum kostum fyrir sig er mikils virði, en þegar þeir sameinast allir í einum manni þá er útkoman snillingur. Það verður aldrei til nema einn Jonathan Richman og hann var frábær í Iðnó á þriðjudagskvöldið.






# Afkastamikið kamelljón

**Tónlistarmaðurinn Beck gaf nýverið út plötuna The Information. Freyr Bjarnason leit yfir feril kappans, sem ber vott um mikil afköst og hugmyndaríki.**



**BECK** Tónlistarmaðurinn Beck gaf nýverið út plötuna The Information.

Frá því að Beck Hansen kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1994 með laginu Loser hefur hann verið mikið kamelljón og hafa menn átt erfitt með að festa fingur á það hver hinn raunverulegi Beck sé.

### Ævintýrarík poppblanda

Eftir að hann gaf út sína fyrstu plötu hjá stóru plötufyrirtæki, Mellow Gold, var hann á einni nóttu orðinn holdgervingur nýrra strauma í tónlistariðnaðinum, þar sem hiphoppi var meðal annars blandað saman við rokk og blús.

Með næstu plötu sinni, Odelay, sýndi Beck og sannaði að hann var meira en eins lags undur því platan var uppfull af vandaðri og ævintýraríkri poppblöndu. Um upptökustjórn sáu The Dust Brothers og áttu leiðir þeirra og Becks eftir að liggja saman síðar á plötunni Guero sem kom út í fyrra.

### Lágstemmdur Beck

Eftir vinsældir Odelay gaf Beck út Mutations, sem var mun lágstemmdari og olli vafalítið mörgum vonbrigðum sem vildu fá eitthvað í líkingu við Odelay. Hiphoppið var horfið á braut og í staðinn voru þjóðlaga- og blúsáhrifin alltumlykjandi.

Beck ætlaði reyndar ekki að gefa út plötuna hjá stóru útgáfufyrirtæki og hugsaði hana ekki sem eiginlegt framhald Odelay. Peningamennirnir hjá Geffen vildu aftur á móti gefa hana út á sínu merki og sú varð raunin á endanum þrátt fyrir mótbárur Becks.

Árið eftir kom út platan Midnite Vultures þar sem Beck var kominn í dansgallann og leyndu Prince-áhrifin sér ekki. Skiptar skoðanir voru um plötuna en mörgum fannst hún flott skref hjá tónlistarmanninum og fékk hún víðast hvar mjög góða dóma.

### Samstarf með Godrich

Beck skipti aftur um gír árið 2002 og gaf út plötuna Sea Change með upptökustjóranum kunna Nigel Godrich, sem m.a. tók upp meistaraverkið OK Computer með Radiohead. Útkoman var mjög vönduð og lágstemmd plata þar sem Beck hafði breyst í hálfgerðan trúbador, svipaðan Nick Drake, og söng um ástarsorg og einmanaleika. Enn og aftur fékk Beck góða dóma, m.a. fimm stjörnur í Rolling Stone, en sem fyrr áttu menn erfitt með að átta sig á því hvort hann væri einungis að stæla aðra eða hvort þetta væri bara enn ein hliðin á honum.

### Afturhvarf til Odelay

Tveimur árum síðar kom út Guero, þar sem latínó-áhrifin voru nokkuð áberandi, sem er kannski ekki skrítið þar sem Beck ólst upp í Los Angeles.

Platan var nokkurs konar afturhvarf til Odelay-áranna, enda sömu upptökustjórar og á þeirri plötu. Fékk hún misjafna dóma og töldu sumir að í fyrsta sinn hefði hinn tilraunakenndi Beck staðið í stað og ekki haft margt nýtt fram að færa. Platan seldist aftur á móti vel og m.a. naut lagið E-Pro mikilla vinsælda.

### Þrjú ár í fæðingu

Nú er síðan komin út The Information, sem var víst þrjú ár í fæðingu. Nigel Godrich sá um upptökustjórn á nýjan leik og hefur platan hlotið fyrirtaksdóma. Má segja að hún sé nokkurs konar blanda af þremur bestu plötum kappans, Odelay, Midnite Vultures og Sea Change, þar sem öllum stefnum er hrært í einn graut, a la Beck Hansen, þar á meðal rokki og hiphoppi. Ætti hún ekki að valda neinum aðdáendum kappans vonbrigðum.

Platan er óvenjuleg að því leyti að framhlið hennar er auð og fylgja límmiðar með sem hver og einn getur límt að vild. Einnig fylgir plötunni auka DVD-mynddiskur með heimagerðum myndböndum við öll fimmtán lög plötunnar. Voru þau tekin upp í hljóðverinu meðan á upptökum plötunnar stóð. Myndböndin eru mörg hver stórundarleg, eins og tónlist Becks ber oft vott um, og sýna vel húmor þessa óútreiknanlega tónlistarmanns.

## PLÖTUR BECKS

| | |
|---|---|
| Stereopathetic Soulmanure | 1994 |
| One Foot in the Grave | 1994 |
| Mellow Gold | 1994 |
| Odelay | 1996 |
| Mutations | 1998 |
| Midnite Vultures | 1999 |
| Sea Change | 2002 |
| Guero | 2005 |
| Guerolito | 2005 |
| The Information | 2006 |

## FYRST OG SÍÐAST GRÍMUR ATLASON

**THE BEATLES - 1962-1966**



1974 hlustaði ég mikið á Dual græjurnar sem pabbi og mamma áttu. Mest hlustaði ég á Svanhildur syngur fyrir börnin og aðrar barnaplötur. Það er von á ágætt en það var ennþá eitthvert tóm í mér. Síðan gerðist það einn að ég rakst á plötuumslag með mynd af senjórítum í flamíngópilsum – hún hét Viva Espania. Ég setti hana á fóninn og líkaði vel sérstaklega þegar ég heyrði sönginn She Loves you – þá breyttist allt! Ég hef verið bítill síðan og Paul er minn maður – á enn erfitt með Yoko enda hefur hún verið mínum manni erfið. Þetta var reyndar ekki Viva Espania heldur hafði fyrri platan úr The Beatles 1962-1966 ratað í vitlausar umbúðir. Fyrsta andlega reynslan.

**HIDDEN CAMERAS - THE SMELL OF OUR OWN**

Þessi plata er frá 2003. Ég sá þetta band spila læf í fyrra og varð alveg heillaður. Það er von á nýju verki frá þeim og ég bíð spenntur. The Go! Team er líka algjör snilld og skora ég á alla þá sem ekki hafa keypt sér á Airwaves að næla í miða – þó maður sjái bara The Go! Team!. Platan þeirra Thunder, Lightning, Strike er frábær en bandið er samt best á tónleikum.

Síðan er það rétt óútkomin plata Picnic sem þau skipa hjónakornin Sigríður Eyþórsdóttir og Þorsteinn Einarsson, Steini úr Hjálmum. Ég hef fylgst með þessari fæðingu og verða að segja að ég er hrifinn. Kántrískotið undir áhrifum frá Neil Young og Sufjan Stevens – held að hérna sé kominn næsta útflutningsvara okkar Íslendinga. Þau koma fram á Airwaves og væntanlega með Sufjan Stevens. Það skal tekið fram að ég er ekki umboðsmaður sveitarinnar en mér þykir þetta bara svo gott fólk og góð tónlist.





**GRÍMUR ATLASON** Bæjarstjórinn og tónleikainnflytjandinn fylgist vel með því sem er að gerast í tónlist í dag.

# Jens Lekman á Airwaves

Sænski tónlistarmaðurinn Jens Lekman hefur nú bæst við dagskrá Iceland Airwaves-hátíðarinnar sem fer fram í næstu viku. Ástæða þessa er sú að landi hans, söngkonan Jenny Wilson, þurfti að afboða komu sína vegna veikinda.

Jens Lekman hefur verið á hraðri uppleið innan indie-tónlistarheimsins að undanförnu. Hann er frá Gautaborg og tónlistin sem hann leikur er gítarpopp með afar skemmtilegum textum. Lekman hefur verið mjög umtalaður í heimalandinu, sérstaklega fyrir plötuna When I Said I Wanted to Be Your Dog. Hún vakti athygli hjá plötufyrirtækinu Secretly Canadian sem hann gerði í kjölfarið samning við.

Í fyrra kom svo út meistaraverkið Oh You‘re So Silent Jens. Þessa dagana vinnur Lekman að næstu plötu sinni og segir í tilkynningu frá Airwaves að hann taki sér sérstaklega hlé frá upptökunum til að spila á hátíðinni. Upptökurnar hafa gengið upp og ofan en fyrir skemmstu sagði Jens í viðtali að hann hygðist jafnvel hætta alfarið í tónlistarbransanum. Hann hefur þó horfið frá þessum áformum og ætti að vera í góðu formi á Airwaves í næstu viku.



**JENS LEKMAN** Mjög áhugaverður sænskur tónlistarmaður sem bæst hefur við dagskrá Iceland Airwaves.

## Í BÚNINGSHERBERGINU OUTKAST



*Ávextir og grænmeti á bakka*
2 dósir af túnfiski
1 dós af ananas í sneiðum
1 dós af hnetusmjöri
Fransbrauð og heilhveitibrauð
Hnetur, flögur og tortilla-flögur
Tyggjó
Frönsk lauksósa
Salsa
12 kleinuhringir, helst Dunkin‘ Donuts
1 kassi af vatnsflöskum, ekki Evian
1 flaska af Hennessy
1 flaska af Jack Daniel‘s
12 dósir af Heineken
6 einnota kveikjarar
Mjúkur klósettpappír, Kleenex og handsápa
2 öskubakkar
Stór spegill





## > Lög vikunnar

**Peter, Björn & John** - Young Folks Ótrúlega grípandi popprokk frá sænskum frændum vorum.



**David Hasselhoff** - Jump in My Car Lagið er kannski ekki eins gott og myndbandið, en samt gott.

**The Killers** - Bling (Confession of a King) Vinnur smám saman á, eins og öll nýja platan.

**Gnarls Barkley** - Smiley Faces Flott lag hjá Cee Lo og Dangermouse.



**Trabant** - The One Virkar vel á dansgólfinu og við tiltekt heima.

## NÝJAR PLÖTUR



**PETER, BJÖRN & JOHN**
**Writer‘s Block**
„Ein mest heillandi poppplata ársins og ef einhver verður ekki gripinn af laginu Young Folks vantar augljóslega einhverjar dillisellur í viðkomandi.“
SHA

**THE WHITEST BOY ALIVE**
**Dreams**
„Þessi lágstemmda og afslappaða plata frá nýju hljómsveitinni hans Erlends Øye hefur að geyma ferska blöndu af grúvi og rokktónlist.“
TJ

**DJ SHADOW**
**The Outsider**
„DJ Shadow toppar sjálfan sig með afbragðs plötu. Fjölbreytt sem lífið sjálft, hvetjandi og framúrskarandi.“
BÖS

**HÖGNI LISBERG**
**Morning Dew**
„Fín plata frá Færeyingnum Högna Lisberg. Virðist vera jafnvígur á rólegheitapopp og hressandi rokk og ról.“
FB

**REGINA SPEKTOR**
**Begin to Hope**
„Með Begin to Hope hefur Reginu Spektor tekist að búa til plötu sem er poppuð og léttleikandi, en líka sérviskuleg og áhugaverð.“
TJ

**BRAIN POLICE**
**Beyond the Wasteland**
„Fjórða plata Brain Police er töluverð vonbrigði. Ekkert nýtt er á ferðinni, enginn slagari og sömu gítarlykkjur og áður.“
FB

**SPANK ROCK**
**Yoyoyoyoyo...**
„Ein frumlegasta hip-hop plata sem komið hefur út í langan tíma, þótt hún sé langt frá því að vera sú besta.“
SHA

**THE ROOTS**
**Game Theory**
„Game Theory er kraftmikil og sannfærandi plata frá einni af forystusveitum hip-hop heimsins.“
TJ

**BEYONCÉ**
**B‘Day**
„Fyrir þremur árum síðan hefði Beyoncé getað unnið forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Með þessu áframhaldi kæmist hún ekki einu sinni í ritarastöðu í Hvíta húsinu. Önnur breiðskífa hennar er arfaslöpp.“
BÖS

**THE RAPTURE**
**Pieces of the People We Love**
„Með þessari plötu gæti The Rapture hæglega komið sér fyrir í fremstu röð bandarískra indísveita. Pieces... er sköpuð til þess að skemmta hlustandanum og nær að uppfylla allar væntingar.“
BÖS



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST AÐ FÓLK EIGI AÐ SJÁ GRÆNA GRASIÐ Í GARÐINUM SÍNUM

# *Enginn er fullkominn*

Konur hafa flestar þann eiginleika að vilja ræða málin og laga það sem þeim finnst vera að í samböndum. Þá er það þannig að þegar minnstu vandamál koma upp þarf að setjast niður og fara ofan í saumana á málinu.
Einhverra hluta vegna hafa vinkonur mínar valið mig sem ráðgjafa í ástamálunum. Ekki spyrja mig hvers vegna en einhvern veginn hlaut ég viðurnefnið „andamamma" strax í menntaskóla. Það er þó sennilega vegna þess að ég átti kærasta frá blautu barnsbeini og samband mitt við hann gekk með eindæmum vel. Þrátt fyrir að hafa verið ein í nokkurn tíma hættu þær þó aldrei að koma til mín með vandamálin, sem leiddi til þess að ég er mjög vel inni í öllum þeirra hjartans málum.
Með tímanum hef ég áttað mig á því að sama hversu vel sambönd líta út á yfirborðinu eru alltaf á þeim einhverjir hnökrar. Það er sennilega ómögulegt að búa til samband þar sem engin vandamál eru til staðar. Það er líka fullkomlega eðlilegt að fólk hafi sínar eigin skoðanir á því hvernig sambönd eigi að vera og því mjög erfitt að samræma það hjá fólki svo úr því verði „hið fullkomna samband".
Það virðist þó sem margir haldi samt sem áður að aðrir lifi í þessari útópíu um hið fullkomna samband. Afskaplega margir halda að grasið sé alltaf grænna hinum megin við girðinguna og jafnvel öfunda fólk af samböndum þess. Það er að sjálfsögðu algerlega út í hött.
Kunningjakona mín sagði einmitt við mig um daginn, í svakalegum pirringi yfir sambandi sínu við manninn sinn, að hún öfundaði svo sameiginlega vinkonu okkar af sambandi hennar. Hún talaði um hversu heppin hún væri að eiga hinn fullkomna mann og hafa fundið hina óendanlegu hamingju! Það fyndna var að þar sem ég veit um öll vandamál hins „fullkomna sambands" vinkonu okkar, gat ég því sannfært hana um ágæti hennar eigin sambands án þess þó að láta uppi vandamál „heppnu vinkonunnar".



Staðreyndin er bara sú að fólk er svo oft óánægt með það sem það hefur á milli handanna. Maður sér sitt eigið samband oft ekki í réttu ljósi, né heldur þau sambönd sem í kringum mann eru, og telur sig því hafa fengið versta bitann.
Málið er auðvitað að horfa á björtu hliðarnar og sjá allt það góða sem maður á og hefur. Ég er þó ekki að mælast til þess að fólk sætti sig við hvað sem er, en það er algert grundvallaratriði að kunna að meta eigið ágæti og hætta að öfunda aðra. Það hefur aldrei neinn dáið af því!



**KYNNIR X-FACTOR** Halla Vilhjálms verður í stemningunni á Nordica um helgina og hver veit nema þátttakendur geti platað hana til að taka undir í upphitun.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Prufur um helgina

Áheyrnarprufur X-factor í Reykjavík fara fram á Hótel Nordica um helgina. Samkvæmt aðstandendum þáttarins hafa yfir eitt þúsund söngvarar og eitt hundrað sönghópar þegar skráð sig, en keppnin er opin bæði einsöngvurum og hópum. Keppendur munu koma fram fyrir forvalsdómnefndir á laugardag, en þær skera svo úr um hvort þáttakendur séu þess verðugir að syngja fyrir dómnefndina, sem þau Einar Bárðar, Páll Óskar og Ellý skipa eins og kunnugt er. X-factor leysir Idolið af hólmi í vetur, og því er aldrei að vita nema fyrrverandi Idol-keppendur nýti sér tækifærið og þenji raddböndin að nýju um helgina.

# Take That með endurkomu ársins

**Breska strákasveitin Take That, sem nýverið tók upp myndband á Íslandi, fékk á dögunum verðlaun fyrir tónleikaferð sína, sem var sú fyrsta í tíu ár. Svo virðist sem vinsældir þessara stráka hafi ekkert dvínað á síðastliðnum áratug.**

Tónleikaferð strákasveitarinnar Take That um Bretland fékk verðlaun sem besta tónleikaendurkoman á bresku Vodafone-tónlistarverðlaununum sem voru afhent á dögunum. Seldi hljómsveitin hálfa milljón miða á tónleikaferðinni. „Vonandi sjáum við ykkur aftur fljótlega á tónleikum, kannski á næsta ári," sagði Mark Owen úr Take That. Aðrar sveitir sem voru tilnefndar til verðlaunanna voru Pink Floyd, The Who og Depeche Mode.



**MEÐ ROBBIE** Robbie Williams var ekki til í að ganga aftur til liðs við sína gömlu félaga.

**Þrjátíu í stað sex**
Owen sagði að kvartettinn hefði upphaflega verið afar óviss um viðbrögðin við endurkomunni, sérstaklega vegna þess að Robbie Williams ákvað ekki að ganga til liðs við sína gömlu félaga á nýjan leik. „Við vissum ekki hvernig salan yrði. Fyrst ætluðum við að halda sex til sjö tónleika," sagði hann. Urðu tónleikarnir um þrjátíu talsins á endanum.

**Fimmtíu milljónir platna**
Take That var stofnuð í Manchester árið 1990 og var hún fyrsta sykursæta strákasveitin til að slá í gegn þar í landi. Áður en Take That lagði upp laupana sex árum síðar hafði hún selt fimmtán milljónir platna og er sú tala núna komin í fimmtíu milljónir.
Meðlimir voru upphaflega þeir Robbie Williams, Gary Barlow, Mark Owen, Jason Orange og Howard Donald. Robbie er sá eini sem hefur náð langt sem sólótónlistarmaður eftir að sveitin hætti og hafði hann ekki áhuga á að taka þátt í endurkomunni þegar hann var beðinn um það.

**Sáu ekkert af landi og þjóð**
Sveitin gaf nýverið út smáskífu við lagið Patience og mun hún fylgja henni eftir með glænýrri plötu í næsta mánuði. Stutt er síðan strákarnir tóku upp myndband við lagið á Reykjanesi, nánar tiltekið við Reykjanesvita, Reykjanesvirkjun og við ströndina. „Þeir komu kvöldið áður og fóru morguninn eftir. Þeir sáu ekkert af landi og þjóð nema vinnumenn í Reykjanesvirkjun og fólk á flugvellinum," segir Hjörtur Grétarsson, sem framleiddi myndbandið fyrir hönd True North. Myndbandið var gert í miklum flýti en engu að síður gengu tökurnar vel fyrir sig.



**ÖFLUG ENDURKOMA** Strákasveitin Take That gerði allt vitlaust þegar hún kom saman á ný fyrir á árinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**Óttar tók upp myndbandið**
Myndatökumaður var Óttar Guðnason, sem m.a. tók upp kvikmyndina A Little Trip to Heaven og mun næst taka upp hasarmyndina Stopping Power í leikstjórn Jan De Bont. Leikstjóri var David Mould, sem hefur m.a. stýrt myndböndum fyrir Placebo, Doves, Starsailor og The Magic Numbers.
freyr@frettabladid.is

**VINSÆLUSTU LÖG**
- Back For Good
- Never Forget
- How Deep Is Your Love
- Pray
- Relight My Fire






# Á lag á safnplötu

Lagið A Little Bit með Sign er eitt af þeim lögum sem koma út á nýrri safnplötu sem tónlistartímaritið Kerrang! hefur sett saman í tilefni af 25 ára afmæli sínu og nefnist New Breed.
Í frétt í Kerrang! í þessari viku segir að disknum sé ætlað að koma á framfæri vinsælustu hljómsveitunum í heimi Kerrang! um leið og varpað er ljósi á nýjar sveitir sem eru að brjótast í gegn.
Sign heldur í sex daga tónleikaferð um Ísland sem hefst í kvöld og endar 20. október á Kerrang! kvöldi Iceland Airwaves. Hljómsveitin er nýkomin úr vel heppnuðum þriggja vikna Evróputúr þar sem hún spilaði á sautján tónleikum í fimm löndum. Smáskífan So Pretty er síðan væntanleg frá sveitinni og verður hún m.a. gefin út á tónlist.is.



**SIGN** Rokksveitin Sign á lag á nýrri safnplötu tónlistartímaritsins Kerrang!

# Flax þeytir skífum

Plötusnúðurinn og upptökustjórinn Lauren Flax frá New York þeytir skífum á Barnum í kvöld. Einnig troða upp DJ Lazer (Jón Atli úr Hairdoctor) og Jack Schidt (Margeir).
Flax hefur spilað víða um heim og er nú á tónleikaferð um Evrópu. Auk Íslands mun hún spila í Kaupmannahöfn, London og París. Einnig hefur hún endurhljóðblandað lög fyrir sveitir á borð við Le Tigre og samið tónlist fyrir sjónvarp og kvikmyndir.



**LAUREN FLAX** Bandaríski plötusnúðurinn Lauren Flax þeytir skífum á Barnum í kvöld.

„Hún er búin að halda fullt af partíum í New York og úti um allan heim. Hún stoppar hérna áður en hún fer lengra til Evrópu," segir Jón Atli og bætir við að hún sé þrusuplötusnúður.
Jón Atli hefur snúið plötum í mörg ár en undanfarið einbeitt sér að því að spila danstónlist. „Ég er dansvænni heldur en ég var og er með fullt af góðu „stöffi" frá Þýskalandi," segir hann.


KRINGLUKAST
DAGANA 12. - 15. OKTOBER
Skyrta áður 4990 nú 2990
Bolur áður 2290 nú 1990
Buxur áður 5990 nú 3590
Jakki Áður 18790 Nú 10990
Buxur áður 10390 Nú 5990
Skyrta áður 6790 nú 3990
úlpa áður 10590 nú 5990
Bolur áður 3290 nú 1990
Gallabuxur áður 6190 nú 3590
Taska áður 3290 nú 1990
Langermabolur áður 2390 nú 1390
Gallabuxur áður 4390 nú 2590
Skór áður 4390 nú 2590
Vesti áður 4690 nú 2990
Bolur áður 790 nú 490
Gallabuxur áður 5390 nú 3290
Joggingpeysa áður 3190 nú 1990
Joggingbuxur áður 2690 nú 1590
NEXT
KRINGLUNNI
sími 551 3200




## SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| MONSTER HOUSE ENSKT TAL | kl. 4, 6 og 8 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL TAL | kl. 3.45 |

## REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| CRANK | kl. 8 og 10.15 |

## Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| TEXAS CHAINSAW MASSACRE | kl. 10 OG 12 B.I. 18 ÁRA |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 6 og 8 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



**David Bowie** mun ljá teiknimyndapersónu úr þáttunum um Svamp Sveinsson rödd sína í einum þætti á næsta ári. Bowie segir í bloggi sínu að hann sé alsæll, en hann fylgist náið með uppátækjum Svamps ásamt sex ára dóttur sinni, Alexandria Zahra. Þar segir hann einnig að hlutverkið sé „hinn heilagi kaleikur“ teiknimyndahlutverka. Bowie hefur áður komið fram í líki teiknimyndapersónu í tölvuleiknum „The Nomad Soul“.



Bowie er ekki einn um að hasla sér völl í teiknimyndum, því selur með nafni og í líki **Ellen Degeneres** mun brátt líta dagsins ljós á vefnum. Selurinn Ellen mun fara fyrir flokki teiknaðra persóna á nýrri vefsíðu á vegum Dawn Saves Wildlife og berjast fyrir verndun náttúrulífs þar sem hann veltir sér á teiknaðri strönd.



**Roger Daltrey,** söngvari hinnar víðfrægu hljómsveitar The Who, fer með hlutverk í væntanlegum CSI-þætti. Rödd hans hefur þó leikið stórt hlutverk í þáttaröðinni frá upphafi, en upphafslag hennar, eins og afsprengnanna CSI: Miami og CSI: NY, er úr smiðju The Who. Framleiðendur þáttaraðarinnar hafa ekki gefið neitt upp um hlutverk Daltreys, sem hefur verið viðriðinn leiklist í ein þrjátíu ár.




ENNEMM / SÍA / NM23842




## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 6 - 8 - 9 -10:10 -11:15 | B.i. 12 |
| JACKASS NUMBER TWO VIP | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | |
| THE THIEF LORD | kl. 4 - 6:15 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| BEERFEST | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 12 |
| NACHO LIBRE | kl. 10:10 | B.i. 7 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| STEP UP | kl. 5:50 | B.i. 7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |

## SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | B.i. 12 | |
| THE THIEF LORD | kl. 4 - 6 - 8 | Leyfð | |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 | B.i. 16 | |
| BÖRN | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 | |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð | |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð | DIGITAL |

Munið afsláttinn

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| BEERFEST | kl. 5:50 - 8 | B.i. 12 |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 | B.i. 16 |

## SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 |
| THE THIEF LORD | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10 | B.i. 12 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




| | | |
|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 6 - 8:30 - 10:10 | B.i. 12 |
| THE QUEEN | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i. 12 |
| INCONVINIENT TRUTH | kl. 8 | Leyfð |
| ZIDANE | kl. 6 - 8 | |
| THE ROAD TO GUANTANAMO | kl.10:10 | B.i. 16 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 6 | B.i.16 |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 tilboð 400 kr | kl. 8:15 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Angelina Jolie segir í viðtali við The Sun að hún „elski" að leika í kynlífssenum með konum. Eins og kunnugt er átti hún í ástarsambandi við fyrirsætuna Jenny Shimizu fyrir nokkrum árum. Fyrr í haust lýsti Brad Pitt því yfir að hann vildi hætta að leika í slíkum atriðum vegna



barna sinna. Angelina er greinilega ekki á sömu buxunum, því að sögn hennar myndi hún ekki hika við að leika í kynlífssenum í framtíðinni.

Það ríkir engin lognmolla í kringum hið fræga par, sem dvelst nú í Indlandi þar sem Angelina leikur í myndinni A Mighty Heart. NBC sagði frá því að bíll með fröken Jolie innanborðs hefði ekið á mann á mótórhjóli í gær. Maðurinn sagði að áreksturinn hefði orðið því bílstjóri Jolie sveigði til hliðar til að forðast hóp ljósmyndara.

Vince Vaughn og Jennifer Aniston slitu samvistum fyrir stuttu en Vince virðist nú þegar búinn að ná sér í nýja. Daman, sem enn hefur ekki verið nafngreind, er leikkona en þau Vince hittust í partíi í London um síðustu helgi þar sem sást til skötuhjúanna kyssast af



áfergju. Nú er að bíða og sjá hvernig Jennifer Aniston bregst við þessu, en miðað við viðbrögð hennar við sambandi Angelinu Jolie og Brad Pitt má búast við nokkurri ólgu.




## **Mest** og **Súperbygg** sameinast undir merkjum **Mest**



Með sameiningunni er orðið til fyrirtæki sem á sér enga hliðstæðu á íslenskum byggingamarkaði. Hjá **MEST** geta byggingaverktakar fengið alla þjónustu sem þeir þarfnast á einum stað sem er nær eingöngu skipaður fagmönnum. Innan tíðar verður **MEST** svo ENN MEIRA þegar ný 3.600 fermetra byggingavöruverslun opnar í Norðlingaholti.

– allt til bygginga

# VERÐUR MEIRA

MEST / Malarhöfða 10, Reykjavík / Bæjarflöt 4, Reykjavík / Bæjarhraun 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði / Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði / Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is

## > Er Helgi í felum?

Það hefur vakið athygli að hvorki hefur heyrst hósti né stuna frá Helga Sigurðssyni síðan ljóst var að hann yrði áfram hjá Fram. Fréttablaðið hefur ítrekað reynt að ná í Helga, sem svarar ekki símanum einhverra hluta vegna. Það kom mjög á óvart þegar Helgi lýsti því yfir að hann vildi komast frá Fram en aðeins sólarhring síðar birtist stutt yfirlýsing á heimasíðu Fram þess efnis að Helgi færi hvergi. Sagan segir að Helgi hafi farið fram á sölu þar sem hann fékk freistandi tilboð frá Val. Ólafur Þórðarson, nýráðinn þjálfari Fram, hafi þá komið þeim skilaboðum til stjórnar að ekki kæmi til greina að sleppa Helga. Hann skyldi fá að að standa við samning sinn við félagið. Helgi á ekki að hafa tekið þeirri niðurstöðu vel enda lítur málið frekar neyðarlega út fyrir hann og stuðningsmenn bíða enn svara um hvað hafi gengið á.



# sport

sport@frettabladid.is

ÁSGEIR DAVÍÐSSON ATHAFNAMAÐUR: KEMUR HANDBOLTALIÐI HK TIL BJARGAR

# Geiri á Goldfinger keypti markvörð

Athafnamaðurinn Ásgeir Davíðsson, oftast kallaður Geiri á Goldfinger, er mikill Kópavogsbúi og dyggur stuðningsmaður HK. Hann hefur stutt handboltalið félagsins með ráðum og dáð síðustu ár og hann kom liðinu til bjargar enn eina ferðina á dögunum þegar þurfti að kaupa markvörðinn Egidijus Petkevicius frá Fram. Forystumenn félagsins hringdu í Geira og báðu hann um aðstoð. Hann skoraðist ekki undan ábyrgðinni og reiddi fram veglega upphæð fyrir markvörðinn svo hann gæti spilað fyrsta leik liðsins í deildinni.

„Ég læt ekki fara illa með neinn í Kópavogi og þarna var verið að fara illa með mína menn, þeir þurftu mína aðstoð og það var alveg sjálfsagt að hjálpa til fyrst ég gat," sagði Geiri við Fréttablaðið í gær en hann sólar sig þessa dagana á Taílandi með eiginkonu sinni.



Svo ánægðir voru HK-menn með aðstoð Geira að þeir kölluðu hann í myndatöku með Petkevicius í Digranesi og þökkuðu honum síðan formlega í frétt sem var birt á heimasíðu félagsins, hk.is.

„Ég hef verið HK-maður alla mína tíð og þetta er mín lífæð. Þetta var einhver slatti af peningum sem ég reiddi fram en ég sé ekkert eftir peningunum," sagði Geiri en Fréttablaðið hefur heyrt af því að fleiri íþróttafélög hafi sett sig í samband við Geira á undanförnum árum og beðið um fjárstyrki.

Nú er knattspyrnulið HK komið í efstu deild og spurning hvort Geiri verði jafn duglegur að styrkja knattspyrnuliðið og handboltaliðið.



**EYSTEINN LÁRUSSON** Líkar lífið vel hjá Þrótti.

Eysteinn Pétur Lárusson:

# Framlengir við Þrótt

**FÓTBOLTI** Fyrirliði Þróttara, Eysteinn Pétur Lárusson, er búinn að ganga frá nýjum þriggja ára samningi við félagið.

Eysteinn hefur verið í lykilhlutverki hjá Þrótti síðustu ár og var valinn leikmaður ársins hjá félaginu á uppskeruhátíð á dögunum. Eysteinn er enn fremur einn reyndasti leikmaður liðsins, með 151 leik á bakinu fyrir félagið.

Nokkur félög hafa borið víurnar í Eystein síðan hann sló í gegn með liðinu á sínum tíma í efstu deild. Þrátt fyrir áhuga sumra „stóru" liðanna hefur Eysteinn haldið tryggð við Þróttara og hann undirstrikaði þá tryggð enn frekar í gær er hann skrifaði undir nýjan samning við félagið.

- hbg

# Arsenal tók Breiðablik í bakaríið

**Breiðablik steinlá á heimavelli fyrir ensku meisturunum í Arsenal. Lokatölur urðu 5-0 þeim ensku í vil og Breiðablik sá aldrei til sólar. Það er erfiður leikur sem bíður Breiðabliks í Lundúnum síðar í mánuðinum.**

**FÓTBOLTI** Breiðablik tók á móti ensku meisturunum í Arsenal í átta liða úrslitum Evrópukeppni meistaraliða í gær. Breiðablik náði að halda Arsenal í skefjum framan af leik en staðan í hálfleik var 1-0. Í síðari hálfleiknum setti Arsenal í fluggír og valtaði yfir Kópavogsliðið. Lokatölur voru 5-0 og því erfiður leikur sem bíður Breiðabliks í síðari viðureigninni.

Ljóst var frá byrjun að Breiðablik ætlaði að spila stífan varnarleik og treysta á að nýta skyndisóknirnar. Arsenal var mun meira með boltann og sótti nánast allan hálfleikinn. Sóknarleikur Breiðabliks var ekki nógu beittur, sótt var á fáum mönnum og of langt var á milli sóknar og miðju.

Fyrsta mark leiksins kom á 32. mínútu þegar Kelly Smith fékk boltann við vítateig Breiðabliks, lék á tvo varnarmenn Blika og skoraði með öruggu skoti á nærstöngina. Fátt annað markvert gerðist það sem eftir lifði fyrri hálfleiks og staðan í hálfleik því 1-0, Arsenal í vil.



**FÓR ILLA MEÐ BLIKA** Julie Fleeting átti góðan leik og skoraði tvö mörk.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Arsenal-stúlkur mættu mjög ákveðnar til leiks í síðari hálfleikinn og fengu hvert færið á fætur öðru í upphafi síðari hálfleiks og það var aðeins stórleikur hjá Þóru B. Helgadóttur í markinu hjá Breiðablik sem hélt Blikum inni í leiknum.

Kelly Smith fann þó leið framhjá Þóru á 67. mínútu og aftur var það góður einleikur hennar sem skóp markið. Þriðja markið skoraði Lianne Sanderson með glæsilegu skoti og síðustu tvö mörk leiksins skoraði Julie Fleeting, fyrrverandi leikmaður Vals.

Leikurinn endaði sem sagt 5-0 fyrir gestina og óhætt er að segja að úrslitin hafi verið sanngjörn miðað við gang leiksins. Breiðablik á nú litla sem enga möguleika á að komast áfram en á móti kemur að liðið mun kannski hafa meira gaman af síðari leiknum og vonandi reyna Blikastelpur að spila boltanum meira með jörðinni. Í þessum leik voru þær oft á tíðum full mikið að flýta sér að sparka langt og hátt.



**DÆMIGERT FYRIR GANG LEIKSINS** Leikmenn Arsenal fagna hér fyrsta marki sínu í leiknum í gær og þær Elín Anna Steinarsdóttir og Laufey Björnsdóttir eru niðurlútar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við ætluðum að koma grimmari til leiks en svona fór þetta. Við mættum sjálfsörugg til leiks og ætluðum að sjá hvert það færi með okkur, ekki gátum við sagst ætla að tapa leiknum, en það sáu það sennilega allir að betra liðið vann hér í dag. Þær eru mjög vel spilandi en mér fannst við gefa þeim fullmikið svigrúm til að spila saman og við hefðum getað pressað þær meira," sagði Guðmundur Magnússon, þjáfari Breiðabliks.

Julie Fleeting skoraði tvö mörk fyrir Arsenal í leiknum en hún lék tvo leiki með Val í sumar. „Það var erfitt að brjóta þær á bak aftur en í lokin var þetta þægilegur sigur. Þetta verkefni er bara hálfnað. Ég vissi að þær væru góðar af því að ég tapaði gegn Breiðablik í sumar þegar ég lék með Val. 5-0 er þægileg staða en við munum ekkert slaka á í síðari leiknum," sagði Julie Fleeting.

dagur@frettabladid.is




Gummersbach lagði Celje í Meistaradeild Evrópu með þriggja marka mun:

# Þrír sigrar í þremur leikjum

**HANDBOLTI** Íslendingaliðið Gummersbach fékk slóvensku meistarana í Celje Lasko í heimsókn í Meistaradeild Evrópu í handbolta í gær. Fram leikur í sama riðli og hefur nú þegar mætt báðum þessum liðum og tapað stórt fyrir þeim báðum. Mikil mannekla er í herbúðum Gummersbach og Alfreð Gíslason þjálfari hafði aðeins níu útileikmenn til taks í leiknum í gær. Það kom þó ekki að sök því að Gummersbach fór með sigur af hólmi með 34 mörkum gegn 31 í hörkuleik.

Gummersbach byrjaði leikinn betur og hafði undirtökin í upphafi leiksins. Smátt og smátt náði Celje Lasko að saxa á forskot heimamanna og í hálfleik var staðan 16-14 fyrir gestina í Celje. Framan af síðari hálfleik náði Celje að halda forskotinu en þegar tíu mínútur voru eftir náðu Gummersbach að jafna metin í 27-27 með marki frá Róberti Gunanrssyni.

Í kjölfarið seig Gummersbach fram úr og stóð að lokum uppi sem sigurvegari. Þrír sigrar í þremur leikjum hjá Gummersbach því staðreynd og Alfreð Gíslason og lærisveinar hans geta vel við unað. Róbert Gunnarsson skoraði sex mörk í sex tilraunum og Guðjón Valur Sigurðsson skoraði þrjú mörk í sjö tilraunum en þrír leikmenn Gummersbach skoruðu sjö mörk í leiknum.



**GUÐJÓN VALUR** Skoraði þrjú mörk fyrir Gummersbach. NORDIC PHOTOS/GETTY

- dsd

Englendingar í sárum - „Here's to you, misses Robinson":

# Steve McClaren tekur ábyrgð á tapinu

**FÓTBOLTI** Steve McClaren, landsliðsþjálfari Englendinga, sagðist taka tapið á sig og það leikkerfi sem hann stillti liði sínu upp í. McClaren spilaði með þrjá miðverði í leiknum og bætti við miðjumanni í staðinn. Króatar báru höfuð og herðar yfir andstæðinga sína og áttu Englendingar varla sókn í leiknum.

„Við töpuðum leiknum þannig að leikskipulagið gekk augljóslega ekki upp," sagði McLaren. „Við munum skoða þennan leik vandlega og ég trúi því að við þurfum að halda áfram að breyta um leikkerfi. Það var mín ákvörðun að breyta þessu og við töpuðum leiknum. Þetta er því á mína ábyrgð."

Steve McClaren sagðist búast við harkalegum viðbrögðum enskra fjölmiðla eftir leikinn og varð það vissulega raunin. Allir eru sammála um að frammistaða liðsins í Króatíu hafi verið skelfileg og ganga sumir jafnvel svo langt að segja að enska landsliðið sé í einhverri mestu lægð sem það hefur verið í frá upphafi.

Götublöðin eru fyrirsagnaglöð eins og ávallt og skella skuldinni á Paul Robinson markvörð, sem missti sendingu Gary Neville fram hjá sér og rann boltinn í markið. Algengt var að snúa út úr textabroti úr frægu lagi eftir Simon & Garfunkel; „Here's to you, misses Robinson."

- esá

# STÆRSTA ÁHORFSKÖNNUN SIRKUS FRÁ UPPHAFI

Um 60 þús. manns á **aldrinum 12 - 39 ára** horfa á Sirkus í hverri viku
Skv. nýrri dagbókarkönnun Capacent Gallup




Ástæðan er einföld - dagskráin okkar hefur aldrei verið sterkari



Tekinn · So You Think You Can Dance · My Name is Earl · Rescue Me · Vanished

SIRKUS TV



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Stendur hann að baki Eggerti? FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Núverandi stjórn West Ham:

## Óttast skuldaaukningu

**FÓTBOLTI** The Guardian segir frá því í gær að núverandi stjórn West Ham hafi áhyggjur af því að yfirtökutilboði Eggerts Magnússonar og fjárfestahóps hans fylgi mikil skuldaaukning hjá félaginu. West Ham hefur minnkað skuldir sínar um fimm milljónir punda á þremur árum og stendur skuldastaða félagsins nú í 24,75 milljónum punda, 3,3 milljörðum króna. Félagið sjálft er metið á 9,8 milljarða króna.

Blaðið segir einnig að Eggert sé studdur af fjárfesti frá Norðurlöndunum sem eigi sjálfur eignir upp á rúma 65 milljarða króna. Þessi fjársterki aðili er ekki nafngreindur en bæði Björgólfur Thor Björgólfsson og faðir hans, Björgólfur Guðmundsson, hafa verið orðaðir við Eggert í þessu samhengi. Björgólfur eldri er annálaður knattspyrnufíkill og er bankastjóri Landsbankans, aðalstyrkaraðila úrvalsdeildar karla. - esá

Enska pressan dugleg:

## Eggert styður Tottenham

**FÓTBOLTI Enskir fjölmiðlar fjalla um allar hliðar yfirtökutilboðs Eggerts Magnússonar í West Ham. The Mirror fjallar um manninn sjálfan í gær og segir hann vera stuðningsmann Tottenham og að uppáhaldsleikmaður hans frá upphafi sé Jimmy Greaves – sem lék reyndar einnig með West Ham á sínum ferli.**

**„Ég vildi alltaf vera framherji sjálfur og þannig haga ég mér í lífinu – framsækinn og metnaðargjarn," er haft eftir Eggerti. Bæði Tottenham og West Ham eru í Lundúnum og er það Eggerti að skapi. „London er mín uppáhaldsborg. Ég eyði miklum tíma þar. Það var fyrsta borgin sem ég heimsótti sem ungur drengur. Þar tala menn tungumál sem ég get skilið."**

**Sagt er frá því að Eggert var formaður Vals áður en hann tók við KSÍ og að hann hafi oft verið sendifulltrúi UEFA á stórum leikjum. Hann er sagður hafa mestan áhuga á að lesa bækur um hagfræði en einnig góðan reyfara til að koma sér í svefninn. - esá**

Vikash Dhorasoo:

## Rekinn frá PSG fyrir gagnrýni

**FÓTBOLTI** Franski miðjumaðurinn Vikash Dhorasoo var rekinn frá Paris Saint Germain á miðvikudaginn. Dhorasoo gagnrýndi leikaðferð þjálfarans, Guy Lacombe, opinberlega eftir að hafa misst sæti sitt í liðinu og verið skikkaður til að spila með áhugamannaliði félagsins. Það þótti Dhorasoo niðurlægjandi og kallaði þjálfarann m.a. lygara.

Þetta er í fyrsta skipti í meira en þrjátíu ár sem franskur leikmaður er rekinn frá frönsku félagi. Nú er bara spurning hvar þessi 33 ára gamli leikmaður spilar næst en Bolton hefur iðulega verið orðað við leikmanninn á síðustu mánuðum. - dsd

Norður-Írland hefur náð frábærum árangri síðan það tapaði fyrir Íslandi:

# Norður-Írar á mikilli siglingu

**FÓTBOLTI** Fyrir nýliðna landsleikjahrinu sagði Lawrie Sanchez, landsliðsþjálfari Norður-Íra, að hann vildi fá fjögur stig úr leikjum liðsins gegn Dönum á útivelli og Lettum heima. Það gekk eftir. Liðið hélt hreinu þessa tvo leiki og dugði því að skora eitt gegn Lettum, sem voru greinilega enn í sigurvímu eftir Íslandsleikinn um síðustu helgi.

„Þrautseigja, karakter og staðfesta leikmanna hafa skilað þessum sjö stigum af níu mögulegum í hús," sagði Sanchez eftir sigurinn á Lettum. „Leikmenn hafa gert stuðningsmennina stolta af liði sínu og það er það sem þeir eiga skilið. Vissulega er enn mikið eftir af undankeppninni en eftir slæma byrjun höfum við náð okkur afar vel á strik."



**DAVID HEALY** Fagnar sigurmarki sínu gegn Lettum í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sanchez sagði að eftir 3-0 tapið fyrir Íslandi í fyrsta leik liðanna í undankeppninni hefðu margir sagt að Norður-Írar væru með lélegt lið. „Við vorum aldrei lélegt lið og í síðustu þremur leikjum hafa 20 leikmenn sýnt hvað í þeim býr. Það er frábært að fara í vetrarfríið með sjö stig."

Danir unnu auðveldan sigur á Liechtenstein í fyrrakvöld og eru með sjö stig, rétt eins og Norður-Írar. Danir eiga þó einn leik inni og mæta Spánverjum í næsta leik. Norður-Írar eiga Liechtenstein á útivelli. - esá

Reading-menn stórhuga:

## Stækkun leikvangs áætluð

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Reading birtu í gær ætlanir um stækkun Madejski-leikvangsins, heimavallar Reading sem leikur í ensku úrvalsdeildinni. Fyrirhugað er að stækka leikvanginn þannig að 38 þúsund manns geti sótt heimaleiki liðsins en í dag tekur leikvangurinn 24 þúsund manns í sæti.

Enn er beðið eftir því að bæjaryfirvöld gefi leyfi sitt á framkvæmdirnar. Með félaginu leika þeir Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson. Liðinu hefur gengið vel það sem af er leiktíðinni og er í sjöunda sæti með þrettán stig. - esá

# Eggert segir að upplýsingum sé lekið í fjölmiðla

**Eggert Magnússon segir að trúnaðarbrestur hafi átt sér stað og það hafi orsakað að áhuga hans á West Ham hafi verið lekið í fjölmiðla. Hann vonast til að viðræður geti hafist fyrir alvöru í næstu viku.**

**FÓTBOLTI** Í gær barst kauphöllinni í Lundúnum tilkynning frá Eggerti Magnússyni þar sem fram kemur að hann hafi ásamt ráðgjöfum sínum hafið viðræður við West Ham um hugsanlegt yfirtökutilboð í félagið.

„Þessi tilkynning var send eftir allt fjölmiðlafárið í fyrradag," sagði Eggert við Fréttablaðið. Sem kunnugt er gegnir hann formennsku í Knattspyrnusambandi Íslands. „Eiginlegar viðræður eru ekki hafnar og get ég varla sagt hvenær þær byrja. En ég vonast til að eitthvað hreyfist í næstu viku."

Hann segir að þegar þetta mál hafi farið af stað hafi verið ákveðið að halda algjöran trúnað. „Ég var hins vegar ekki fyrr kominn út á flugvöll en svo virtist sem sá trúnaður hefði brostið. Ég sá svo að það var farið að leka upplýsingum í fjölmiðla úr ákveðnum herbúðum og þess vegna þarf maður að fara mjög varlega. Ég hins vegar stóð fyrir mínu máli og gerði það eins lítið og auðveldlega og ég gat. Ég hef tjáð mig afar takmarkað um þetta mál."

Mikil athygli fjölmiðla kom Eggerti ekki á óvart en tímasetningin kom honum í opna skjöldu. „Áreitið hefur verið nánast stanslaust. Mér virtist sem margir fjölmiðlar, BBC, Sky og hvað þetta allt heitir, ætluðu bara að koma með næstu vél en ég neitaði öllum viðtalsbónum. Þetta er vitanlega allt annar og stærri fjölmiðlaheimur en við lifum við."



**FÓTBOLTI OG VIÐSKIPTI** Eggert Magnússon hefur gegnt formennsku í KSÍ síðan 1989 og segir það henta sér vel ef fótbolti og viðskipti fari saman. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Málið snýst þó fyrst og fremst um fótbolta, segir Eggert. „Ég hef áhuga á fótbolta og líka viðskiptum. Ef þetta tvennt fer saman er það spennandi. West Ham er líka flott félag og í Lundúnum, sem skiptir máli."

Í frétt BBC í gær er sagt að Kia Joorabchian, Íraninn sem lengi hefur sýnt West Ham áhuga, telji tilboð Eggerts vera „red herring" – falstilboð sem sé til þess gert að slá ryki í augum manna. Eggert þvertók hins vegar fyrir þetta í viðtali við BBC. „Ég hef fylgst með fregnum af þessu máli undanfarið ár og þrátt fyrir að nokkur tilboð hafi borist í félagið hefur ekkert gerst. Ef það eru einhver falsboð eru það hin tilboðin en ekki okkar. Ég myndi aldrei eyða mínum tíma í þetta ef mér væri ekki alvara og mér er alvara nú."

Þeir sem þekkja Eggert vita að hann gengur í öll mál af mikilli röggsemi og með þeim vilja að ljúka þeim sem farsælast og á skjótan máta. Hann neitar því ekki sjálfur. „Hins vegar ræð ég ekki við hvað er mikill hægagangur í kringum kauphöllina og annað í Bretlandi."

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**KEVIN BOND** Kominn til Bournemouth. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kevin Bond:

## Tekur við Bournemouth

**FÓTBOLTI Kevin Bond var í gær ráðinn nýr knattspyrnustjóri enska 2. deildarliðsins Bournemouth. Hann var fyrir skömmu rekinn frá Newcastle þar sem hann var aðstoðarmaður Glenn Roeder. Það átti sér stað eftir að hann kom fram í þætti BBC um spillingu í ensku knattspyrnunni þar sem hann gerði sig líklegan til að þiggja mútur.**

**Bond var á sínum tíma fyrirliði Bournemouth og spilaði meira en 100 leiki fyrir félagið. „Ég byrjaði hér sem lærlingur og endaði sem leikmaður í aðalliðinu. Þetta er því kjörinn staður til að hefja minn knattspyrnustjóraferil," sagði Bond. - esá**

Gunnlaugur Hreinsson, formaður aðalstjórnar Grindavíkur, sendir Sigurði Jónssyni tóninn:

# „Sigurður Jónsson er aumingi"

**FÓTBOLTI** Á heimasíðu Grindavíkur, www.umfg.is, gefur að finna mjög athyglisverðan pistil eftir Gunnlaug Hreinsson, formann aðalstjórnar félagsins. Pistilinn kallar Gunnlaugur „Horft um öxl" og í pistlinum gerir Gunnlaugur upp sumarið hjá knattspyrnuliðinu.

Gunnlaugur er ekkert að skafa utan af því og ákveðnir leikmenn félagsins eru kallaðir miðlungsmenn. Stóru bombunnar eru þó sparaðar til handa fráfarandi þjálfara félagsins, Sigurði Jónssyni, sem Gunnlaugur kallar hreinlega aumingja. Hér að neðan er stiklað á því helsta í pistli Gunnlaugs sem má lesa í heild sinni á heimasíðu Grindavíkur.

*„Þegar Jónas Þórhallsson kynnti í haust nýja þjálfara til starfa hjá knattspyrnudeildinni vaknaði mikil bjartsýni hjá manni [...] Maður fylltist bjartsýni þar sem Sigurður var þekktur fyrir að gefa ungum mönnum tækifæri og sá fram á að efnilegir Grindvíkingar myndu spila í efstu deild sumarið 2006. En það átti að gera meira, það átti að fá sterka leikmenn í meistaraflokk, ekki neina meðalpésa, og þjálfarateymið Sigurður, Magni og Janko, ætluðu að taka til hendinni í unglingaþjálfun. Frábærir hlutir voru framundan í grindvískri knattspyrnusögu.[...] kynntir voru gæðaleikmenn eins og Jóhann Þórhallsson og Jóhann Helgason [...] en eitthvað fór úrskeiðis er maður fór að lesa um miðlungsleikmenn á leið til Grindavíkur. Kristján Valdimarsson frá Fylki, Andri Steinn??? aldrei heyrt minnst á hann og Guðmundur Atli, mesta efni sem til er, en ég hef ekki séð hann spila unglingalandsleik enn þá [...] Þetta var ekki búið, því þegar alvaran blasti við og ekki var útlit fyrir að hægt væri að tala um hlutina og liðið að sökkva stakk þjálfarinn af frá öllu saman, þvílíkur lúser, eða á góðri íslensku, aumingi. Þetta er sárt því þegar maður sá fram á glæsta framtíð kom í ljós mestu vörusvik sem grindvísk knattspyrna hefur kynnst."*



**SIGURÐUR JÓNSSON** Fær tæplega útnefningu sem heiðursborgari í Grindavík af formanni aðalstjórnar félagsins.

EUROPEAN VILLAGE AGENCY
INTERNATIONAL REAL ESTATE

Í samstarfi við HÚSIÐ FASTEIGNASALA

Erum stolt að bjóða ykkur:

# Kynning á eignum erlendis

um helgina

laugardag 14. og sunnudag 15. október

frá kl. 11 - 17

Hótel Ísland - Ásbyrgi

Ármúla 9, Reykjavík



Spánn frá
8.256.000
ISK

Sérfræðingar í
fasteignaviðskiptum
á Spáni og Thailandi verða á
staðnum báða dagana

Auk þess eru fulltrúar frá
RODA GOLF & BEACH CLUB
sem eru á glæsilegasta
svæðinu á Costa Calida
ströndinni



Thailand frá
4.345.000
ISK



Spánn, Thailand og
Búlgaría

Ekki missa af þessu

gunnar@husid.is



**GARETH O´SULLIVAN** Þjálfar kvennalið Aftureldingar næsta sumar.

Afturelding:

## Teflir fram kvennaliði

**FÓTBOLTI** Afturelding hefur ákveðið að spýta í lófana í kvennaboltanum og teflir fram liði í 1. deild kvenna á næsta ári en tíu ár eru síðan Afturelding var síðast með lið í meistaraflokki kvenna.

Unglingastarfið hefur aftur á móti verið með miklum sóma og nú er komið að því að stelpurnar fái tækifæri með meistaraflokki. „Þetta eru gríðarlega efnilegar stelpur og á aldrinum 16-22 ára,“ sagði Hallur Birgisson, formaður meistaraflokksráðs kvenna. Afturelding kynnti í gær nýjan þjálfara félagsins sem er Írinn Gareth O´Sullivan en hann hefur verið að þjálfa kvennalið í Bandaríkjunum undanfarin ár með góðum árangri.

„Hann er mjög hæfur þjálfari og við höfum miklar væntingar til hans. Það er mikil metnaður hjá okkur og stefnan er að gera Aftureldingu að stórveldi í kvennaboltanum á nokkrum árum,“ sagði Hallur. **- hbg**

Þýsku liðin töpuðu:

## Unnum besta lið í heimi

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fóru fram í fjórðungsúrslitum Evrópukeppni félagsliða kvenna í fyrradag og kom það helst á óvart að þýsku liðin Frankfurt og Potsdam töpuðu sínum leikjum. Kolbotn frá Noregi vann Frankfurt, 2-1, og danska liðið Bröndby vann 3-0 sigur á Potsdam, sem vann stóran sigur á Val í sömu keppni í fyrra.

Solveig Gulbrandsen skoraði bæði mörk Kolbotn og segir hún að liðið hafi unnið besta félagslið heims í dag. Norskir fjölmiðlar segja sigurinn einn þann besta í sögu landsins. **- esá**



**ÁRNI GAUTUR** Gerði sig sekan um álíka mistök og Paul Robinson á sínum tíma.

Norskir fjölmiðlar:

## Robinson gerði eins og Árni

**FÓTBOLTI** Norskir fjölmiðlar rifja upp atvik sem átti sér stað í leik Vålerenga í næstsíðustu umferð norsku úrvalsdeildarinnar í fyrra. Þá missti Árni Gautur af sendingu samherja og boltinn lak í netið, rétt eins og gerðist hjá Paul Robinson, markverði Englendinga, í Króatíu í fyrradag.

„Þetta lítur ótrúlega heimskulega út en ég gat ekkert að þessu gert,“ sagði Árni Gautur eftir atvikið í fyrra og hefur Robinson tekið í sama streng. **- esá**

Júlíus Jónasson og Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson endurnýja samstarfið á nýjum vettvangi:

# Júlíus þjálfar handboltalandslið kvenna

**HANDBOLTI** HSÍ hefur komist að samkomulagi við þá Júlíus Jónasson og Finnboga Grétar Sigurbjörnsson um að taka að sér þjálfun kvennalandsliðs Íslands í handbolta. Júlíus verður aðalþjálfari liðsins og Finnbogi honum til aðstoðar en þeir þjálfuðu lið ÍR í sameiningu í mörg ár. Taka þeir við af Stefáni Arnarssyni, sem hefur stýrt kvennalandsliðinu undanfarin ár.

Júlíus er nú í fyrsta skipti að þjálfa kvennalið í handbolta. „Þetta er vitanlega sama íþróttin en annar hópur og maður þarf að haga sér samkvæmt því. Ég lít á þetta sem mjög skemmtilegt verkefni og það hafði helst áhrif á mína ákvörðunartöku.“

Hann var á síðasta tímabili aðstoðarmaður Finnboga hjá ÍR eftir að þeir höfðu víxlað hlutverkum. „Það var auðvitað mjög frábrugðið árinu á undan en síðan tímabilinu lauk hef ég ekkert skipt mér af handbolta. Það hefur verið ágætur tími en handboltinn kitlar alltaf. Ætli megi ekki segja að Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, hafi náð að „selja“ mér þetta verkefni því ég var ekki spenntur upphaflega að fara aftur svo fljótt í þjálfun.“

Júlíus segist þekkja mun betur til handbolta karla en kvenna en því standi til að breyta. „Nú liggur fyrir að ég þurfi að fara grimmt á leiki enda er stutt í næstu leiki landsliðsins. En það hefur verið mikill uppgangur í handboltanum og í landsliðinu hefur verið unnið mjög gott starf. HSÍ er einnig að fara að sinna þeirri hlið mjög vel.“

Strax í lok mánaðarins fara Júlíus og Finnbogi með landsliðið á æfingamót í Hollandi þar sem það mætir liðum Brasilíumanna, Tékka, Portúgala og heimamanna.



**JÚLÍUS JÓNASSON** Gömul hetja með landsliðinu og þjálfaði ÍR með góðum árangri.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mánuði síðar er komið að keppni í riðli Íslands í forkeppni HM í handbolta. Hann verður leikinn í Rúmeníu og auk heimamanna og Íslands eru Ítalía, Portúgal og Aserbaídsjan í riðlinum. **- esá**

# Tvíburarnir á leið til FH ef þeir halda áfram að spila

**Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir munu ekki leika áfram með ÍA, eins og fram hefur komið. Þeir hafa hafnað tilboðum frá neðrideildarliðum um þjálfun og herma heimildir Fréttablaðsins að þeir fari til FH ef þeir spili yfirleitt.**

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hafi ákveðið að ganga til liðs við FH og spila með liðinu næsta sumar, ef þeir hafa yfirleitt áhuga á því að halda áfram í knattspyrnunni. Arnar sagði við Fréttablaðið í gær að ákvörðun væri væntanleg í næstu viku, en þá ekki með hvaða liði þeir spila heldur hvort þeir hafi áhuga á að halda áfram að spila knattspyrnu af fullum krafti.

Heimildir herma einnig að Arnar og Bjarki hafi verið reiðubúnir að ganga til liðs við FH í fyrra ef þeir hefðu ekki átt þann kost að fara til ÍA, æskufélagsins.

„Ég myndi ekki ganga svo langt að segja að við værum búnir að leggja skóna á hilluna,“ sagði Arnar. „En við erum að taka okkur nægan tíma til að skoða okkar mál. Það er þó ljóst að við munum ekki þjálfa á næsta sumri og höfum við hafnað þó nokkrum tilboðum þess efnis frá liðum í neðri deildum. Við erum ekki að leitast eftir því að þjálfa eins og er.“

Hann viðurkennir að lið úr Landsbankadeildinni hafi sett sig í samband við þá síðan tímabilinu lauk, enda eru þeir samningslausir og því öllum frjálst að ræða við þá. „Ef við spilum verður það vonandi með toppliði í Landsbankadeildinni.“



**ARNAR OG BJARKI** Náðu góðum árangri með ÍA á seinni hluta tímabilsins í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Arnar og Bjarki tóku við ÍA um mitt sumar er liðið var í miklum vandræðum og björguðu liðinu frá falli. Þeir hafa ekki réttindi sem þjálfarar en hafa hug á að bæta úr því. „Ég býst við því að við fáum fyrsta og annað stigið metið og förum svo á námskeið til að klára þriðja stigið í febrúar. Ætli þetta ferli taki ekki um eitt ár og verður gott að vera með þessi réttindi ef eitthvað spennandi kemur upp á síðar.“ **eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**



**LÁRUS GUÐMUNDSSON** Á í viðræðum við Stjörnuna.

Þjálfaramál Stjörnunnar:

## Lárus að taka við Stjörnunni?

**FÓTBOLTI Lárus Guðmundsson hefur átt í viðræðum við forráðamenn knattspyrnudeildar Stjörnunnar um að hann taki við þjálfun meistaraflokks félagsins. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær.**

**„Það gæti vel verið,“ sagði hann spurður um þetta. „Viðræðurnar hafa gengið ágætlega en ég á annars erfitt með að tjá mig um málið á þessari stundu.“**

**Jörundur Áki Sveinsson hefur þjálfað Stjörnuna undanfarið en það varð ljóst í síðustu viku að hann yrði ekki áfram með félagið.**

**Lárus hefur áður þjálfað Aftureldingu og Víking en hefur síðastliðin tvö ár þjálfað annan flokk Stjörnunnar.** **- esá**

Reynir Leósson skrifaði undir þriggja ára samning við Fram:

# Vanur því að vera í toppslag og titilbaráttu

**FÓTBOLTI** Reynir Leósson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Fram. Reynir er 27 ára gamall og hafði alla sína tíð spilað með ÍA þar til hann fór frá félaginu fyrir ári síðan og samdi við sænska 1. deildarliðið Trelleborg. Þar meiddist hann á versta tíma og fékk því lítið að spreyta sig. Hann ákvað því að snúa heim og samdi við Fram, þar sem hann hittir fyrir sinn gamla þjálfara, Ólaf Þórðarson.

„Ég er auðvitað mjög sáttur,“ sagði Reynir í gær. „Og vonandi að báðir aðilar séu ánægðir með samninginn en ég hef mikla trú á því sem er í gangi hjá Fram þessa dagana.“

Hann neitar því ekki að það hafi kitlað verulega að snúa aftur upp á Skipaskaga. „Auðvitað kitlaði það mikið enda hef ég spilað þar alla mína tíð. Ég átti í viðræðum við þá en okkur tókst ekki að ná saman. En það lágu einnig aðrar ástæður fyrir því að ég fór til Fram, til að mynda það að ég og kona mín ætlum að vinna í Reykjavík.“



**REYNIR LEÓSSON** Klæðist bláu næsta sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Reynir er góður vinur Gunnlaugs Jónssonar enda spiluðu þeir lengi saman uppi á Skipaskaga. Gunnlaugur fór til KR fyrir tímabilið og vill Reynir ekki segja hvort það hafi komið til greina að endurnýja það samstarf. „Við verðum áfram góðir vinir og mætumst núna á vellinum sem andstæðingar. Ég mun örugglega taka hressilega á honum, það verður hart barist.“

Fyrir skömmu tók Ólafur Þórðarson við starfi þjálfara hjá Fram en hann þjálfaði Reyni í sex ár hjá ÍA auk þess sem þeir léku saman á fyrstu árum Reynis með meistaraflokki ÍA. „Það hafði sitt að segja að Óli tók við Fram. Hann þekkir mig og ég hann og ber ég mikla virðingu fyrir honum. Það var líka ágætt að ég náði að hvíla mig á honum í eitt ár,“ sagði Reynir og hló.

Helgi Sigurðsson fór fram á það fyrr í vikunni að hann yrði leystur undan samningi sínum við Fram en hann er fyrirliði liðsins og lykilmaður í sókninni. Helgi ákvað hins vegar að efna sinn samning eftir viðræður við stjórn knattspyrnudeildarinnar og er Reynir því feginn. „Ég get ekki neitað því. Ég þekki hann ekki persónulega en það segir sig sjálft að hann er sterkur leikmaður og mikilvægt fyrir liðið að halda sínum sterkustu mönnum og bæta við sig. Annað væru hreinlega röng skilaboð.“

Þegar talið berst að metnaði fyrir næsta sumar segir Reynir það of snemmt að segja til um metnað liðsins. „En ég er alinn upp við það að vera í toppbaráttu og berjast um titla. Og það verður áfram mitt markmið.“ **- esá**


X FACTOR
EKKI MISSA
AF TÆKIFÆRI
LÍFS ÞÍNS!
Á MORGUN Á HÓTEL NORDICA.
Við skorum á alla eldri en 16 ára,
söngvara og sönghópa að mæta.
SKRÁNING Á XFACTOR.IS
Á MORGUN!
Í SAMSTARFI VIÐ
Esso

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Even if you were my brother I'd still want to fuck you."**

Svar: Wanda (Jamie Lee Curtis) úr myndinni A Fish Called Wanda frá 1988.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON

# *Karmareikningar í plús og mínus*

Ég hef enga yfirsýn yfir það hversu gott úrval af gamanþáttum sjónvarpsstöðvarnar bjóða upp á enda hneigist ég frekar til glæpa þegar það kemur að sjónvarpsglápi. Sjónvarpsgrínið höfðar því ekki til mín nema í örfáum tilfellum sem skýrist að einhverju leyti af því að skopskyn mitt er svo brenglað og á lágu plani að ég hafði gaman af bóksöluþáttunum Stacked með Pamelu Anderson á Sirkus.

Þetta gengur meira að segja svo langt að ég hef saknað þáttanna eftir að þeir runnu sitt skeið en hvítaruslið Earl hefur nú fyllt skarð Pamelu svo hressilega að söknuðurinn er að engu orðinn. My Name is Earl hafa það líka óumdeilanlega fram yfir Pamelugrínið að þeir eru virkilega fyndnir enda kannski ekki við öðru að búast þegar annar eins eðalleikari og Jason Lee er á ferðinni. Earl er dásamlegur í meðförum hans og endalaust brölt hans við að núllstilla



**EARL** Þessi geðþekki vitleysingur hressir heldur betur upp á þriðjudagskvöldin.

karmareikninginn býður upp á ótal möguleika. Auðunn Blöndal kemur í kjölfar Earls á þriðjudögum á Sirkus með nýja þáttinn sinn Tekinn. Þetta er einhvers konar íslensk staðfærsla á Punked'með Aston Kutcher og Auðunn fíflast í þekktum íslendingum. Það er ekki sanngjarnt að dæma nýja þætti eftir að aðeins einn þáttur hefur farið í loftið en mér sýnist Auðunn fara ágætlega af stað. Góðir hrekkir eru fínt sjónvarpsefni en það er hætt við því að það þurfi að teygja aðeins á lopanum til þess að einn brandari nái að fylla heilan þátt.

Auddi er hins vegar nógu léttur og hress til þess að fylla í eyðurnar og miðað við þennan fyrsta þátt þá ætti þessi sjónvarpstilraun hans að geta gengið upp þótt hann sé nú varla að leggja mikið inn á karmareikninginn með því að hrella blessað fallega og fræga fólkið.



▶ 20.10 *Gaman*

MISTERY MEN




▶ 20.55 *Gaman*

BALLS OF STEEL



▶ 23:00 *Spenna*

X-FILES



▶ 19.45 *Gaman*

EVERYBODY HATES CHRIS



▶ 20.45 *Fréttaþáttur*

MEISTARADEILDIN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Snillingarnir

**18.30 Ungar ofurhetjur (25:26)** (Teen Titans II)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Ofurhetjur** (Mystery Men) Bandarísk gamanmynd frá 1999 um ólánlegar ofurhetjur sem þurfa að taka til sinna ráða eftir að einu alvöruhetjunni í bænum er rænt. Hank Azaria, Claire Forlani, Janeane Garofalo, Greg Kinnear, William H. Macy, Geoffrey Rush, Ben Stiller og Tom Waits leika.
**22.10 Roðinn í austri** (Red Corner) Bandarísk spennumynd frá 1997. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.15** Sextán ára (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 14 ára. e) **2.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (108:145) **10.20** The Comeback (2:13) **10.50** Það var lagið **12.00** Hádegisfréttir

**12.40** Neighbours **13.05** Í fínu formi 2005 **13.20** My Sweet Fat Valentina **14.05** My Sweet Fat Valentina **14.50** Extreme Makeover: Home Edition **16.10** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Simpsons **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 The Simpsons (17:22)** (Simpsons-fjölskyldan) Herra Burns ákveður í hagræðingarskyni að loka kjarnorkuverinu í Springfield og flytja það til Indlands. Alvöru Bollywood-ævintýri með Simpson-fjölskyldunni.
**20.30 Freddie (4:22)** (After Hours)
▶ **20.55 Balls of Steel (4:7)** (Fífldirfska)
**21.30 Entourage (7:14)** (Viðhengi)
**22.00 Chain Reaction** (Keðjuverkun) Hörkuspennandi vísindatryllir með stórleikurunum Keanu Reeves, Morgan Freeman og Rachel Weisz.

**23.45** Charlie's Angels: Full Throttle (Bönnuð börnum) **1.30** Live From Bagdad **3.15** Johns (Stranglega bönnuð börnum) **4.50** Freddie (4:22) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.00** Entertainment Tonight (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Rock School 1 (e)** aldurshópum.
**20.00 Wildfire**
**20.45 Blowin/ Up (e)** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar
**21.15 South Park (e)**
**21.45 Chappelle/s Show (e)** Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.
**22.15 Smallville (e)** (Vessel) Þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum.

▶ **23.00** X-Files (e) **23.45** Hell's Kitchen (e) **0.30** Entertainment Tonight (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Sigtið (e)

**15.00** The King of Queens (e) **15.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
▶ **19.45 Everybody Hates Chris – lokaþáttur (e)**
**20.10 Trailer Park Boys**
**20.35 Parental Control**
**21.00 The Biggest Loser** Gríðarlega vinsæll raunveruleikaþáttur um baráttuna við mittismálið. Að þessu sinni eru liðin kynjaskipt til að sjá hvort það sé rétt að karlar eigi auðveldara með að grennast en konur. Þjálfarinn Jillian Michaels stjórnar körlunum og Bob Harper konunum.
**21.50 Law & Order: Criminal Intent**
**22.40 Masters of Horror**

**23.30** C.S.I: Miami (e) **0.20** Conviction (e) **1.10** C.S.I: New York (e) **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Tvöfaldur Jay Leno (e) **5.00** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

*besta sætið*

**18.30 US PGA í nærmynd**
**18.55 Gillette Sportpakkinn**
**19.25 Spænski boltinn – upphitun** (La Liga Report)
**19.50 HM í Súpercross GP** (Reliant Astrodome)
▶ **20.45 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
**21.15 KF Nörd (7:15)** (Fjölmiðlafár í Borgarnesi) Stákarnir eru langt frá því vera búnir að gefast upp. Næsta verkefni þeirra er að mæta landsfrægum fjölmiðlamönnum í sannkölluðum hörkuleik. Meðal leikmanna sem þeir mæta eru, Hermann Gunnarsson, Simmi Idold, Ívar Guðmundsson á Bylgjunni og margir fleiri.
**22.00 Heimsmótaröðin í póker**

**23.30** Pro bull riding

## SKJÁR SPORT

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e)
**18.00** Upphitun
**18.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e)**
**19.30 Man. Utd. – Newcastle (e) Frá 30.09**
**21.30 Upphitun (e)** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**22.00 Bolton – Liverpool (e) Frá 30.09**
**0.00** Dagskrárlok

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir
**19.00 Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00 Nýtt í vikunni**
**21.00 Einbýlishús**
**22.00 Fjölbýli og hæðir**
**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **14.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **15.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **16.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **17.00** Sexiest Supermodels **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Naomi Campbell THS **20.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Red Carpet Divas **0.00** Naomi Campbell THS **1.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



## VIÐ MÆLUM MEÐ

**SKJÁREINN KL. 22.40**

### Masters of Horror

Margir af helstu hryllingsmyndaleikstjórum samtímans hafa lengi alið með sér þann draum að vinna að sameiginlegu verkefni. Sá draumur er orðinn að veruleika og er þetta útkoman: Þrettán hryllingskvikmyndir frá þrettán þekktum leikstjórum.



Hver mynd er klukkutími að lengd en meðal höfunda eru Joe Dante („The Howling", „Gremlins"), John Landis („An American Werewolf in London") og John Carpenter („Halloween", „The Thing").
Fyrir aðdáendur hryllingsmynda eru þessir þættir hvalreki svo það er um að gera að slökkva ljósin og koma sér vel fyrir í kvöld.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | 7 | | | 6 | |
| | | 6 | | | | 4 | 5 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | 6 | 9 | | | | |
| 4 | 9 | | 3 | | 5 | | 7 | 2 |
| | | | | 2 | 8 | | 1 | |
| 8 | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | 7 | | | 8 | 1 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 6 | 7 | 4 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 9 | 7 | 3 | 5 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 8 | 5 | 1 | 4 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 8 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 5 | 8 |
| 4 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 |
| 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 1 | 7 | 4 |



▶ **18.00** *Gaman*

RAT RACE

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Pokemon 4 **8.00** Rat Race **10.00** Virginia's Run

**12.00** National Treasure **14.10** Pokemon 4 **16.00** Virginia's Run ▶ **18.00** Rat Race

**20.00** **National Treasure** (Þjóðargersemi) Hreinræktuð ævintýramynd. Nicolas Cage leikur fjársjóðsleitarmann sem lifir fyrir það eitt að finna fjársjóðinn sem faðir hans, afi og aðrir forfeður hafa leita af um aldir alda. Og loksins þegar ar hann kemst á sporið, kemst að því hvar fjársjóðskortið er að finna, þá kemur í ljós að það er falið á erfiðasta og best varðveittasta stað sem um árgetur.

**22.05** **True Lies** (Sannar lygar)

**0.25** Trauma (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** Avenging Angelo (Bönnuð börnum) **4.00** True Lies (Stranglega bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn

**19.00** Lög unga fólksins **19.30** Af bókmenntum ársins 1956 **20.10** Okkar strákur í Króatíu **21.05** Út um víðan völl: Brúðkaupsferð **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **22.10** Næturvaktin **2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




## HRÓSIÐ ...



*... fær hinn stórhuga formaður KSÍ, Eggert Magnússon, sem í félagi við fjársterka menn ætlar að kaupa knattspyrnufélagið West Ham United.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** hrjúf **6** jákvætt svar **8** því næst **9** svif **11** rykkorn **12** víður **14** trufla **16** til dæmis **17** dreift 18 rekkja **20** guð **21** land.

**LÓÐRÉTT**
**1** gljúfra **3** í röð **4** ógætinn **5** drulla **7** frávik frá aðalefni **10** angra **13** suss **15** megin **16** þrí **19** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** gróf, **6** jú, **8** svo, **9** áta, **11** ar, **12** rúmur, **14** raska, **16** td, **17** sáð, **18** rúm, **20** ra, **21** íran. **LÓÐRÉTT: 1** gjár, **3** rs, **4** óvarkár, **5** for, **7** útúrdúr, **10** ama, **13** uss, **15** aðal, **16** tví, **19** ma.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Mikhaíl Gorbatsjov.
2. Emilíana Torrini.
3. Kvennalið Breiðabliks.




Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Allt um allt
sem skiptir
máli í Reykjavík
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG


# Drekktu bíl fyrir Nissan

Einhver flottasta bílaauglýsingin í langan tíma birtist nú á skjám landsmanna. Þar má sjá nýjustu gerðir 4x4 jeppanna frá Nissan þeysast yfir fjöll og firnindi á Íslandi og láta sig engu varða þótt þeim mæti einhverjar hindrandir, þeir breytast bara í alls konar dýr í staðinn sem auðveldar för þeirra. „Við vorum að í fimm daga og þetta voru langir og erfiðir dagar, eins og reyndar alltaf,“ segir Jón Lindsay sem stjórnaði upptökunum fyrir hönd Saga Film en þær fóru fram á Suðurlandi og Reykjanesi. Franska fyrirtækið Le Pac á heiðurinn að auglýsingunni og segir Jón að útkoman hafi verið betri en hann þorði að vona. „Ég hafði gert mér í hugarlund hvernig auglýsingin átti að líta út en þetta var mun flottara en ég hafði séð fyrir mér,“ segir Jón. Um fimmtíu manns komu að gerð hennar og kostnaðurinn við gerð hennar hér á landi er talinn hlaupa á nokkrum tugum milljóna en auglýsingin í heild sinni kostaði í kringum hundrað milljónir. „Við fengum að gera hluti sem við gerum venjulega ekki eins og að drekkja bíl,“ segir Jón, en alls voru fimm bifreiðar notaðar við gerð auglýsingarinnar og var íslenskur ökumaður, Sigmundur Sæmundsson, undir stýri allan tímann. „Hann var fenginn til verksins vegna reynslu sinnar af jöklaakstri,“ segir Jón en Sigmundur þótti svo góður að franskur ökumaður sem fylgdi Le Pac var bara sendur heim eftir að íslenski ökumaðurinn hafði leikið listir sínar uppi á jökli.



**X - TRAIL** Er einn þeirra bíla sem stökkbreytast eins og hinar gömlu Transformers-fígúrur.



**Á TÖKUSTAÐ** Nýja Nissan-auglýsingin þykir einstaklega vel heppnuð en það var Jón Lindsay sem stjórnaði tökunum hér á landi.



**SIGMUNDUR SÆMUNDSSON** Auðveldaði Saga Film nokkuð verkið því hann keyrði jeppana sjálfur upp á jökul án nokkurra vandkvæða.

MAGNI ÁSGEIRSSON: TEKUR EKKI ÞÁTT Í TÓNLEIKAFERÐ ROCK STAR: SUPERNVOVA

# Er bæði sár og svekktur

Allt er komið í háaloft vegna tónleikaferðar Rock Star: Supernova sem gert var ráð fyrir að hæfist á næstunni. Húshljómsveitinni mögnuðu sem spilaði undir hjá keppendum í raunveruleikaþættinum hefur verið sparkað sem upphitunarbandi og hljómsveit Tobys, Juke Cartel, verið fengin í staðinn. Þetta þýðir að Magni „okkar“ Ásgeirsson mun ekki fara til Bandaríkjanna eins og til stóð og hita upp með Húshljómsveitinni ásamt þeim Storm, Dilönu og Toby.

„Supernova-ferðalagið er í höndunum á umboðsmanni en ekki aðstandendum þáttanna,“ útskýrir Magni. „Þetta snýst um peninga enda kostar Húshljómsveitin töluvert meira en hljómsveitin hans Tobys, sem þeir fá örugglega fyrir ansi lítið,“ bætir hann við. „Auðvitað er maður sár og svekktur. Það er búið að bjóða mér annað verkefni sem ég vil ekki tjá mig um fyrr en það er niðurneglt en að sjálfsögðu er ég ekkert ánægður með þetta,“ lýsir Magni yfir og segist vita af því að fjölmargir aðdáendur sjónvarpsþáttanna hafi verið búnir að panta sér miða á tónleikana til að berja þátttakendurna augum en telji sig nú vera svikna.

„Það er allt í háalofti,“ lýsir söngvarinn yfir og segir ekki útilokað að Húshljómsveitin fari sjálf í túr með honum, Storm og Dilönu sem verði sett til höfuðs Supernova-tónleikaferðinni. „Slíkur er andinn,“ útskýrir Magni en þetta sé þó meira í orði en á borði. „Það hefði vafalítið ekki verið öfundsvert fyrir Lúkas og félaga að standa á sviði eftir að Húshljómsveitin væri búin að ljúka sér af,“ segir Magni, sem augljóslega hefur mikið dálæti á þeim félögum.

Á aðdáendasíðu Magna, www.magni-ficent.com, segir söngvarinn að í burðarliðnum séu tónleikar með þessari rómuðu hljómsveit hér á landi og að þeir verði haldnir á afmælisdegi Magna, 1. desember. Magni sjálfur vildi ekki staðfesta eitt eða neitt, sagði enn nokkra lausa enda en Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að búið sé að panta Laugardalshöllina og ekki ólíklegt að á fullveldisdaginn muni Magni stíga á svið með hljómsveitinni ásamt vinum sínum, þeim Dilönu, Toby og Storm.

freyrgigja@frettabladid.is



**FER EKKI TIL BANDARÍKJANNA** Húshljómsveit þáttanna Rock Star: Supernova mun ekki hita upp fyrir samnefnda hljómsveit, sem þýðir að Magni mun ekki taka þátt í túrnum eins og gert hafði verið ráð fyrir.



**DILANA** Mun væntanlega sækja landann aftur heim á sérstökum afmælistónleikum Magna í Laugardalshöll.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Glúmur Baldvinsson** alþjóðastjórnmálafræðingur íhugar nú að gefa á sér kost í komandi prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Ef svo fer sem horfir stefnir Glúmur á 4. til 6. sætið. Kratar hafa bundið við það vonir að faðir hans, sjálfur **Jón Baldvin Hannibalsson,** fari fram fyrir Samfylkinguna og var þá litið til Kragans í því sambandi. Ekkert varð af því en Jón Baldvin mun ekki hafa gefið það alfarið frá sér að fara fram í Reykjavík og myndu þeir þá kljást þar feðgar.



Útvarpsmaðurinn geðþekki **Ólafur Páll Gunnarsson** er duglegur við að kynna landsmönnum það heitasta í tónlist í þætti sínum Rokklandi. Þannig er Ólafur oft með viðtöl við skemmtilega tónlistarmenn í bland við kynningu á tónlist þeirra og setur hann einatt sinn svip á viðtölin. Á dögunum var Ólafur með viðtal við Kaiser Chiefs, hljómsveit sem spilar á Airwaves um næstu helgi, og fengu liðsmenn sveitarinnar orð í eyra frá útvarpsmanninum fyrir að hafa ekki viljað ljá honum eitt laga sinna á næstu Rokklandsplötu sem hann tekur saman. Kaiser Chiefs vörðust gagnrýni Ólafs fimlega, sögðu þetta ekki hafa verið sína ákvörðun, en augljóst var að Rokklandsstjóranum hafði ekki líkað framkoma þeirra.



Til stóð að **Silvía Nótt** myndi kveðja sér hljóðs á ný eftir dágott frí með spánýju lagi og myndbandi. Tökur áttu að hefjast hvað af hverju en tregða í lausafjárstreymi bakhjarla Silvíu hefur víst gert að verkum að myndbandinu var slegið á frest um óákveðin tíma. Hvort glamúrdrottningin fari á stjá myndbandslaus með nýtt lag er óvíst, jafnvel ólíklegt.



- jbg/hdm/bs

# Blaut tuska í andlit tónlistarmanna

„Mér finnst það bara hörmulegt að tónlistin skuli alltaf mæta afgangi hjá þessu blessaða fólki,“ segir Magnús Kjartansson, framkvæmdastjóri Félags tónskálda og textahöfunda.

Samkvæmt tillögum stjórnvalda verður virðisaukaskattur lækkaður úr fjórtán prósentum í sjö m.a. á bókum og tímaritum en ekki geisladiskum. Magnús er undrandi á þessari ákvörðun. „Af hverju þarf bókin að hafa svona mikið forskot á annað afþreyingarefni?“

Að sögn Magnúsar eru samtökin ekki búin að ákveða hver viðbrögðin verði við þessari tillögu. „Við erum rétt farin að hugsa um þetta. Þetta kom eins og blaut tuska framan í okkur og við erum rétt að þurrka okkur í framan.“

Vonar hann að stjórnvöld sjái að sér í þessu máli. „Ég vona að stjórnvöld beri gæfu til að mismuna ekki listgreinum eða skapi mismunun í menningarkerfinu öllu. Þeir eru ekki búnir að átta sig á því að það sem þeir héldu að væri bókmenntaþjóð er tónlistarþjóð, án þess að ég sé að hallmæla bókmenntum, sem ég er mjög hrifinn af.“

Magnús segir að 90% af allri íslenskri tónlistarútgáfu beri sig ekki og fólk geri þetta mest af hugsjóninni einni saman. Þess vegna kæmi það sér afar vel ef stjórnvöld ákvæðu að lækka virðisaukaskattinn. - fb



**MAGNÚS KJARTANSSON** Framkvæmdastjóri FTT er afar undrandi á tillögum stjórnvalda um að lækka ekki virðisaukaskatt á geisladiskum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# VELDU ÞITT EIGIÐ ÍSLENSKA PAR!

Úrval hágæða Whirlpool þvottavéla og þurrkara á frábæru verði!

DÆMI

**Whirlpool AWO9765**
1400 snúninga og 6kg þvottavél með stafrænu kerfisvali.
6th Sense - Skynjar óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma
Þvotthæfni A
Orkunýting A+
Vinduhæfni B
Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir

**Fullt verð kr. 79.990**
**Tilboðsverð kr. 69.995**

**Whirlpool AWZ9811**
Tvíátta og 6kg barkalaus þurrkari með rakaskynjara og krumpuvörn
2 hitastig
6th Sense rakaskynjari
Affallsslanga beint í vegg
Kaldur blástur og krumpuvörn
Íslenskur leiðarvísir

**Fullt verð kr. 74.990**
**Tilboðsverð kr. 64.990**

**KEYPT SAMAN** Kr.119.995

SÉ PARIÐ TEKIÐ SAMAN ER HEIMILISLEGRA VERÐ Á PAKKANUM

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

ÍSLENSK STJÓRNBORÐ OG ÍSLENSKIR LEIÐARVÍSAR

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**

SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

## *Einn getur breytt öllu*

Ísland er svo fámennt að hugtakið „maður kemur í manns stað" á yfirleitt ekki við hér. Stundum geta liðið margir áratugir á milli þess að góður maður hverfi og annar af svipuðu kaliberi komi í hans stað.

**VIÐ** erum svo fámenn að hugtakið „það eru fleiri fiskar í sjónum" á heldur ekki við. Ef kona segir manni upp með þessum frasa, þá fer hún með fleypur. Hér eru færri fiskar í sjónum, ef við höldum okkur við merkingu þessa orðatiltækis. En ef við erum bókstafleg þá eru mun fleiri fiskar í sjónum í kringum okkur heldur en menn á landi.

**EN** þetta þarf ekki að vera svo slæmt. Fámenni landsins gerir það að verkum að hér getur einn maður breytt ótrúlega miklu. Hér er svo margt sem ekki hefur verið gert og oft þarf ekki nema einn mann til að framkvæma það. Best er þó að þessi maður viti hvað hann er að gera.

**ÞVÍ** fátt er verra hér í þessu fámenna landi en þegar einhver tekur sig til og gerir eitthvað lélegt. Það getur haft slík áhrif á samfélagið að það nær ekki að rétta úr kútnum í áraraðir. Við erum svo lítil að aðeins einum manni nægir að fá eina slæma hugmynd og þá er hægt að hleypa öllu í bál og brand.

**ÞESS** Vegna er ábyrgðin mun þyngri á hverjum og einum Íslendingi. Það er allt í lagi að vera lélegur í útlöndum, því þar búa svo margir og þeir góðu vega þá lélegu upp. En hér á Íslandi er slíkt ekki í boði. Hér verða allir að vera á réttri hillu í lífinu, því annars virkar þetta fámenna samfélag ekki sem skyldi.

**ÞESS** Vegna verðum við öll að sameinast um að umfaðma snillinga þessa lands og taka aulum með fálæti. Við verðum að hætta að ofmeta meðaljóninn og vanmeta snillinginn. Með því bjóðum við hættunni heim. Samfélagið þolir ekki slíkt til lengdar.

**ÞETTA** byrjar allt á þér, kæri Íslendingur. Ábyrgðin er á þínum herðum. Eða er þetta kannski of mikið á þig lagt? Þú vilt kannski frekar snúa tánum upp í loft og flytjast til Danmerkur?


MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


